

**PÓRRIR RÚNARSSON**  
**Stækkar stærsta Hummer-jeppann**  
Bílar Ferðir Tíska  
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**MAGNI ÁSGEIRSSON**  
**Kominn áfram í Rockstar**  
Unnustan og mamman stoltar af stráknum  
FÓLK 58



**Á FERÐ OG FLUGI**  
með ferðatösku frá FAXE

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. júlí 2006 – 181. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Hugarfarið skiptir öllu máli

Róbert Traustason, Arnaldur Birgir Konráðsson og Evert Víglundsson hlaupa tvö og hálf maraþon fyrir Blátt áfram.  
**TÍMAMÓT 26**

## Fyrsti þjóðfræðingurinn

150 ára fæðingaráfmælis Jónasar Jónssonar frá Hrafnagili er nú minnst. Rit hans Íslenskir þjóðhættir er talið til öndvegisrita þjóðarinnar.  
**FRÆÐI 34**


## Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari og plötusnúður

Rauði þráðurinn í réttindabaráttu samkynhneigðra er baráttan fyrir kærleikanum og tilfinningalegu frelsi. Nú er uppskorið eins og sáð var og eðli málsins samkvæmt verður að halda parti.  
**VIÐTAL 38**

## Stjörnur fæðast í Eyjum

Margir kunnir kappar hafa unnið til verðlauna á yngri árum á Shellmótinu í Vestmannaeyjum. Sumir þeirra ákváðu þó að velja aðra grein í íþróttum en fótboltann.  
**ÍÞRÓTTIR 52**

## VEÐRIÐ Í DAG



**BJARTVIÐRI SYÐRA** Í dag verður yfirleitt hæg norðlægt átt, síst þó norðvestan til. Bjartviðri syðra, rigning eða skúrir norðvestan til en úrkomultíð á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 5-15 stig, hlýjast til landsins syðra. **VEÐUR 4**



**SUMARGLEÐI Í MIÐBÆNUM** Þessi drungalegi útsendari Hins hússins veitti sól og sumaryl inn í hjórtu miðbæjargesta í gærðag þegar haldið var síðasta Föstudagsflipp Skapandi sumarstarfs. Gestum veitingahússins Café París líkaði vel að vera boðið óvenjulegt bakkelsi með kaffinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR**

# Segir norsk yfirvöld hygla sjóræningjum

Einar K. Guðfinnsson setti í símtali alvarlega út á aðstoð norskra yfirvalda við sjóræningjaskip. Hann hefur skrifað formlegt bréf til að áréttu óánægju sína og til að krefjast skýringa. „Gjörmsamlega ólíðandi vinnubrögð,“ segir Einar.

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hringdi til Helgu Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, síðastliðinn mánudag og lýsti megnri óánægju sinni með að sjóræningjaskipið Juanita hefði fengið leyfi til að koma til hafnar í Noregi til að láta skera úr skrúfu skipsins. Einar hefur í framhaldinu skrifað norska sjávarútvegsráðuneytinu bréf til að áréttu óánægju sína með vinnubrögð norskra yfirvalda og til að krefjast skýringa. „Ég var mjög óánægður með þetta og hringdi umsvifalaust til norska sjávarútvegsráðherrans, ekki síst vegna þess að Norðmenn

létu ekki svo lítið að láta okkur vita af ferðum skipsins og við máttum lúta því að fréttu af því í fjölmiðlum. Þetta er gjörmsamlega ólíðandi,“ segir Einar. Þegar Juanita, sem er á svörtum lista NA-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, fékk veiðarfærin í skrúfunu var skipið að ólöglegum úthafskarfaveiðum rétt utan íslensku lögsögumarkanna á Reykjaneshrygg. Þegar til hafnar var komið í Noregi fékk skipið greiða og góða þjónustu. „Ég hafði nýlega setið fund með sjávarútvegsráðherrum NEAFC þar sem þessi mál voru sérstaklega til umræðu. Þar voru allir sam-

mála um að sameiginlegt átak þyrfti að koma til og þess vegna var ég þeim mun meira undrandi á linku og sleifarlagi norskra yfirvalda.“ Háttalag Norðmanna segir Einar enn kostulegra í ljósi þess að nýlega lýsti hann yfir stuðningi við þeirra eigið átak gegn sjóræningjaveiðum og finnst þetta því kaldar kveðjur frá Norðmönnum. Þar var um að ræða sjóræningjaskipið Joana sem var staðið að ólöglegum veiðum norður af Noregi og var fært til hafnar af norsku strandgæslunni. Móttakandi bréfs Einars var Helga Pedersen. **- shá**

## Fólkskuleg árás í Noregi: Skotið á blaðamann í Ósló

**NOREGUR, AP** Fjórum byssuskotum var skotið að norskrum blaðakonu og ungum syni hennar á heimili þeirra í Ósló á fimmtudagskvöld. Mæðginin sluppu ómeidd. Nina Johnsrud skrifar um glæpi og dómsmál fyrir Dagsavisen í Noregi, og telur hún og ritstjórn blaðsins að árásin hafi verið viðvörðun og að ekki hafi ætluin verið að drepa neinn. Þó veit hún ekki hverju viðvörðunin tengist, því hún skrifar um svo marga glæpi. „Ég hef ekki fengið neina advörðun, en þetta hlýtur að hafa verið einhver sem vildi hræða mig frá því að skrifa um eitthvað,“ sagði Johnsrud. Enginn liggur undir grunni tengslum við málið en lögreglan rannsakar nú málið. **- smk**



Í EIGU AVION Excel Airways er sakað um bókhaldssvik sem nema milljarði króna.

## Dótturfélag Avion í Bretlandi: Ásakanir um blekkingar

**VIÐSKIPTI** Dótturfyrirtæki Avion í Bretlandi, Excel Airways, er sakað um að hafa hagrætt bókhaldi sínu á síðasta ári þannig að milliuppgjör sýndi milljarði króna betri stöðu en raun var á. Milliuppgjör var lagt til grundvallar í hlutfjárútbóði Avion undir lok síðasta árs. Ársuppgjör dótturfyrirtækisins hefur nú verið leiðrétt. Málið snýst um viðskipti milli Excel flugfélagsins og þjónustufyrirtækisins Alpha Airports. Málið varð opinbert þegar endurskoendur Alpha neituðu að skrifa upp á reikninga félagsins vegna færslna, sem þóttu ekki í samræmi við góða viðskiptahætti hjá skráðu hlutfélagi. **■**

**REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. AGÚST**

3 km  
10 km  
21 km  
42 km

## Bandarískur fjárfestir safnar bréfum í íslenska netleikjaframleiðandanum CCP: Verðmæti CCP þrefaldast

**VIÐSKIPTI** Bandaríska fjárfestingafélagið General Catalyst Partners hefur fyrir milligöngu KB banka verið að hringja í hluthafa í CCP og boðið í bréf þeirra. CCP á og rekur fjölspilunartölvuleikinn Eve Online. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og hefur gefið út einn tölvuleik, Eve Online. Hann kom út árið 2003 og hafa vinsældir hans aukist á hverju ári síðan. Í leiknum, sem gerist í geimnum, spila þúsundir manns saman í stórum sýndarheimi þar sem viðskipti og valdabaráttu ráða ríkjum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins býður félagið 600 krónur fyrir hlutinn en gengi CCP stóð í 200-220 krónum á hlut um síðustu áramót. Hafa hlutabréf í félaginu



**HILMAR V. PÉTURSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI CCP** Bandarískur fjárfestir hringir í hluthafa og óskar eftir bréfum. um það bil þrefaldast frá byrjun árs. Markaðsverðmæti CCP, sem er óskráð félag, er því um 4,8 milljarðar króna. Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, staðfestir áhuga bandaríska félagsins en

vildi ekki tjá sig frekar um málið. CCP hefur vegnað vel á árinu vegna aukinna tekna og lækkunar á gengi krónunnar en tekjur eru að langmestum hluta í erlendri mynt. Fyrirtækið hagnaðist um 110 milljónir króna fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi og velti 380 milljónum króna á sama tíma. Áskrifendur að Eve Online eru orðnir 132 þúsund talsins en voru eitt hundruð þúsund í byrjun febrúar. Hver þeirra borgar rúmar þúsund krónur á mánuði, en milli fimm og tuttugu þúsund spila leikinn á hverri stundu. Stærsti hluthafinn í CCP er fjárfestingafélagið Novator, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, með 38 prósentu hlut en félagið keypti bréfin í mars. **- eþa**

**TÍVOLÍ** við Smáralind

15-80% Afsláttur

**ÚTSALA** í fullum gangi





## SPURNING DAGSINS

Ólafur, er barnalegt að leyfa 17 ára börnum að keyra bíl?

„Já, það er það lögum samkvæmt og ekki við hæfi þegar lítið er á tölurnar í umferðinni. Hins vegar er í lagi fyrir fullorðna að vera barnalegir.“

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaðurinn á Selfossi, telur að hækka eigi bílprófsaldur hér á landi upp í átján ár því sautján ára einstaklingar séu skilgreindir sem börn samkvæmt lögum. Hann telur jafnframt að þetta komi til með að fækka slysum.

Hlutabréf síga niður á við:

## Vísitalan við lægsta gildi

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan endaði nú í vikunni í 5.342 stigum sem er aðeins fimm stigum frá því hún fór í lægsta gildi á árinu í byrjun maí, og um 3,5 prósentu lækkun frá áramótum.

Vísitalan lækkaði um rúmt prósent í gær í litlum viðskiptum og lækkaði gengi allra stóru félagna í Kauphöllinni. Mest lækkuðu bréf í Actavis og Straumi eða um 1,7 prósent.

- epa



**HORFTYFIR LANDAMÆRI** Suður-Kóreu-menn röðuðu sér upp við sjónauka til að horfa yfir til náganna síns, Norður-Kóreu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldflugaskot Norður-Kóreu:

## Japanar leggja fram ný drög

**ALPJÓÐAMÁL** Japanar lögðu í gær fram ný drög að ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna varðandi eldflugaskot Norður-Kóreu. Þrátt fyrir viðvaranir Rússlands og Kína er enn hótad í drögnum að beita refsiaðgerðum gegn Norður-Kóreu haldi þeir eldflugagæfingum sínum áfram.

Væntanlega verður kosid um ályktunina í dag, en henni er ætlað að koma í veg fyrir að Norður-Kóreu-menn geti útvegað sér efni sem þeir þurfa í fleiri eldflugar.

Ráðamenn Suður-Kóreu tilkynntu jafnframt í gær að þeir myndu stöðva matar- og áburðarsendingar til Norður-Kóreu í bili.

- smk

Fréttaritstjóri Fréttablaðsins:

## Ráðinn ritstjóri Blaðsins

**FJÖLMIDLAR** Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins, hefur verið ráðinn ritstjóri Blaðsins. Fyrstu lagfæringar verða á blaðinu í næstu viku og svo miklar breytingar síðar.

„Blaðið verður ekki í samkeppni um fréttir við Morgunblaðið og Fréttablaðið. Blaðið mun færa sig frá þeim í efnisöflun og áherslum og verða alþýðlegt fréttar-, neytenda- og upplýsingablað,“ segir Sigurjón.

Fréttablaðið þakkar Sigurjóni vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. ■



SIGURJÓN M. EGILSSON.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins:

## IGS sektað um 60 milljónir

**VIÐSKIPTI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá því í marslok þar sem Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli (IGS) var sektað fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína.

Áfrýjunarnefndin lækkaði þó sekt fyrirtækisins um fjórðung, úr 80 milljónum króna í 60 milljónir.

Með úrskurði sínum staðfesti áfrýjunarnefndin að Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli (IGS) hefði brotið gegn 11. grein samkeppnislaga, um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins

var fyrirtækið sakað um að hafa hafa brotið gegn samkeppnislögum um þegar það gerði tíu einka-kaupasamninga við flugfélög sem lenda á Keflavíkurflugvelli og með því að gera þýska flugfélaginu LTU samkeppnishamlandi tilbod.

IGS er eitt dótturfélaga Icelandair Group og sér um þjónustu við flugvélur sem lenda í Keflavík, svo sem um lestun vélanna og meðhöndlun matvæla.

Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er að finna á heimasíðu eftirlitsins, www.samkeppni.is.

- óká



**STARFSMENN IGS HLAÐA VÉL ICELANDAIR IGS, eða Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli, þjónustar vélur sem um völlinn fara.**

## Hækkar vexti fyrir trúverðugleikann

Yfirlýsing Seðlabankans um endurskoðun stýrivaxta bendir til þess að stýrivextir hækki enn frekar um miðjan næsta mánuð. Ef ekki þá kemur það niður á trúverðugleika bankans. Þetta er mat hagfræðings Samtaka atvinnulífsins.

**EFNAHAGSMÁL** Yfirlýsing Seðlabankans á fimmtudaginn bendir til þess að stýrivextir bankans muni hækka enn frekar um miðjan næsta mánuð. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, telur að það komi niður á trúverðugleika bankans verði það ekki gert.

Aðilar vinnuamarkaðarins telja stýrivaxtahækkun Seðlabankans of mikla. Bjarni Már tekur undir þessa gagnrýni og segir að hækkunin hafi ekki full áhrif fyrir en eftir eitt til eitt og hálf ár. „Um leið og hægir á á næsta ári og atvinnuleysi eykst þá koma full stýrivaxtaáhrif inn í efnahagslíf-ið. Það getur gert þessa aðlögun að efnahagslífinu erfiðari en ella,“ segir hann.

Bjarni rifjar upp að Seðlabankinn hafi verið einn í glímuni við verðbólguvanda sem hann í raun geti í ekki gert mikið við. Það sé fyrst nýlega sem ríkisstjórnin hafi gripið til aðgerða. Bjarni telur að eftirspurn eftir vöru og þjónustu dragist saman á næsta ári, atvinnuleysi aukist, sala á vörum fyrirtækja minnki um leið og fjármagns-kostnaður verði í hámarki.

„Þetta þýðir að fyrirtæki og heimili geta þurft að hægja á sínum rekstri og herða ólarnar fastar en ella. Framleiðsla og sala á vörum og þjónustu kann að



**ÞRÍEYKIÐ ÚR SEÐLABANKANUM** Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í gær. Á myndinni sjást Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson seðlabankastjórar og Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, á fundinum í gær þegar hækkunin var tilkynnt.

dragast saman hraðar og meira og atvinna kann að dragast saman meira en ella.“

Bjarni Már telur tímasetninguna óheppilega hjá Seðlabankanum. Hækkunin sé of mikil og komi of seint. Hann segir jafnframt að Seðlabankinn glími við þann vanda að peningamálastefnan hafi ekki notið nægilegs trúverðugleika. Menn virðist ekki hafa trú á að Seðlabankinn nái markmiði sínu.

„Seðlabankinn hækkar stýrivexti svona hart til að reyna að endurheimta trúverðugleikann. Hann er nánast búinn að lýsa því

yfir að hann ætli að hækka vexti enn frekar og reynir þannig að skapa þá trú manna að honum muni takast þetta ætlunarverk sitt. Hann reynir að láta heimili, fyrirtæki og banka taka mið af þessari ákvörðun í dag að vextirnir verði enn hærri til að fá fólk til að hægja á neyslunni. En ef Seðlabankinn gerir ekki það sem hann segist ætla að gera þá fyrst er hann í vandræðum. Hann verður að standa við yfirlýsingar sínar til að viðhalda þó þeim trúverðugleika sem hann hefur.“

ghs@frettabladid.is

Bandaríska lögreglan kom í veg fyrir áform nokkurra herskára íslamista:

## Lögðu á ráðin um árásir á samgönguæðar í New York

**WASHINGTON, AP** Lögreglunni í New York tókst að koma í veg fyrir áform nokkurra herskára íslamista um sprengjuárásir á samgöngukerfi borgarinnar. Utan Bandaríkjanna hafa nokkrir menn verið handteknir í tengslum við málið, þar á meðal einn í Líbanon.

Að sögn dagblaðsins Daily News ætluðu mennirnir meðal annars að sprengja upp Hollandumferðargöngin, sem liggja á milli Manhattan og New Jersey, í þeirri von að flóð yrði í fjármála-hverfinu í New Jersey með skelfilegum afleiðingum.

Starfsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, komust á snöðir um þessi áform í samstarfi við lögreglu og leyniþjónustu í Líbanon og fleiri löndum, með því að



**HOLLAND GÖNGIN Í NEW YORK** Bandarískt dagblað fullyrfti í gær að mennirnir hefðu meðal annars ætlað að sprengja upp þessi göng milli Manhattan og New Jersey.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fylgjast grannt með spjallrásum á Netinu.

Fyrir mánuði var handtekinn í Beirút í Líbanon líbanskur maður, sem gengur undir nöfnunum Amir Andaloussi eða Assem Hammoud,

sem er sagður hafa játað aðild að áformunum og í yfirlýsingu frá FBI og bandaríska heimavarnar-áðuneytingu segir að handtaka hans hafi átt stóran þátt í því að upp komst um þessi áform.

- gb

Efnahagsbrotadeild:

## Framlenging á gæsluvarðhaldi

**TRYGGINGASTOFNUN** Tveir einstaklingar, sem hafa setið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á fjár- og bótasvikamálinu í Tryggingastofnun ríkisins, hafa verið úrskurdaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald fram á miðviku-dag. Þetta var gert að kröfu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans.

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir að rannsóknarnauðsyn hafi kallað á það að fólkinu væri haldið í einangrun meðan rannsókn sé haldið áfram. Með þessari framlengingu fáist fimm dagar í viðbót í rannsóknarvinnuna.

- ghs



**UPPGRÖFTUR Í EYJUM** Glitta sést í húshorn-ið á húsi númer 16 og rauða bárujárn-ið sem klæðir þakið.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN

Pompei norðursins:

## Tvö hús grafin upp á Heimaey

**FORNLEIFAR** Komið var niður á hornið á húsi númer 16 við Suðurgötu í Vestmannaeyjabæ í gær. Þetta er annað húsið sem verður grafið upp í verkefningu Pompei norðursins, en fjölmörg heimili fóru undir hraun í eldgosinu í Heimaey árið 1973.

Verkefnið hefur vakið athygli ferðamanna og áhugavert þykir að skoða minjarnar þótt þær séu aðeins 33 ára gamlar.

-sgj

Forsætisráðherra Póllands:

## Hefur sagt af sér embættinu

**VARSIÁ, AP** Kazimierz Marcinkiewicz, forsætisráðherra Póllands, sagði í gær af sér. Næsti forsætisráðherra verður Jaroslaw Kaczynski, leiðtogi Laga- og réttlætisflokk-sins, sem fer með stjórnarmeiri-hlutann á þingi.

Hvorki var skýrt frá því hvenær ráð-herraskiptin verða né ástæðu uppsagnarinnar.

Verðandi forsætisráðherra er tvíburabróðir forseta Póllands, Lech Kaczynski.

- gb

Karlmaður dæmdur í héraði:

## Tók leigubílstjóra hálstaki

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, og greiðslu rúmlega 120 þúsund króna fyrir árás á leigubílstjóra í apríl í fyrra.

Maðurinn var farþegi í leigubílnum ásamt félögum sínum og munu þeir félagar hafa verið að gantast í aftursæti bílsins. Þegar bíllinn stöðvaðist á rauðu ljósi tók maðurinn leigubílstjórann hálstaki aftan frá, að sögn í leik. Leigubílstjórinn brást ókvæða við og vísaði mönnum úr bílnum. Það líkaði mannum ekki og sparkaði í bílstjórnann og sló hann við útgönguna. Hann hefur hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot.

-sh

**LÖGGLUFRETTIR**

**Missti stjórna á bíl** Lögreglan á Siglu-firði fann bíl í Hólsá í fyrriótt. Bíllinn maraði hálfur í kafi þegar lögreglumenn bar að. Haft var upp á eigandanum og tekin af honum skýrsla. Honum var síðan sleppt. Maðurinn er grunaður um að hafa verið ölvæður undir stýri.



# HEILGARSÞRENGJA!



VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

**6.990,-**

## „PRAG“ KOMMÓÐUR

Falleg kommóða sem henta í stofuna, svefnherbergið og forstofuna. Litir hlýnur og beyki. 5 skúffur: St. H: 110 x B: 75 x D: 40 sm. 6 skúffur: St. H: 70 x B: 148 x D: 40 sm.

**30%  
AFSLÁTTUR**

STÆRD: 95x140 SM.  
VERÐ ÁÐUR: 24.900,-

**14.900,-**

STÆRD: 95 x 200 SM.  
VERÐ ÁÐUR: 29.900,-

**19.900,-**

## „LOTTE“ BORD

Glæsilegt borðstofuborð á frábæru verði. Fæst í antikbæsuðu og lútuðu. ATH. stólar á mynd ekki með í tilboðinu.

**SPARIÐ ALLT AÐ  
10.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 5.990,-

**3.990,-**



VERÐ ÁÐUR: 7.990,-

**4.990,-**

**40%  
AFSLÁTTUR**



VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

**7.990,-**

**20%  
AFSLÁTTUR**

## „KRISTINA“ TÖLVUBORÐ

Tölvuborð með 5 hillum og 1 skúffu á málbrautum og hillu fyrir 20 geisladiska. Framleitt í fallegu beykilituðu melamín. St. 141x141x60 sm.

**35%  
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 2.990,-

**1.990,-**

## „ANETA“ BÓKAHILLA

Falleg bókahilla í beykilit. St. H: 175 x B: 60 x D: 24 sm.



VERÐ ÁÐUR: 19.900,-

**9.990,-**

**50%  
AFSLÁTTUR**

ALLTAF ÓDÝRT Í  
RÚMFATA-  
LAGERNUM  
AÐEINS ÓDÝRARI



VERÐ ÁÐUR: 49.900,-

**39.900,-**

**SPARIÐ  
10.000,-**

## „CALVIN“ HÆGINDASTÓLL

Sérlega þægilegur og fallegur hægindastóll með innbyggðum, hækkanlegum fótskemli. Stóllinn er úr þykku og góðu leðri. Gerðu þennan að þínum!

-góð kaup

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 7.7.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	75,54	75,9
Sterlingspund	139,06	139,74
Evra	96,47	97,01
Dönsk króna	12,931	13,007
Norsk króna	12,128	12,2
Sænsk króna	10,533	10,595
Japanskt jen	0,6578	0,6616

SDR 111,91 112,57

Gengisvísitala krónunnar  
133,1667

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðræður BHM og Svæðisskrifstofa dragast á langinn og félagsmenn mótmæla:

## Proskapjálfar fremja gjörning

**VINNUMARKADUR** Samningafundur BHM og Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi var óvenjulangur í fyrradag, stóð í þrjá tíma, og þokadist í samkomulagsátt. Félagsmenn BHM eru ósáttir við töfina.

Þóroddur Þórarinnsson, sem er í samninganefnd BHM, segir að unnið sé að útfærslu á hugmyndum sem hafi komið fram á samningafundi á miðvikudag en ekki verið kynntar félagsmönnum. Ekki sé því hægt að greina frá þeim. Hann telur að viku þurfi í viðbót til að ná samkomulagi.

Félagsmenn BHM stóðu fyrir hljóðgjörningi fyrir utan félags-

málaráðuneytið þegar nýr samningafundur hófst í Hafnarhúsinu klukkan eitt í gær. Félagsmenn spiluðu á ýmis hljóðfæri með misjöfnum árangri og báru skilti sem á stóð „Proskapjálfar eru líka fyrirvinnur“. Einnig sungu þau lagið „Traustur vinur“, sem Upplyfting, hljómsveit Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra, gerði frægt á sínum tíma.

„Ákveðið var að samningur yrði tilbúinn 1. maí, en þolinmæði okkar er á þrotum,“ segir Guðný Jónsdóttir proskapjálfi. „Við höfum mótmælt fyrir utan þrjá samningafundi og höldum að málið sé kannski frosið í félags-



**PROSKAPJÁLFAFAR MEÐ LÆTI** Mótmælendur báru meðal annars spjöld með slagorðinu „Eru laun proskapjálfa hugsuð sem vasapeningar?“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

málaráðuneytinu. Við viljum að það verði samið strax.“ - ghs/sgj

Maður dæmdur fyrir norðan:

## Preif í konu og fleygði í vegg

**DÓMSMÁL** Maður var í fyrradag dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir eignaspjöll, að aka án ökuleyfis og fyrir líkamsárás á fyrrverandi sambýliskonu sína á Akureyri.

Maðurinn skemmdi bifreið konunnar við leikskóla í bænum og ruddist inn til hennar sama dag og hafði á brott þaðan muni. Maðurinn var einnig dæmdur fyrir að hafa þrifið í fyrrverandi konu sína og fleygt henni í vegg svo hún meiddist.

Maðurinn játaði tveimur hlutum ákærunnar en var dæmdur fyrir þrjá og hlaut fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. - æpe

Lausafjár- og þjónustukaup:

## Kærunefnd hjá Neytendastofu

**NEYTENDAMÁL** Viðskiptaráðherra hefur skipað kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem verður vistuð hjá Neytendastofu sem tekur við kvörtunum til nefndarinnar.

Greini aðila að þjónustukaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitserð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti. - sdg

Ný framkvæmdastýra:

## Sjöfn til starfa hjá UNIFEM

**UNIFEM** Sjöfn Vilhelmsdóttir hefur tekið við starfi framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi.

Hún hefur meðal annars starfað sem sérfræðingur á aðal- og skrifstofu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, verkefnisstjóri stofnunarinnar í Namibíu og sem ráðgjafi, til dæmis fyrir Barnahjálpi Saminuðu þjóðanna og Barnaheilli.

Sjöfn nam stjórn málafræði í Háskóla Íslands og er með meistara- og doktorsgráðu frá Denverháskóla. Hún tekur við formennsku af Birnu Þórarinsdóttur. -sgj



**SJÖFN VILHELMSDÓTTIR**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ók út í á og brotnaði** Karlmaður um fertugt fótbrotnaði illa þegar hann ók mótorhjól sínu út í á í Nýjadal á Sprengisandi á fimmta tímanum í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn og flutti hann á Landspítalann í Fossvogi til aðhlýnningar.



## Aldrei fundist jafn mikið amfetamín

Tollverðir á Seyðisfirði lögðu hald á tólf kíló af amfetamíni sem falið var í bíl tveggja Litháa. Þetta er langmesta magn amfetamíns sem fundist hefur í Norrænu. Lögreglan gefur ekkert upp um mögulega íslenska vitorðsmenn.

**FÍKNIEFNI** Tólf kíló af amfetamíni fundust í bíl sem var um borð í Norrænu þegar hún kom til Seyðisfjarðar í fyrrkvöld. Efnin fundust við leit tollvarða, en bíllinn er í eigu tveggja Litháa sem eru nú í haldi lögreglu. Ekki hafa fleiri verið handteknir vegna málsins sem er í rannsókn hjá lögreglu á Seyðisfirði.

Þetta er mesta magn amfetamíns sem nokkurn tímann hefur verið tekið í Norrænu á hér á landi og með því mesta sem fundist hefur yfir höfuð á Íslandi. Styrkleiki efnisins sem fannst hefur ekki verið gefinn upp, en ljóst er að verðmæti þess skiptir tugum milljóna króna.

Óskar Bjartmars, yfirlögregluþjónn við embætti sýslumannsins á Seyðisfirði, segir efnin hafa fundist við reglubundið tolfrit. Hann vill ekki staðfesta að ábending erlendis frá hafi orðið til þess að efnin fundust, og vill ekki tjá sig um hvort grunur leiki á að fleiri tengist málinu.

Mennirnir handteknur voru dæmdir í fjögurra vikna gæsluvarðhald í gær. Auk lögreglu og tollvarða heimamanna komu menn frá ríkislögreglustjóra, lögreglunni á Keflavíkflugvelli og tollgæslunni í Reykjavík til aðstoðar, en þeir voru staddir eystra vegna skipakomunnar.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Litháar eru gómaðir við smygl á amfetamíni til landsins, en í febrúar var Lithái handteknur í Leifstöð með sex flöskum af amfetamínabasa og brennisteinsýru. Auk þess staðfesti Hæstiréttur á dögunum þriggja ára fangelsisdóm yfir karlmanni á sextugsaldri frá Litháen sem hafði smyglað tæpum fjórum kílóum af amfetamíni ásamt félagi sínum með Norrænu seinasta sumar.

Umsvif Litháa í fíkniefnaheiminum á Norðurlöndunum hafa aukist að undanförunum en Litháen, Eistland, Lettland og Pólland eru þekkt sem framleiðslustaðir amfetamíns. Í mars síðastliðnum voru tólf manns handteknir í Gautaborg í aðgerð sem átti að uppræta litháiskan fíkniefnahring þar í landi.

Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglunnar í Reykjavík, segir að menn séu mjög vakandi fyrir öllum vísendingum um hvað sé að gerast á þessum

markaði hér á landi, hvort sem um er að ræða lögreglu, tollgæsluna eða aðra sem með þessi mál fara. salvar@frettabladid.is



Óánægja hjá Læknafélaginu:

## Sjúklingum stefnt í hættu

**DEILA** Læknafélag Íslands fordæmir aðferð spítalans við uppsögn Stefáns E. Matthíassonar, þegar honum var gert að víkja samfundis af vinnustað sínum, því það hafi ekki verið gert með hagsmuni sjúklinga hans að leiðarljósi. Sjúklingar hafi verið skildir eftir í lausu lofti því tíma taki að koma nýjum manni inn í málin.

Í yfirlýsingu frá Læknafélagi Íslands er skorað á Landspítalann að rétta hlut Stefáns og Tómasar Zoëga og ráða þá aftur. Stjórnarnefnd spítalans er jafnframt sökuð um að hafa verið tilmæli félagsins um sættir að vettugi. - æpe



**VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGANS Í GÆR** Markmið tvísköttunarsamninga er að koma í veg fyrir tvísköttun og undanskot.

Grikkland og Ísland:

## Sátt um afnám tvísköttunar

**UNDIRSKRIFT** Skrifað var undir samning um afnám tvísköttunar milli Íslands og Grikklands í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Theodore Kassimis, aðstoðarutanríkisráðherra Grikklands, skrifuðu undir samninginn í viðurvist Ólafs Ragnars Grimssonar forseta og Karolos Papoulias, forseta Grikklands.

Markmið tvísköttunarsamninga er að koma í veg fyrir tvísköttun og undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Með tvísköttun er átt við álagningu sambærilegra skatta í tveimur ríkjum, á sama skattstofn og á sama tímabili. - sfs

**Grillkjötið frá Goða er heitast á grillið í sumar!**

**GODI**

Nú er úti NORDAN-VINDUR. Nú þegar vindur hefur snúist til norðlægrar áttar þá fellur hitastigið sem um munar. Syðst á landinu verður þó nokkuð hlýtt og sólríkt en annars staðar nær hitinn varla tveggja stafa tölu. Það verður vætusamt á Vestfirðum og á Norðvesturlandi í dag en ætli að verða úrkomulítið á morgun. Nú er hitabylgja í Evrópu og þar kæla menn sig í gosbrunnnum til að lifa hitann af. Ekki amalegt það!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**  
Hæg norðlægt átt. Bjart með köflum. Hiti 9-12 stígi.

**VEÐURSPÁ**

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**um hádegi »**

**» á morgun**

**» mánudagur**

Hæg, breytilegt átt.

Kaupmannahöfn	23°C	heiðskirt	London	21°C	hálfskýjað	Alicante	30°C	heiðskirt
Billund	23°C	skúrir	Paris	23°C	hálfskýjað	Mallorca	25°C	heiðskirt
Oslo	22°C	skúrir	Frankfurt	26°C	skúrir	Algarve	29°C	léttskýjað
Stokkhólmur	28°C	rigning	Friedrichshafen	23°C	skúrir	Krit	27°C	heiðskirt
Gautaborg	19°C	hálfskýjað	Berlin	27°C	skúrir	Las Palmas	27°C	heiðskirt

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Stórleikur Pepsi & BT

JONSSON & LEIFVIGSSON

# SKORADIR ÞÚ MEÐ PEPSI?

BT

GREIFINN

alþingi

BÓNUSVÍÐÉO

PIZZA HUT

KEILUHOLLIN

## ÁTTU MÖGULEIKA Á AÐ VINNA ÞANN STÓRA?

KOMIÐ Í B&L OG NJÓTIÐ DAGSINS MEÐ PYLSU OG PEPSI.  
EINN HEPPINN ÞÁTTTAKANDI Í STÓRLEIK PEPSI OG BT  
VINNUR ÁRS AFNOT AF HYUNDAI SANTA FE!



GRILLVAGNINN VERÐUR Í B&L Í DAG MILLI KL. 13 OG 15.





## KJÖRKASSINN

Ætlar þú að fylgjast með úrslita-leik HM?

Já	63%
Nei	37%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Hver sigrar HM í knattspyrnu?

Segðu skoðun þína á Vísis



Sjö pólværjar þurftu að borga 250 þúsund krónur á mánuði í leigu á lítilli íbúð:

# Leigusali segir leiguna lága

**RETTINDI** Sjö pólskir starfsmenn Atlantsskipa þurftu að greiða samtals 245 þúsund krónur í leigu fyrir 80 fermetra íbúð sem þeir bjuggu í saman. Þetta kom fram í fréttatíma NFS á fimmtudag, Mennirnir greiddu 35 þúsund krónur hver í mánaðarleigu og leita nú réttar síns eftir að leigusali þeirra lét bera eiga þeirra út á meðan þeir voru við vinnu, að þeirra sögn vegna þess að þeir neituðu að greiða aukalega 35 þúsund krónur hver einn mánuðinn í tryggingu fyrir eignaskemmdum, þótt þeir segðu ekkert í íbúðinni nema lítið sjónvarpstæki. Mennirnir áttu erfitt með að leita sér

aðstoðar vegna tungumála-öröugleika en í vinnu sinni hjá Atlantsskipum kynntust þeir tollverðinum pólskumælandi, Friðjóni Steinarrssyni, og sögðu honum frá aðstæðunum. Friðjóni blöskraði saga manna og hafði þegar samband við Alþýðusamband Íslands sem hefur málið nú til athugunar.

Stefán Kjærnested, leigusali manna, segir íbúðina rúma 100 fermetra og fullbúna og að mennirnir hafi einungis verið sex í íbúðinni. Mennirnir hafi ekki haft íbúðina á leigu heldur hafi tvö fyrirtæki leigt íbúðina og mennirnir væru þar á þeirra snærum. Fyrir-



**ATLANTSSKIP** Stefán Kjærnested leigusali er fyrrverandi framkvæmdastjóri Atlantsskipa, sem Pólverjarnir unnu hjá.

tækin hefðu svo sagt leigunni upp í lok júní og þess vegna hefðu eiga manna verið bornar út. Að hans mati er leiguupphæðin ekki há. „Menn borga 80 þúsund á mánuði fyrir svefnokapláss hjá Hjálpræðishernum. Þetta er ódýrara en á tjaldstæði.“ -sh

Stefán Eiríksson í embætti:

## Nýr lögreglustjóri skipaður

**STJÓRNÝSLA** Dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur skipað Stefán Eiríksson, skrifstofustjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytis, í embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins frá og með 15. júlí á þessu ári.

Stefán útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands árið 1996 og hóf þá störf í dómsmálaráðuneytinu. Árin 1999 til 2001 starfaði hann hjá sendiráðinu í Brussel á sviði dóms- og innanríkismála. Hann var skipaður í stöðu skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins árið 2002 og starfaði þar meðal annars innan framkvæmdanefndar um lögreglumál. -æpe



JÓN EGGERT GUÐMUNDSSON

## Strandganga Jóns Eggerts: Setti Íslandsmet í göngu

**ÍSLANDSMET** Jón Eggert Guðmundsson setti í gær Íslandsmet í göngu en þá hafði hann lagt að baki 1.417 km frá því í byrjun sumars. Jón gengur til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands. Jón setti metið rétt við Þingeyri í gær en eldra Íslandsmetið setti Reynir Pétur Ingvarsson þegar hann gekk hringveginn árið 1985.

„Það er ákveðinn áfangi að slá þetta tuttugu og eins árs gamla met. Maður sér núna hvað þetta var mikið afrek á sínum tíma,“ sagði Jón þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta hringt í 907 5050 en einnig er hægt að heita á Jón með því að hafa samband beint við Krabbameinsfélagið. -óhó



**SÁTT VIÐ MÁLALOK** Hjalti Sölvason, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu, Sigurborg Sigurðardóttir lyfjafraeðingur og Erlendur S. Þorsteinsson reiknifraeðingur.

Lyf og heilsa endurgreiddi:

## Fékk Vóstar-S og 755 krónur

**LYFJAVERÐ** Erlendur S. Þorsteinsson, sem keypti Voltaren Rapid í staðinn fyrir samheitalyfíð Vóstar-S, hefur nú fengið leiðréttingu sinna mála. Niðurstaðan var sú að skipta því sem eftir var af Voltaren Rapid-töflunum út fyrir Vóstar-S og endurgreiða 755 krónur.

Erlendur keypti Voltaren Rapid þar sem honum var ekki kynnt mun ódýrara samheitalyf, Vóstar-S, eins og lyfjafraeðingum er skylt að gera. Hann óskaði eftir endurgreiðslu vegna þessa. Starfsmenn Lyfja og heilsu tóku orð hans trúanleg og sögðu að mistök hefðu orðið. „Við skildum öll sátt,“ segir Erlendur. -ghs

### VIETNAM

**Naglar í maga** Kona ein í Víetnam fór til læknis á dögnum vegna þráláts magaverks. Eftir stutta skoðun var hún send með hraði í uppskurð. Skurðlækarnir náðu að fjarlægja úr konunni eitt hundrað og níján ryðgaða nagla, sjö til átta sentimetra langa. Konan hefur þurft á aðstoð geðlækna að halda í gegnum tíðina.

### LÖGREGLUFRÉTT

**Vöðvaslit** Kona sleit vöðva í Jökulsárgili um hádegi í gær, en hún hefur líklega misstigið sig við að stökka yfir læk. Björgunarsveit var send á vettvang og var konan flutt til Akureyrar til aðhlyningar.

# Velferðarkerfið á undir högg að sækja

Staða launþega í ljósi alþjóðavæðingar og nýrrar þjónustutillskipunar Evrópu-sambandsins var til umræðu á fundi í húsakynnum BSRB í gær. Jürgen Buxbaum var harðorður á fundinum og sagði launþega þurfa að vera vel á verði.

**EVROPA** „Velferðarkerfi Evrópu er ógnað af nýfrjálshyggjunni og alþjóðavæðingunni,“ segir Jürgen Buxbaum, framkvæmdastjóri Evrópu-eildar PSI, sem eru samtök um 20 milljón launþega í almannatjónustu. „Það er eitt helsta afrek launþegasamtaka á síðari árum að koma í veg fyrir að upprunalsreglan yrði sett í þjónustutillskipunina. Hins vegar óttumst við mjög að reynt verði að koma henni í gegn bakdyramegin og þurfum því að vera vel á verði í framtíðinni,“ segir Buxbaum, en samkvæmt upprunalsreglunni hefðu til dæmis fyrirtæki í Lettlandi getað sett upp þjónustu á Íslandi og farið eftir lettneskum lögum um starfsmenn, framleiðslu og umhverfismál.

Buxbaum kallar þetta „félagslegt undirboð“ sem hefði ógnað launafólki í þróaðri ríkjunum, „þróunin hefði ætíð orðið í átt að botninum; með þrýstingi á að lækka launin.“

Er ekki jákvætt að verkamenn geti farið milli landa að leita betri kjarar?

„Jú að vissu leyti, en neikvæð samfélagsleg áhrif eru einnig augljós. Tökum sem dæmi heilbrigðisgeirann, þegar lækni fer frá S-Afríku til starfa í Evrópu, keppir hann við lækna í Evrópu og lækkar, með tímanum, launakjör þeirra. Hann skilur einnig eftir sig skarð í S-Afríku, því þar vantar nú mann í stöðu hans og ríkið þar þarf að mennta lækni í nokkur ár og það er ekki ódýrt. Með þessu er verið að nota fátækari lönd til að búa til vinnuafli fyrir okkur. Fátæku löndin standa fátækari



**ÖGMUNDUR JÓNASSON, ALAN LEATHER OG JÜRGEN BUXBAUM.** „Launþegasamtök gegna lykilhlutverki í að viðhalda velferðarkerfinu,“ sagði Jürgen Buxbaum á opnum fundi BSRB.

eftir.“

En er nokkur leið að sporna við alþjóðavæðingu?

Áunin velferð Evrópu byggist að miklu leyti á áratugalöngu starfi launþegasamtaka innan Evrópu. Nú er svo komið að það dugar ekki að halda áfram að að verja einungis eigin hagsmuni, þ.e. innan Evrópu. til að tryggja áframhaldandi velferð í heiminum þarf að berjast á öllum vígstöðvum til þess að breyta þróuninni „að botninum“ í V-Evrópu og að toppinum í A-Evrópu.

Það er líffspursmál fyrir okkur sjálf að treysta starfsemi launþegasamtaka í A-Evrópu svo þau geti betur varist ágangi nýfrjálshyggjunnar. Öflug launþegasamtök, ásamt sterkum velferðarkerfi og lýðræðislegri stjórnun, eru skilyrði fyrir góðum samfélögum. Það er þetta sem þarf að herða á í Evrópu. Velferðarkerfið var eitt aðalatriði Evrópusambandsins hér á árum áður, nú snýst þetta meira

og minna um frjálsan markað og hámarkshagnað fjárfesta. Þessari þróun þarf að snúa við, fyrsta skrefið í þá átt er að launþegasamtök stuðli að ákveðnum almennum lágmarkslaunum í Evrópu, þar með yrði dregið úr misnotkun á erlendu starfsfólki.“

Eru vestur-evrópskir launþegar með þessu ekki bara að verja sig fyrir samkeppni?

„Mörg launþegasamtök í A-Evrópu halda einmitt þetta. Málið er að það er alls ekki starfsmönnum í A-Evrópu í hag að vinna fyrir sama sem ekki neitt, það er einungis skammtímalausn sem kemur samfélagi þeirra ekki heldur til góða, nær væri að treysta innviði samfélagsins beint, eins og gert hefur verið í V-Evrópu; félagslegt undirboð skaðar öll lönd. Að elta fjármagnið milli landa er víthringur fyrir launþega og skerðir þau samfélög sem að máli koma.“

klemens@frettabladid.is

Samninganefndir Íslands og Bandaríkjanna funduðu í gær í þriðja sinn:

## Varnir landsins voru ræddar

**VARNARMÁL** Þriðji fundur samninganefnda Íslands og Bandaríkjanna um varnarsamstarf ríkjanna fór fram í gær í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og lauk fundinum klukkan rúmlega sex.

Á fundinum var rætt um hvernig vörnum Íslands verði háttáð eftir brottför varnarliðsins og með hvaða hætti gengið verði frá samkomulagi um þær. Jafnframt fór í fyrsta skipti fram efnisleg umræða um einstök atriði sem lúta að yfirtöku Íslendinga á rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar og hvernig verði farið með mannvirki Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins á varnarsvæðinu.

Albert Jónsson, verðandi sendiherra Íslands í Washington, leiddi viðræðurnar fyrir hönd

Íslands og Thomas Hall, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, leiddi bandarísku viðræðunefndina. Albert vildi ekkert tjá sig um viðræðurnar umfram það sem kom fram í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur samninganefndanna fari fram í byrjun ágúst.

Ljóst er að varnarliðið þarf að ganga frá ýmsum lausum endum áður en það hverfur á brott. Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli krefjast vangoldinna launahækkana frá áramótum í samræmi við ákvörðun kaupskrárnefndar varnarsvæða og enn er ósamkomulag milli varnarliðsins og Hitaveitu Suðurnesja varðandi samning um kaup á heitu vatni en varnarliðið hefur verið langstærsti kaupandinn. -sdg



**Á FUNDINUM** Albert Jónsson, verðandi sendiherra í Washington, leiddi viðræðurnar fyrir hönd Íslands.



**PEPSI OG COCA-COLA** Samkeppnin er hörð, en þó ganga ráðamenn Pepsi ekki svo langt að kaupa stolin leyndarmál Coca-Cola. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gosdrykkjaframleiðendur:

## Pepsi kom upp um þjófana

**BANDARÍKIN, AP** Þó að Coca-Cola og Pepsi séu yfirleitt svarnir óvinir, brugðust ráðamenn Pepsi við á afar heiðarlegan hátt þegar þeim voru boðnar til kaups leyningar uppskriftir af Coca-Cola drykkjum í Bandaríkjunum fyrir sex vikum.

Þeir fóru beint til lögreglu og ljóstruðu upp um þjófana.

Prennt situr nú í fangelsi, ákært fyrir að stela leyndarmálum Coca-Cola.

„Samkeppnin getur verið hörð, en hún verður líka að vera sanngjörn,“ sagði Dave DeCecco, talsmaður Pepsi, í samtali við blaðamenn. -smk

Mál brennuvargs tekið fyrir:

## Varðhaldsúrskurður ógiltur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjaness yfir karlmanni sem setið hefur í gæsluvarðhaldi frá því 7. maí fyrir að hafa brotið ríðu á bíl föður síns og kastað inn logandi handklæði. Billinn brann mikið og einnig kviknaði í tveimur nærliggjandi bílum.

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að í úrskurði héraðsdóms frá 7. maí hafi verið tekið fram að tíminn frá 7. maí til 7. júní yrði hæfilegur til að leiða málið til lykta, sérstaklega þar sem maðurinn játuði brotið. Málið hefur dregist heldur betur á langinn en á þriðjudag var maðurinn úrskurðaður í framlengt varðhald í héraðsdómi, sem nú hefur verið fellt úr gildi. -sh

Sakaður um fjárdrátt og svik:

## Berlusconi fer fyrir dómstól

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, þarf að mæta fyrir rétt í nóvember vegna ásakana um að hann hafi stundað fjársvik, falsað bókhald, svikið undan skatti og tekið þátt í peningabætti í tengslum við viðskipti með sýningarrétt í sjónvarpi á árunum 1994 til 1999.

Dómstóll á Ítalíu komst að þessari niðurstöðu í gær, en viðskiptin tengjast fjölskyldufyrirtæki Berlusconi, Mediaset. Berlusconi harðneitar öllum þessum ásökunum. -gb



BERLUSCONI



# Grillum saman



Grillpinnar  
úr kjötborði

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Fiskigrillpinnar  
úr fiskborði

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Svínaríf, elduð úr kjötborði  
BBQ hunangslegin

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**

**Fóti  
FEL**



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar  
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



Svartir tómatar

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Eggaldin

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Zucchini

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Í hvaða á veiddi George Bush eldri lax síðustu daga?
- 2 Hvað heitir núverandi forseti Mexíkó sem var endurkjörinn í nánast hnífjafni kosningu á dögnum?
- 3 Hver hefur verið ráðinn nýr þjálfari karlalíðs Breiðabliks í fótbolta?



EFTR BRUNANN Á MÝRUM Á sögn ábúenda er sprettan orðin góð og grasið grænt og falllegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áhrif sinuelda á Mýrum:

## Allt orðið fínt og grænt á ný

**LANDBÚNAÐUR** Grassprettur hefur tekið vel við sér á Mýrum eftir stóru sinueldana á svæðinu fyrr á árinu. „Þetta er allt farið að spretta aftur,“ segir Unnsteinn Jóhannsson, bóndi í Laxárholti. „Þetta verða fallægustu mýrar á landinu, held ég.“

„Ég held að þetta hafi engin áhrif á búfénað. Kindurnar mínar fara bara á túnin að éta,“ segir Unnsteinn og er bjartsýnn á sprettuna. Mikil vætutíð undanfarið hefur þó truflað heyskapinn.

Jörð sviðnaði í eldunum og trjágróður eyddist nær allur. „Ég er að byrja í skógrækt og það var mjög þægilegt að gróðursetja trén, þar sem allur gróður hafði eyðst,“ bætir Unnsteinn við. -sgj

FL Group hefur verið sýknað af kröfum Sigurðar Helgasonar, fyrrverandi forstjóra:

## Ágóði af kauprétti ekki laun

**DÓMSMÁL** FL Group var í gær sýknað í Héraðsdómi Reykjavíkur af öllum þeim kröfum sem Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri félagsins, gerði á hendur félaginu.

Sigurður vildi að viðurkennt yrði með dómi að verðmæti kaupréttarsamninga þeirra átta hæst launuðu starfsmanna fyrirtækisins sem eftirlaun hans miðast við yrði tekið með í útreikning launa þeirra. Sigurður lét af störfum hjá félaginu, þá Flugleiðum, árið 1990 eftir 13 ára starf og hljóðaði eftirlaunasamningur hans þannig að hann fengi framvegis um 77 prósent af meðaltali launa átta hæst

launuðu starfsmanna fyrirtækisins, sem er sama hlutfall og hann hafði í laun árið 1990.

Nýlega hafa starfsmenn félagsins fengið kaupréttarsamninga á hlutabréfum félagsins til viðbótar við launagreiðslur sínar og snerist deilan um það hvort ágóði af þeim bréfum sem starfsmennirnir nýttu rétt sinn til að kaupa teldist til launa starfsmanna og ætti því að vera reiknaður inn í eftirlaunagreiðslur Sigurðar.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur komist að því að svo sé ekki, ágóðinn af kaupréttarsamningunum teldist vissulega til tekna en ekki til eiginlegra launa þar sem



SÝKNAÐ Sigurður fékk stóran hluta tekna sína áfram eftir starfslokun.

þeir hefðu val um að nýta kaupréttinn, og sýknaði því félagið af öllum kröfum Sigurðar. Málskostnaður féll á ríkissjóð. -sh

## Segir símafyrirtækin hafa sofið á verðinum

Friðrik Skúlason segir símafyrirtækin auðveldlega hafa geta komið í veg fyrir að þúsundir SMS-skilaboða bærust viðskiptavinum sínum. SMS-skeytin voru til þess fallin að hafa farsímanotendur að féþúfu. Einn viðskiptavinur lét glepjust.

**TÖLVUMÁL** Lögreglan í Reykjavík rannsakar mál þar sem verulegri upphæð var stolið í gegnum netbankaaðgang einstaklings og hún millifærð á reikning erlendis.

Lögregla hefur rökstuddan grun um að við verknaðinn hafi verið notuð tölvuveira sem tengist þúsundum rusl SMS-skilaboða sem íslenskir farsímanotendur fengu send í júnímánuði. Er um einangrað atvik að ræða að sögn lögreglu. Friðrik Skúlason, tölvunarfræðingur segir að símafyrirtækin hefðu auðveldlega getað komið í veg fyrir þetta.

Friðrik segir lítið mál fyrir óprúttna aðila að senda SMS-skilaboð nánast út um allan heim í gegnum gáttir sem geta verið heimasíður símafyrirtækja og annað slíkt. Hann segir atvikið, sem átti sér stað hérlendis um miðjan júní, vera eitthvað sem símafyrirtæki erlendis hafi þegar brugðist við.

„Þegar allt í einu berast þúsundir skilaboða til símafyrirtækjanna, sem öll innihalda sömu skilaboðin og koma frá sömu gáttinni eru þau stöðvuð og berast því aldrei farsímanotendum. Það er á ábyrgð símafyrirtækjanna að mínu áliti að loka fyrir svona ruslskeyti,“ segir Friðrik. Hann segir að tæknilega sé lítið mál fyrir símafyrirtækin að stöðva sendingar af þessu tagi, hins vegar geti verið að símafyrirtækin haldi að sér höndum til að forðast að þurfa að taka ábyrgð.

Talsmenn símafyrirtækjanna segja að bæði hafi viðskiptavinum þeirra verið send skilaboð sem vörðu við innihaldi skeytanna og lokað hafi verið fyrir sendingarnar. Friðrik segir það hafa gerst of seint. „Þau lokuðu kerfinu eftir að símnötendum bárust skilaboðin og svo sendu þau varnaðarskilaboðin einum til tveimur dögum of seint,



SKAÐRÆÐISSÍMAR Friðrik Skúlason segir lítið mál fyrir óprúttna aðila að senda fjölda-SMS um gáttir símafyrirtækja.

Þá var skaðinn skeður,“ segir Friðrik. Hann vill brýna fyrir fólki að láta ekki glepjust af skilaboðum af þessu tagi.

Friðrik hefur komist að því að skilaboðin sem um ræðir hafi borist hingað í gegnum gátt á Bretlandseyjum, en höfuðpaurinn sé í Bandaríkjunum. Hann hefur gert lögreglu viðvart. aegir@frettabladid.is



FUGLAR Fuglaflensa hefur stungið sér niður á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## H5N1 afbrigði fuglaflensu: Fyrsta tilfellið finnst á Spáni

**SPÁNN, AP** Fuglaflensuveiran af mannskæða stofninum H5N1 hefur fundist á Spáni í fyrsta sinn. Landbúnaðarráðuneyti Spánar sendi frá sér tilkynningu þar um í gær.

Veiran fannst í villtum fugli af goðætt sem fannst í mýri skammt fyrir utan borgina Vitoria á Norður-Spáni. Svæðið hefur verið sett í sóttkví, enda var afbrigði veirunnar ákaflega skætt, að sögn talsmanna ráðuneytisins. Jafnframt hefur útinganga alifugla verið bönnuð í tíu kílómetra radíus.

Minnst 131 maður hefur látist úr flensunni síðan árið 2003, samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. -smk

## PÓLLAND

**EKKI FULLUR** Fyrrverandi þingmaður í Póllandi, Grzegorz Gruszka, var handtekinn á dögnum grunaður um ölvunarakstur. Þegar hann kom fyrir dómara bar hann því við að hann hefði ekki verið drukinn, heldur hefði hann skolað munninn þann morguninn með alþýðlegu munnskoli sem kallast „jogobelka“, blöndu vodka og sinneps. Honum var ekki refsáð.

www.flugfelag.is | Sími 570 3075



## Viltu eignast vini í Færeyjum?

Komdu með á Ólafsvöku dagana 26. til 29. júlí.

Skemmtu þér með bestu frændum okkar. Upplifðu alvöru norræna stemningu eins og hún gerist best, hringdans, tónleikar, fjöldasöngur, kappróður o.m.fl.

um alla Tórshavn samfleytt í þrjá daga.

Komdu með og upplifðu Færeyjar í sinni réttu mynd.

Frábær skemmtun sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara, jafnt ungir sem aldnir.

Hafðu samband við Hópadeild Flugfélags Íslands í síma 570 3038

FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Taktu flugið



PALESTÍNUMENN LEITA SÉR SKJÓLS Hópur Palestínumanna fylgdist á fimmtudaginn með aðförum ísraelskra hermanna í Beit Lahiya norðan til á Gazasvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útiloka ekki lengur samninga við Palestínumenn:

## Skoða fangaskipti

**GAZASTRÖND, AP** Avi Dichter, öryggismálaráðgjafi Ísraels, sagði í gær að ísraelsk stjórnvöld myndu láta palestínska fanga lausa fljótlega eftir að Palestínumenn sleppi ísraelska hermanningum, sem þeir hafa haft í haldi sínu í tvær vikur.

„Ísraelar kunna að gera þetta. Ísraelar hafa gert það oft en einu sinni,“ sagði hann í gær, en þó var ekki ljóst hvort hann talaði þar fyrir munn annarra ráðherra.

Hamas-samtökin sendu einnig frá sér í gær skilaboð um að þau væru reiðubúin til að semja um að láta ísraelska hermanningum lausan. Ummæli Dichters þóttu merki

um að Ísraelar væru reiðubúnir til að fallast á tillögu frá Egyptalandi um að Palestínumenn létu fanga sinn lausan í skiptum fyrir loforð frá Ísrael um að hernaði á Gazaströnd verði hætt og palestínskir fangar fái síðan fljótlega frelsi.

Ísraelski herinn hóf viðamiklar hernaðaraðgerðir á Gazaströnd fyrir tæpum tveimur vikum í þeim tilgangi að frelsa ísraelska hermanninginn.

Á fimmtudaginn varð ísraelski herinn á þriðja tug Palestínumanna að bana í mannskæðustu árásum sínum á Palestínumenn frá því átökin hófust. -gb



# INNI- PÚKINN

4/5/6 ágúst á Nasa

## Television Throwing Muses

Ampop, Hjálmar, Mugison, Jomi Massage,  
Speaker Bite me, Jeff Who?, Hermigervill,  
Solex, Jakobínarína, Ghostigital


Benni Crespo's Gang, Donna Mess, Ég, Nortón, Weapons,  
Mr. Silla/Mongoose, Æla, Jan Mayen, Eberg, Mammút,  
Koja, Skakkamanage, The Foghorns

### 2006 NASA

Miðasala er á [midi.is](http://midi.is), í verslunum Skífunnar og í verslun Hive Grensásvegi 16.  
Passi alla hátíðina 6.000 kr. og á staka daga 2.900 kr.

**THULE**

Hive







**DRAUMUR KAFARANS** Sáðiarabískur prins hvetur nú ferðamenn til að koma til landsins og njóta gæða þess. Þessir höfrungar voru myndaðir í Rauðahafinu við Sáði-Arabíu, og birtir prinsinn myndina í auglýsingum um land sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihluti „appelsínuflokkanna“ í Úkraínu féll áður en stjórnarmyndun lauk:

## Kúvending á Úkraínuþingi

**KÆNUGARÐUR, AP** Ekkert verður af því að Júlía Tímósjenkó verði forsætisráðherra í Úkraínu þar sem slitnað hefur upp úr samstarfi þriggja flokka meirihluta, sem hafði valið hana í embættið, áður en stjórnarmyndun var lokið.

Sósíalístaflokkurinn, sem hafði myndað þingmeirihluta með flokki Júlíu og flokknum Okkar Úkraína, gekk til liðs við Héraðaflokkinn, sem er flokkur Viktors Janúkovítsj, fyrrverandi forseta landsins.

Á fimmtudaginn var Oleksandr Moroz, leiðtogi Sósíalístaflokksins, kosinn þingforseti og í gær sagðist ný þingmeirihlutinn hafa

ákveðið að næsti forsætisráðherra landsins yrði Janúkovítsj, sem hrökklaðist úr forsetaembættinu eftir að Úkraínumenn gerðu „appelsínugulu byltinguna“ gegn honum haustið 2004. Leiðtogi byltingarinnar var Viktor Júsjenkó, sem nú er forseti landsins.

Þingkosningar voru haldnar í Úkraínu í mars en eftir að „appelsínugulu“ flokkunum hafði loks tekist að ná saman um að mynda stjórn kom þáverandi stjórnarandstaða í veg fyrir að þingið gæti gengið til atkvæða með því að leggja hreinlega undir sig þingsalinn þangað til slitnaði upp úr meirihlutasamstarfinu. - gb



**JANÚKOVITSJ Á TALI VIÐ ÞINGMENN** Viktor Janúkovítsj, fyrrverandi forseti Úkraínu og leiðtogi Héraðaflokksins, verður væntanlega forsætisráðherra eftir að nýr þingmeirihluti myndaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samgönguráðherra:

## Misskilningur í umræðunni

**SAMGÖNGUMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir rangt að halda því fram að ákvarðanir hafi verið teknar um að fresta einstökum vegafarmkæmdum eða að um misræmi sé að ræða í málflutningi hans og annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar. Þetta segir í tilkynningu samgönguráðuneytisins í gær.

Viðræður standa nú yfir milli fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra annars vegar og Sambands íslenskra sveitafélaga hins vegar um mögulegar aðhaldsaðgerðir hjá sveitafélögum. Að þeim loknum verður tekin ákvörðun um hvaða einstöku verkefnum verður frestað. - sfs

132. löggjafarþingið:

## 628 stundir af þingfundum

**ALÞINGI** Þingfundir voru alls 125 og stóðu samtals í 628 klukkustundir á 132. löggjafarþinginu sem lauk í byrjun júní. Lengsti þingfundurinn stóð í rúmlega 16 klukkustundir.

Alls voru 234 lagafrumvörp lögð fram á þinginu. Stjórnarfrumvörp voru 138, þingmannafrumvörp 93 og nefndarfrumvörp þrjú. Alls urðu 120 frumvörp að lögum, þar af voru 115 stjórnarfrumvörp. Fimm þingmannafrumvörp urðu að lögum, tvö flutt af þingmönnum og þrjú flutt af nefnd. - sdg

### ALASKA

**Hvalur í ánni** Mjaldur, tannhvalur sem er flækingur við Íslandsstrendur, fannst nýverið dauður er ísa leysti á fljóti í Alaska, 1.600 kílómetrum frá kjörsvæði sínu. Mjaldurinn hefur líklega synt upp eftir ánni er hann elti laxagöngur.

Fólk missi ekki móðinn þótt verðbólga hækki:

## Mjúk lending verður í lok næsta árs

**EFNAHAGSMÁL** Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, býst við að verðbólga nái hámarki í haust og fari svo að hægja á sér, sérstaklega eftir áramót. Hann vill ekkert spá um það hversu mikið hún mun hækka áður en hún fer lækkaði aftur. Mikilvægt sé að fólk missi ekki móðinn þó að verðbólga lækki ekki strax.

Verðbólga náði hámarki í júní þegar hún mældist átta prósent. „Það er líklegt að eitthvað af verðbólgukotinu eigi eftir að koma fram,“ segir Stefán. „Við erum að vonast til að lenda mjúklega í lok næsta árs, verðbólgan verði þá 2,5 prósent og að við getum þá farið að horfa aftur á kaupmáttaraukningu.“



**STEFÁN ÚLFARSSON**

Stefán segir að samkomulagið sem gert var milli ASÍ, Samtaka atvinnulífsins og ríkisins hafi almennt miðast við að „koma gæðum til þeirra sem hingað til hafa fengið minnst út úr uppsveiflunni. Ef aðrir hópar, sem þegar hafa notið uppsveiflunnar í ríku mæli, innheimta þetta líka og öll launahlutföll breytast strax þá er voðinn vís og hætta á að verðbólgan magnist enn frekar. Það gæti gerst en við vonum að til þess komi ekki.“ - ghs



**STUÐNINGSMENN Á HM Í ÞÝSKALANDI** Nú þegar heimsmeistaramótíð nær hátindi á sunnudaginn verða menn að passa sig á að láta kappið ekki hlaupa með sig í gönur.

## Tugir látnir vegna HM

Nokkuð hefur verið um uppbót og handtökur vegna HM í Þýskalandi, en það sem færri vita er að dauðsföll fimmtíu manns má rekja beint til mótsins. Enginn þeirra lést í hefðbundnum knattspyrnuóeirðum.

**KNATTSPYRNA** Dauða fimmtíu manns víðs vegar um heiminn má rekja beint til heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu sem fram fer í Þýskalandi um þessar mundir. Þessu heldur heimasíðan World Cup Death Watch fram.

Á heimasíðunni kemur fram að níu manns hafi látist í Kína vegna keppninnar, þó Kína hafi ekki átt lið í keppninni. Hægt er að kenna tímamismuninum um það, en leikir eru svo seint á kvöldin að áhorfinu fylgir oft talsverð drykkja. Nú síðast kastaði kínverskur maður sér út um hótellglugga þegar Holland tapaði fyrir Portúgal, líklega vegna þess að hann hafði veðið á leikinn. Maður var drepinn í Malasíu, líklega af lánadrottum, en hann gat ekki endurgreitt þeim fé sem hann fékk lánað til að veðja á fótboltaleikina.

Sextugur Japani hengdi sig eftir að lið hans tapaði fyrir Þjóðverjum. Einn Tailendingur stakk annan í rifrildi vegna vítaspyrnudóms í leik Ítalíu og Ástralíu. Nokkrir hafa líka farist vegna hjartaáfalla út af yfirþyrmandi

gæðshræringu tengdri kappleikjunum. Andleg spennan og örmögnun vegna stanslausra hvatninga hrópa hefur reynst banvæn blanda fyrir marga dygga stuðningsmenn.

Athygli vekur að ekkert dauðsfall hefur orðið vegna venjulegra uppbóta fótboltaþullna. Í Nígíeríu var þó maður kyrktur af félögum sínum þegar þeir voru að horfa á opunarleikinn. Kínversk kona dó eftir fall af sautjándu hæð íbúðarhúss, eftir að hafa rifist við kærasta sinn sem vildi horfa á boltann snemma morguns. Kærastinn segir hana hafa stökkið af sjálfsdáðum út um gluggann.

Sex létust í Haítí vegna slagsmála um rafal til að knýja sjónvarp svo hægt væri að horfa á fótboltaleik. Skoti var stunginn í rifrildi um fótbolta og múslimi í Sómalíu skaut tvo menn sem voru að horfa á leik, en slíkt þykir guðlast þar á bæ. Loks fyrirfór maður frá Ekvador sér af ótta við eigin spádómsgáfu, en hann hafði réttilega spáð fyrir um úrslit leiks Ekvadora og Pólverja. steindor@frettabladid.is

**RENAULT**

Með bílinn handa þér

### Kangoo



#### Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.570.000

Verð frá kr. 1.261.044 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 23.774

Fjármögnunarleiga kr. 19.095 án vsk.

### Trafic



#### Renault Trafic

Verð frá kr. 2.380.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 36.672

Fjármögnunarleiga kr. 29.455 án vsk.

### Master



#### Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.

\* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

Íslendingur ákærður í Burnley:

## Viðurkennir misnotkun

**BRETLAND** Íslendingur á þritugsaldri viðurkendi í vikunni að hafa vingast við 14 ára breska stálku á netinu með það í huga að leita eftir kynferðislegu sambandi, og að hafa misnotað hana. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Guðni Snæbjörnsson ferðaðist tvisvar til Bretlands í fyrra áður en hann var gripinn í febrúar, þá nakinn ásamt stúlkunni

háflklæddri í rúmi á hótellherbergi í Burnley. Hann var handtekinn og hefur síðan setið í fangelsi.

Ljóst er að Guðni og telpan höfðu átt í sambandi um nokkurt skeið, þó verjandi hans bendi á að engar sannanir séu fyrir nokkru kynferðislegu fyrr en helgina sem Guðni var handtekinn.

Dómur fellur í málinu í næsta mánuði. - smk





# Opnum nýja verslun í Kringlunni í dag!

Af því tilefni eru allar vörur  
í verslunum okkar  
á sérstöku tilboðsverði

KRAFTAVERK

# JOE BOXER®

KRINGLUNNI - SMÁRALIND - SKÓLAVÖRÐUSTIG



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.342 -1,09% Fjöldi viðskipta: 221  
Velta: 1.118 milljónir

## MESTA HÆKKUN

Atlantic Petroleum +2,00%  
Alfesca +0,25%

## MESTA LÆKKUN

Mosaic -1,91%  
Dagsbrún -1,76%  
Glitnir -1,74%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 -1,72% ... Alfesca 3,99 +0,25% ... Atlantic Petroleum 561,00 +2,00% ... Atorka 6,15 -0,16% ... Avion 31,90 -0,62% ... Bakkavör 44,30 +0,00% ... Dagsbrún 5,57 -1,76% ... FL Group 16,90 -1,17% ... Glitnir 16,90 -1,74% ... KB banki 722,00 -1,10% ... Landsbankinn 20,00 -0,50% ... Marel 70,20 -0,57% ... Mosaic Fashions 15,40 -1,91% ... Straumur-Burðarás 16,80 -1,18% ... Össur 108,00 -0,92%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Peningar á útleið

Svo gæti farið að eftir fjögur ár verði seðlar og ávísanir úreltur greiðslumáti gangi eftir spá Stewarts MacKinnons, formanns írsku greiðslustofnunarinnar. MacKinnon segir markvíst unnið að því að minnka notkun ávísana og seðla og horft til þess að kort og rafrænn greiðslumáti taki við frá og með árinu 2010. Í Vegvísi Landsbankans er vitnað í viðtali við MacKinnon í írsku blaðinu Irish Examiner þar sem segir að verkefnið sem stuðli að breytingunni nefnist Single European Payments Area og nái það til 25 ESB-ríkja ásamt Sviss, Noregi, Lichtenstein og Íslandi. Allt að átta þúsund bankar munu taka þátt í átakinu og telur MacKinnon umskiptin jafnstórt skref og upptöku evrunnar á sínum tíma.

## Andar köldu í Köben

Heldur er stirt á milli Almars Arnar Hilmarssonar forstjóra laggjaldflugfélagsins Sterling og Niels Boserup flugvallarstjóra í Kaupmannahöfn eftir að sá síðarnefndi kenndi flugfélögunum um tafir sem plagað hafa flughöfnina ytra. „Algjörlega óásættanlegt er að forstjóri stórs



einokunarfyrirtækis kenni sínum næststærsta viðskiptavini um öll sín vandræði,” sagði Almar í viðtali við Ritzau-fréttaveituna í gær og vill meina að tafir á flugstöðinni megi rekja til seinangangs í kring um öryggisviðbúnað þótt í flugstöðinni vilji menn meina annað. „Hann reynir að beina athygli fólks frá staðreyndunum, en við getum sýnt fram á biðtími vegna öryggisskoðunar er mun meiri en flugstöðin vill meina,” segir Almar.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Finnbogi Jónsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður Samherja og framkvæmdastjóri SR-Mjólís hf., hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og mun taka til starfa 15. september næstkomandi.

Hátt og hækkandi vaxtastig, aukid flökt og lækkun á gengi krónunnar og fyrrsjáanleg stöðnun eða hægur vöxtur í íslenska hagkerfinu eru þeir þættir sem hafa hvað neikvæðust áhrif á hlutabréfaverð næstu sex mánuðina að mati Greiningar Glitnis.

Traustur grunnrekstur flestra fyrirtækja mun hins vegar endurspeglast í komandi uppgjörum þeirra og auknum fréttnum af útrás, að mati Greiningar, sem er á meðal þess sem mun hafa jákvæð áhrif á gengi hlutabréfa á komandi mánuðum.

## Alfesca selur IG frystiverksmiðju

Icelandic Group og Alfesca eru á lokastigi viðræðna um kaup Icelandic á frystiverksmiðju dótturfélags Alfesca, Delpierre. Innfallið í samningnum eru kaup á viðskiptasamböndum, verkmiðjuhúsi og -tækjum auk veltufjármuna. Í frystiverksmiðjunni, sem er staðsett í Wimille í Frakklandi, fer fram framleiðsla frýstra sjávarafurða sem að mestu leyti hafa verið framleiddar fyrir Frakklandsmarkað og er framleiðslugeta verksmiðjunnar um 35 þúsund tonn. Í fréttatilkynningu frá Alfesca segir að velta frystisviðs-

ins hafi á síðasta rekstrarári verið um 50 milljónir evra, sem jafngildir rúmlega 48 milljörðum íslenskra króna.

Rekstur frystisviðs Delpierre hafði ekki nægileg tækifæri til samlegðar við aðra starfsemi Alfesca né skilaði hagnaði í samræmi við markmið stjórnenda, segir í tilkynningunni. Icelandic Group, sem er leiðandi á markaði fyrir frýstra sjávarafurðir, sér hins vegar mikla hagræðingarmöguleika í framleiðslu frýstra afurða með kaupnum. Eftir þau er árleg framleiðsla Icelandic í Evrópu á frýstum afurðum ríflega 100 þúsund tonn.

Salan er háð samþykki þar til bærra yfirvalda en stefnt er á að ljúka samningsgerðinni á næstu vikum. - hhs



JAKOB SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ALFESCA

## Króatíska stjórnin hugleiðir sölu á hlut sínum

Barr Pharmaceuticals áréttar fyrirætlanir sínar um að taka PLIVA yfir. Króatíska ríkisstjórnin hugleiðir sölu á hlut sínum. Actavis telur boð sitt um margt stjórninni hugnanlegra.

Króatíska ríkisstjórnin segist tilbúin að ræða sölu á hlut sínum í samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA, svo fremi sem kaupandinn mæti ákveðnum kröfum en hefur ekki enn uppi fyrirætlanir um sölu. Þetta segir í tilkynningu sem bandaríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals sendi frá sér í gær. Fréttastofa Reuters sagði daginn áður að ríkið vildi selja.

Meðal krafna ríkisstjórnarinnar, stærsta einstaka hluthafans í PLIVA með 17,3 prósentu hlut, er að höfuðstöðvar félagsins verði áfram í Zagreb og framleiðslan fari áfram fram þar. Vill ríkis-

stjórnin að nýr eigandi tryggi störf núverandi starfsfólks fyrirtækisins og að PLIVA verði áfram leiðandi lyfjaframleiðandi í þessum heimshluta.

Þessi skilyrði uppfylla bæði Barr og Actavis sem keppa um eignarhald á PLIVA, en þykir þar í nokkuð sterkri stöðu eftir að hafa Actavis tryggð sér yfirráð yfir 20,4 prósentum eignarhluta í fyrirtækinu. Hvorugt fyrirtæki má bæta við sig eignarhlut fyrr en á síðari stigum formlegs yfirtökufelris í samræmi við yfirtökulög í Króatíu.

Króatískir greiningaraðilar fullyrða að ríkisstjórnin taki bandaríska lyfjarisann Barr fram yfir Actavis þegar kemur að yfirtöku Pliva. Telji hún að með því móti sé líkleggra að fyrirtækið viðhaldi sjálfstjórn sinni. Taki Actavis félagið hins vegar yfir hræðist ríkisstjórnin að það muni kosta meiri hræringar í innra skipulagi Pliva. Talsmaður Actavis vill þó meina að tilboðshugmyndir fyrirtækisins kunni að vera króatísku ríkisstjórninni um



HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA Í ZAGREB Ríkisstjórn Króatíu er tilbúin að selja hluti sína Pliva svo fremi sem ákveðnum kröfum sé mætt.

margt hugnanlegri en tilboð Barr. Í tilkynningu Barr í gær er áréttuð fyrirætlan fyrirtækisins um að fylgja yfirtökufelri króatískra samkeppnisyfivalda, en fyrirtækið sótti líka um samþykki þýskra samkeppnisyfivalda í gær.

Hvort sem Actavis eða Barr hefur betur verður til við samrunum við PLIVA þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims. - hhs/óká

## Edda eykur hlutafé

Á aðalfundi Eddu útgáfu síðastliðinn mánudag var tekin ákvörðun um að auka hlutafé um 555 milljónir króna. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að félagið hafi átt við erfiðan rekstur að etja þótt í rétta átt hafi miðað undanfarin ár. Til þess að treysta fjárhag félagsins telji hluthafar rétt að endurskipuleggja fjárhag félagsins með þessu móti.

Páll Bragi Kristjánsson, sem gegnt hefur starfi forstjóra Eddu útgáfu síðustu þrjú ár og var þar á undan stjórnarformaður í eitt ár, hefur ákveðið að láta af störfum við þessi tímamót. Hann mun þó áfram vinna á vegum Ólafels ehf., félags í eigu Björgólfs Guðmundssonar og kjölfestufjórðing í Eddu. Nýr forstjóri hefur ekki verið ráðinn og mun Páll sitja í forstjórastólnum þangað til svo



LÆTUR AF STÖRFUM Edda útgáfa hefur ákveðið að endurskipuleggja fjárhag félagsins og auka hlutafé um 555 milljónir. Páll Bragi Kristjánsson forstjóri hættir sem forstjóri Eddu.

verður.

Edda, sem er stærsta bókaútgáfa landsins, gefur út bækur undir merkjum Almenna bókafélagsins, Máls og menningar og Vöku-Helgafells. - hhs

## Spáir mikilli hækkun olíuverðs

Svo getur farið að heimsmarkaðsverð á olíu fari yfir 100 bandaríkjadali á tunnu á næstu árum. Þessu spáir bandarískur auðkýfingur og fjárfestir sem telur fátt geta lækkað verðið nema stökkbreytingu fuglflensuveirunnar með þeim afleiðingum að hún dreifist á milli manna. Fari svo mun hrun verða á flestum mörkuðum.

Við munum sjá hátt verð á olíu í langan tíma og það eina sem mun vekja undrun okkar er hversu lengi verðið mun haldast hátt, sagði auðkýfingurinn, sem heitir Jim Rogers og er fyrrverandi viðskiptafélagi bandaríska fjármálanámannsins George Soros, í samtali við fréttastofu Reuters. Hann telur verðið geta haldist hátt í allt að 15 ár.

Þá er það mat Rogers að stökkbreytist fuglflensuveiran með



OLÍUVINNSLUSTÖÐ Bandarískur auðkýfingur og fjárfestir spáir því að olíuverð geti farið yfir 100 dali á tunnu og haldist hátt í mörg ár.

Mynd/AFP

fyrirgreindum afleiðingum þá muni olíuverð fara niður í allt að 40 dali á tunnu. Aðrir vöruflokkar muni hins vegar lækka meira. Fátt bendir til að fuglflensuveiran hafi stökkbreytt.

Olíuverð fór í 75,40 dali á mörkuðum í Bandaríkjunum í gær og hefur það aldrei verið hærra. - jeb

## Matalan glímir við erfiðar aðstæður

Stjórnendur breska félagsins Matalan, sem selur hátískufatnað á afsláttarverði, segja að erfiðar markaðsaðstæður á fyrstu vikum rekstrarársins hafi valdið sölusamdrætti upp á 1,1 prósent frá fyrra ári. Framlegð í hlutfalli af sölu jókst um 0,4 prósent. Baugur ku eiga lítinn hlut í Matalan sem er undir nafni þriðja aðila.

Heldur hefur birt til að undanförunu sökum aukinnar sölu í kringum HM. Markaðshlutdeild Matalan á breskum fatamarkaði er þrjú prósent.

Hluthafar í Matalan hafa heldur ekki átt sjö dagana sæla á öðrum vígstöðum; hlutabréf hafa fallið um helming frá því þau náðu hæstum hæðum fyrir fimm árum og félagið hefur átt erfitt með að fóta sig í nýju landslagi á breskum smásölumarkaði.



Á dögnum greindi John Hargreaves, stjórnarformaður og stofnandi félagsins, frá því að hann hefði í hyggju að taka félagið yfir og fara með það af markaði vegna gremju félagsins. Hargreaves og tengdir aðilar, sem ráða meirihluta hlutafjár, telja þá stefnu meirihluta stjórnar að greiða

arð upp á 8,5 pens á hlut fráleita þegar hagnaður félagsins á síðasta ári nam 6,2 pensum á hlut.

Samtök breskra fjárfesta hafa tekið illa í þessi áform stjórnarformannsins og hvöttu þau alla hluthafa til að mæta á aðalfund félagsins sem haldinn var í fyrradag og styðja ákvörðun stjórnar. Samtökin telja að Hargreaves sé því fyrst og fremst að hugsa um eigin hag - lægri arður bitni á heildinni. - epa

## Virði FL Group 135 milljarðar króna

Hluthafar í FL Group samþykktu í gær að hækka hlutafé félagsins um 1,8 milljarða króna að nafnverði. Eftir hækkunina nemur hlutafé FL Group rúmum 7,9 milljörðum að nafnverði sem eru 134 milljarðar að markaðsvirði miðað við að hluturinn standi í sautján krónum.

Hlutafjárukningin kemur til vegna kaupa FL Group á 24,2 pró-

sentu hlut í Straumi-Burðarási af Kristni Björnssyni og Magnúsi Kristinssyni. Stærstur hluti var greiddur með bréfum í FL Group á genginu 18,52.

Einnig var kosin ný stjórn FL Group. Kristinn tók sæti í henni en aðrir sitja áfram nema Peter Mollerup gengur úr aðalstjórn og tekur sæti í varastjórn ásamt Magnúsi.

## Áform Nasdaq í uppnámi

Áform Nasdaq að taka yfir Kauphöllina í Lundúnum (LSE) með fjandsamlegum hætti gætu heyrst sögunni til. Nasdaq, sem heldur utan um fjórðungshlut í LSE, lagði fram yfirtilboð í mars upp á 950 pens á hlut sem var hafnað.

Hlutabréf í Nasdaq hafa lækkað um 35 prósent frá því að þau komust í hæstu hæðir um miðjan mars og gerir verðfall bréfanna frekari tilraunir félagsins ólíklegri þar sem verulega hefur dregið úr láns hæfi þess og getu til að skuldsetja það fyrir frekari vexti.

Nasdaq borgaði hæst 1.248 pens fyrir hlutinn í LSE í maí til þess að eiga kost á því að bjóða það verð í hæsta lagi seinna. Gengi LSE stendur nú í 1.150 pensum.

Nýtt tilboð má leggja fram í fyrsta lagi þann 30. september. - epa



ÚRSLITALEIKIR HIM VERÐA Í EGILSHÖLL Á

# 200 m<sup>2</sup> BREIÐTJALDI

ÖFLUGUSTU SKJÁVARPAR SEM KOMIÐ HAFNA TIL  
LANDSINS VARPA LEIKJUNUM Á 200 FERMETRA  
BREIÐTJALD + FJÖGUR ÖNNUR RISATJÖLD

LAUGARDAG KL. 17:00  
**PÝSKALAND  
VS. PORTÚGAL**

SUNNDAG KL. 16:00  
**FRAKKLAND  
VS. ÍTALÍA**

+ **BÍTL STRÁKARNIR  
HITA UPP**

+ **BUBBI STÍGUR Á SVIÐIÐ  
EFTIR LEIKNA**

+ **Á LAUGARDAG SPILA  
PAPAR FRAM Á RAUÐA NÓTT**

**1.000  
KRÓNUR  
& MEÐINN  
GILDIR BÁÐA  
DAGANA**

Nánari upplýsingar eru í síma 594 9600





# VIÐ AFNEMUM VSK AF ÖLLU GRILLKJÖTI Í KRÓNUNNI Í DAG!

Maarud  
snakk  
**349**  
kr/pk

Shop Rite  
kökumix 3 teg.  
**249**  
kr/stk

Náttúra  
bökunarkartöflur  
**149**  
kr/pk

Þykkvabæjar  
kartöflubátar  
**158**  
kr/pk

2 lítrar af 100%  
safa, 3 tegundir  
**249**  
kr/stk

Vilko MIX  
2 teg.  
**298**  
kr/pk

Ferskjur 1kg  
öskjur  
**249**  
kr/stk

Nektarínur  
1kg öskjur  
**199**  
kr/stk

**Virk  
Sam-  
keppni**

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN  
 virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / Allir dagar 12-23 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19  
 laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 12-23 / föstudagar 11-20 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19  
 sunnudagar 12-18 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-23 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19  
 lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað / lokað



**41%**  
afsláttur

**998** kr. kg  
1694

Goða grísnítself  
grísagúllas

Krónu pylsur  
10 stk í pakka

**279**

kr/pk

**2 fyrir 1**  
Oetker pizza  
með pepperoni

Oetker pizza  
m/ pepperoni

**199**

kr/2stk

## Grillum í sólinni

**499** kr. pk.

Pepsi Max Gold  
2L kippa

Heinz  
Tómatsósa

**99**

kr/stk

HEINZ  
TOMATO  
KETCHUP

**4900**

Gasgrill  
m/tveimur brennurum

**50%**  
afsláttur

Alltaf frábær tilboð alla daga



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
PORSTEINN PÁLSSON

Stjórnskipuleg ábyrgð utanríkisráðherra:

## George Bush og forseti Íslands

Mála sannast er að embætti forseta Íslands dregst sjaldan inn á vettvang stjórn málaumræðna. Formaður þingflokks VG, Ögmundur Jónasson, hefur nú gert smávægilega undantekningu þar frá á heimasíðu sinni. Tilfellið er koma George Bush, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, til landsins í boði forseta Íslands.

Boð forseta Íslands er sérstaklega til þess að þakka Bush fyrir framlag hans til verndar laxastofnum í höfunum með einkaréttarlegum aðferðum til uppkaupa á veiðirétti. Það er áhrifarík og ábyrg aðferð við nýtingu auðlinda sjávar með því að veiðirétturinn er viðurkenndur sem andlag í viðskiptum.

Þingflokksformaðurinn gagnrýnir forseta Íslands hins vegar fyrir heimboðið með skírskotun í forstjórarstarf Bush hjá CIA og enn fremur til „blóðugrar ofbeldisfullrar heimsvaldastefnu“ sem hann telur forsetann fyrrverandi tákngerving fyrir.

Þetta eru efnislega sömu andmælin og Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi formaður þingflokks Alþýðubandalagsins, beindi í útifundarræðu gegn komu Bush hingað í boði stjórnvalda árið 1983.

Með engu móti er unnt að fallast á röksemdafærslu þingflokksformannsins. Þvert á móti geta íslensk stjórnvöld haft gildar ástæður til að sýna Bandaríkjunum söma með því að bjóða hingað fyrrverandi forseta hvort heldur það er vegna náinnar samvinnu í utanríkis- og varnarmálum eða frjálsra viðskipta með veiðiréttindi á laxi.

Hitt er korrétt hjá þingflokksformanninum að heimboðið er að sjálfsögðu í nafni íslensku þjóðarinnar og „því eðlilegt að um málið sé fjallað í slíku samhengi“ eins og hann segir. En þá þarf að geta að stjórnskipulegri stöðu forsetaembættisins.

Samkvæmt réttum stjórnskipunarlögum þer utanríkisráðherra ábyrgð á öllum embættisathöfnum forseta Íslands sem fela í sér að bjóða hingað erlendum gestum í nafni þjóðarinnar. Þingflokksformaðurinn á því að beina gagnrýni sinni um þessa tilteknu heimsókn að utanríkisráðherra en ekki forsetanum sjálfum.

Eðlilega geta verið skiptar skoðanir um heimboð af þessu tagi. Það er ekki síst skiljanlegt í ljósi þess að stjórnvöld eru sérstaklega með henni að þakka framlag til aðferða við veiðistjórnun sem hafa verið umdeildar hér á landi.

Þingflokksformaður VG er því í fullum rétti þegar hann lætur skoðanir sínar í ljós á þessari heimsókn. Það sem meira er: Hann á sjálfsögðan rétt til að krefja utanríkisráðherra svara á Alþingi telji hann ástæðu til að kalla eftir skýringum á þessari táknaðu framkvæmd utanríkisstefnunnar.

Afar mikilvægt er að virða stjórnskipunarreglurnar um ábyrgð ráðherra á embættisathöfnum forseta Íslands. Með því eina móti er unnt að halda embættinu utan og ofan við stjórn málaátök.

Sú staða forsetaembættisins má hins vegar ekki hindra stjórn málamenn í pólitískri umræðu um táknaða pólitísk efni sem forsetaembættið óhjákvæmilega tengist. Fyrir þá sök eiga stjórn málamenn, þegar þannig háttar til, að beina spjótum sínum að viðkomandi ráðherra.

Í þessu máli á forseti Íslands þakkir skildar fyrir að láta ekki fyrri pólitíska afstöðu sína gagnvart Bush og aðferðir við fiskveiðistjórnun trufla eðlilega embættisathöfn í nafni þjóðarinnar. Þetta er vert að virða því forsetinn hefur stjórnskipulega stöðu til að synja um aðild embættisins að slíkum athöfnum þó að jákvæð framkvæmd þeirra sé á ábyrgð ráðherra.

visir

VEF TV

NFS Í BEINNI  
Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega  
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Guðmundur í ráðuneyti

Guðmundur Hörður Guðmundsson fréttamaður verður nýr upplýsingafulltrúi umhverfisráðuneytisins. Guðmundur Hörður hefur unnið á fréttastofu Sjónvarpsins að undanfögnu, líkt og hann gerði síðasta sumar. Áður vann hann á Fréttablaðinu og á fréttastofu Útvarpsins. Síðasta vetur nam Guðmundur Hörður umhverfisfræði í Edinborg og á milli kúrsa skrifaði hann nokkrar aðsendar greinar í Fréttablaðið um þann víðfeðma málflokk. Staða upplýsinga-



fulltrúa umhverfisráðuneytisins er ekki ný af nálinni, upplýsingafulltrúi hefur starfað í ráðuneytinu í tólf ár en borið annan titil.

#### Dagur ráðninga

Annars var fjór á fjölmörgum vinnustöðum í gær enda þótti dagurinn heppilegur til mannaáðninga, einhverra hluta vegna. Nýr ritstjóri var ráðinn að Bláinu, nýr framkvæmdastjóri var ráðinn til Nýsköpunarsjóðs og skipað var í nýtt embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Þá var tilkynnt að forstjóri Eddu útgáfu væri að hætta en ekki hefur verið ákveðið hver tekur við starfinu.

#### Ár ritstjóra

Flairi ritstjórar en tölu verður á komið

hafa verið ráðnir á hin ýmsu blöð það sem af er ári. Síðast í gær var Sigurjón M. Egilsson ráðinn ritstjóri Bláðins en fyrr á árinu var Ásgeir Sverrisson ráðinn til starfsins. Páll Baldvin Baldvínsson og Björgvin Guðmundsson voru ráðnir ritstjórar DV á árinu en Björgvin hætti skömmu síðar. Þá varð Þorsteinn Pálsson ritstjóri Fréttablaðsins á árinu. Ónefnd eru þá mannskipti í brúm fjólda tímarita en ritstjóraskipti urðu á Veggfóðri, Nýju lífi, Séð og heyrt, Hér og nú, Vikunni og eflaust mætti áfram telja.



bjorn@frettabladid.is

## Í miðju mannhafinu

Hálfs mánaðar ferðalagi mínu um lendur heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi er lokið. Á morgun lýkur líka keppninni. Keppni sem alþjóðasamfélagið hefur fylgst með, í stærri og meiri mæli en nokkru sinni fyrr. Það hefur í rauninni ekkert gerst í henni veröld sem mark er á takandi eða sem máli skiptir, síðan HM hófst. Hér heima er enn einn ganginn allt að fara í loft upp í spítalamálum, í Afganistan eru talibanarnir að færa sig heldur betur upp á skaftið og í sjálfu Þýskalandi sagði stórfyrirtæki þar í landi upp sjö þúsund starfsmönnum á einu bretti. Og enginn yggir brún. Enginn tekur eftir neinu, nema því hver skoraði og hver sigraði.

Það var auðvitað mikil upplifun að komast í snertingu við þá hitasótt sem greip um sig meðal Þjóðverja meðan þeir áttu von í heimsmeistarategnina, vera á staðnum og finna fyrir því rafmagnaða andrúmslofti sem ríkir í mannhafinu. Á vellinum, í stúkuni, á torgum, strætum, veitingastöðum og hvar sem komið er. Það var eins og þessi þjóð hefði látið niðurbælda þjóðerniskennd fá útrás eftir sextíu ára innibýrgða skömm og sektarkennd. Það hefur aftur verið gaman að vera Þjóðverji. Og við hin getum samglaðst með þeim og allir geta væntanlega tekið undir með mér, að mikið væri nú heimurinn betri og ánægjulegri, ef átök manna í milli væru allajafna ekki alvarlegri en þau, að takast á í boltaleik.

En það er auðvitað meira og fleira en fótoltaleikur sem gleðja augað í þessu víðfeðma landi, Þýskalandi. Við ferðalangarnir okum til að mynda Das Romantische Strasse, veg hinna rómantísku leyndardóma, enda fegurðin mikil og smjör drýpur

Í DAG  
Á FERÐ UM  
ÞÝSKALAND



ELLERT B. SCHRAM

En er það ekki skritið að mitt í öllum þessum fótbolta og allri þessari sögu, er hreyfiaflið samskonar manneskjur, samskonar fólk, með eyru og augu og nef, eins og við! Og þó enginn einn, ekki nokkur maður.

Þar af hverju strá. Það er auðvelt að sjá fyrir sér ástir og ævintýri í þessu göslandi skóga og engja og fljóts. Paradís hins eilífa lífs. Rómantíkin hlýtur að blómstra við slíkar aðstæður. Enda ekkert lát á aðförum og árásum framandi þjóða. Svíar reyndu til dæmis að leggja þessa náttúrufergurð undir sig, þar stóð þrjátíu ára stríðið og sjálfir reistu innfæddir bæði kirkjur og kastala á þrettándu og fjórtaðu öldinni, sem enn standa og eru minnismerki um þá staðreynd að þarna ríkti menning og reisn, löngu áður en við Íslendingar vissum að til væri annað byggingar efni en torf. Og það er orð á því gerandi að þarna í miðri fegurðinni og auðlegðinni, ríkti slík veðursæld að ég þori varla að nefna það, staddur í rigningsuddanum hér heima. Því hlutskipti deilum við mörlandarnir ennþá með kynslóðum frá örófi alda.

En er það ekki skritið að mitt í öllum þessum fótbolta og allri þessari sögu, er hreyfiaflið sams-

konar manneskjur, samskonar fólk, með eyru og augu og nef, eins og við! Og þó enginn einn, ekki nokkur maður. Ég sest niður á kaffihúsi eða bjórstofu og virði fyrir mér mannmergðina sem líður framhjá. Ég tek auðvitað fyrst og fremst eftir konunum og er ennþá nógu ungur (eða á ég að segja þeirrar náttúru) að snúa mig úr hálsliðnum, þegar falleg kona gengur hjá. En þarna labba litlir og stórir, feitir og mjóir, sköllóttir og hjólbeinóttir, gladdir eða afundnir, alls kyns fólk og endalaust mannhaf, og enginn er eins. Ráfar um, eins og það eigi ekkert erindi við umheiminn, en skrafar saman og er sjálfsagt allt að hugsa um kvöldmatinn eða kærastann. Uppteikið í hversdagsleikanum, með huggun við sig og sína eða bara dólar þarna í góða veðrinu og lætur sér fátt um finnst og veit ekki einu sinni af því, að á stéttinni situr Íslendingur, afkomandi víkinganna, og glápir á þau og á ekkert sameiginlegt með þeim, nema það eitt að vera til í þessum heimi, nákvæmlega núna, eitt lítið peð í mannhafinu.

Já, eitt lítið peð má sín kannske lítils gagnvart kóngum og drottningum á skákborði tilverunnar. En samt er þetta fólk, öll þessi smápeð og samborgarar í veröldinni, mikilvægustu einstaklingarnir, af því að það erum við, við öll, sem leggjum lóð á vogarskálarnar, gerum fótboltann að áhugamáli okkar, höfum skoðanir, eigum dagdrauma, reisum kirkjur og kastala og búum til og eigum þennan heim, meðan við tórum. Rétt eins og forfeður okkar, rétt eins og afkomendur okkar. Eins ólík og við erum. Það er eitt af undrum jarðarinnar og mannkynsins. Þessi mannskepna ein og sér. Í öllum sínum hverdagsleika og breytileika.

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkíð.




AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAELD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðuresjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871





ENNEMM / SIA / NN22631

# Áfram Magni!

Magni er einn af 14 rokkurum sem halda áfram að keppa um að verða söngvari í rokkbandinu Supernova.

Ekki missa af næsta þætti sem er í beinni útsendingu á SkjáEinum á miðvikudaginn kl. 01 eftir miðnætti. Fyrir þá sem fara snemma að sofa er þátturinn sýndur kl. 21 á fimmtudaginn.

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland

















# NTU LOTTARÐU ÍFRÍINU MIEÐ ÁSKRIFT

Þú getur látið villtustu drauma þína rætast ef þú vinnur í Lottó. Með **LOTTÓ Í ÁSKRIFT** gætir þú auk þess hreppt einn af 30 glæsilegum aukavinningum.

ÁSKRIFTAR  
LEIKUR  
LOTTÓ

Taktu **LOTTÓ Í ÁSKRIFT** á [lotto.is](http://lotto.is) og þú gætir unnið:

- borgarferð fyrir tvo með Icelandair
- kvöldverð fyrir tvo hjá Húmarhúsinu
- árskort í líkamsrækt hjá World Class



WWW.ICELANDAIR.IS



lotto.is



## Hollvinafélag Menningarseturs að Útskálum í Garði

„Við áttum hest sem hét Lýsingur,“ sagði elsti bróðir minn, þegar við komum í Garðinn eftir 11 ára dvöl í Kanada. Mikið öfundaði ég hann að muna eftir tilverunni á Útskálum. Ég mundi ekki eftir neinu, enda bara tveggja ára þegar fjölskyldan flutti til Kanada þar sem pabbi minn, séra Eiríkur Brynjólfsson, varð prestur Íslendingasafnaðarins í Vancouver. En eftir að við fluttum heim, hef ég heyrt talað um starfsemina á Útskálum. Þar var kvöldskóli, kór- og unglingastarfsemi, sannkallað

**GUÐNÝ EIRÍKSDÓTTIR**  
SKRIFAR UM NÝ HOLLVINASAMTÖK

menningarsetur, eins og mörg prestssetur hafa verið í gegnum aldirnar. Pabbi stundaði einnig búskap á Útskálum. Prestssetrin voru þannig ekki einvörðungu vettvangur trúarinnar heldur líka atvinnu, mennta- og félagslífs.

Nú hafa Útskálaskólinn, sveitarfélagið Garður og Sparisjóðurinn í Keflavík sameinast um að mynda með sér félag um að gera Útskála-

húsið upp sem sérstakt menningar- og fræðasetur. Þann 9. júlí 2004 var Menningarsetrið að Útskálum ehf. stofnað og er markmið þess að endurbyggja húsið með aðstöðu fyrir fræðimenn og víðtækt sýningarhald. Nú er unnið við að taka saman sögu Útskála og setja á margmiðlunarform og einnig að gera gagnvirka kortavefsjá þar sem skoða má öll prestssetur og kirkjur landsins. Styrkir hafa fengist úr ýmsum áttum til að vinna að þessu verkefni, þ.e. að vekja Útskála og gefa þeim hlut-

verk í nútímasamfélaginu.

Hollvinafélag Menningarseturs að Útskálum í Garði var stofnað 24. maí 2005. Markmið félagsins er að auka tengsl almennings við Menningarsetrið og vera farvegur fyrir velvilja og stuðning við uppbyggingu þess. Vettvangur hollvina verður prestssetrið sjálft. Það skiptir miklu máli að fá sem flesta með í verkefnið og við í stjórni Hollvina leitum til allra sem tengjast Útskálum eða hafa áhuga á að tengjast þeim. Vonast er til að sem flestir vilja leggja

félagssamtökunum lið og gerast hollvinir. Hægt er að gerast hollvinur á vefsíðunni [www.utskalar.is](http://www.utskalar.is) eða í síma 895-7376. Á vefsíðunni eru ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi og framgang verkefnisins.

Það eru margir sem tóku þátt og muna enn eftir menningarstarfinu á Útskálum og einnig margir, eins og ég, sem hafa heyrt talað um það. Ég hvet ykkur öll til að vera með í að endurbyggja Útskála með því að gerast Hollvinur.

## Undarleg vinnubrögð í Árborg

Með þessari grein vill áhugafólk um skólamálið í Árborg gagnrýna vinnubrögð formanns skólafundar í Árborg og draga fram staðreyndir sem hingað til hafa ekki komið fram.

Undirskriftalistar strandabúa varðandi skólamálið Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri voru hunsaðir af sitjandi meirihluta, bænaskjal íbúa um að fá almennilega kynningu á uppbyggingu skóla í þeim hverfum og jafnframt kosningu. Margrét Erlingsdóttir (B) sem er jafnframt formaður skólafundar hefur haldið því á lofti að sú ákvörðun sem tekin var sé vilji íbúanna, sem er að sjálfsgöðu ekki rétt, það sannar undirskriftalistinn þar sem um 400 manns skrifuðu undir sem er um 50% kosningabærra íbúa. Einnig skoðanakönnun á Suðurland.is þar sem 54% vildu einn skóla miðsvæðis og 33% vildu byggja upp á báðum stöðum og niðurstaða vinnuhóps (sem skólafund kom á laggirnar!) sem var afgerandi með einum skóla miðsvæðis, 14 á móti 4. Ef Margrét heldur því fram að skoðanakönnun sem gerð var þann 10. apríl á illa auglýstum fundi þar sem 48 einstaklingar í heild sinni gáfu álit sitt, endur-

spegli vilja íbúanna, þá spyrjum við, hversu hæf er hún til að sinna þessu starfi? Er ekki verið að gleyma því hver vinnur fyrir hvern? Það er alveg með ólíkindum hvernig formaður skólafundar hefur unnið að þessu máli, það er engu líkara en hún mati samstarfsmenn og aðra á upplýsingum sem henta hverju sinni.

Í fundargerð skólafundar þann 22. 11. 2004 segir: „Skólafund leggur til að farin verði sviðuð leið og gert var við undirbúning um byggingu Sunnulaekjarskóla. Skólafund telur mikilvægt að íbúar við ströndina, starfsmenn skólans og þeir sem láta sig málið varða geti tekið þátt í verkefninu. Beðið var um tilnefningu frá ákveðnum aðilum, að auki var auglýst eftir áhugasömu fólki til að taka þátt, í hópnun voru alls 22 einstaklingar.“

Við upphaf vinnu verkefnahópsins voru sett fram eftirfarandi markmið:

Að starfsmenn barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt öðrum íbúum sveitarfélagsins Árborgar setjist niður og fjalli um framtíðarstarf og aðstöðu barnaskólans.

Að vinna verkefnishópsins end-

**UMRÆÐAN**  
SKÓLASTARF Í  
ÁRBORG



**SIGURJÓN BIRGISSON**  
ÁHUGAMAÐUR UM SKÓLAMÁL

urspegli sýn íbúa á hvar og hvernig skuli byggja upp aðstöðu til framtíðar.

Að koma með niðurstöðu sem nýtist bæjaryfirvöldum við ákvarðanatöku um framkvæmdir.“

Niðurstaða þessa vinnuhóps var sú, að afgerandi meirihluti hópsins valdi nýjan skóla miðsvæðis. En svo kom að afgreiðslu skólafundar á fundi sem haldinn var 20. febrúar 2006 þar sem þessi niðurstaða var kynnt, þar samþykkti skólafund undir forsæti Margrétar Erlingsdóttir eftirfarandi ályktun:

„Skólafund Árborgar hefur yfirfarið skýrslu vinnuhóps um framtíðarskipan húsnæðismála barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Nefndin hefur ákveðnar efasemdir um þá lausn sem meirihluti hópsins mælir með, að byggja nýjan skóla á milli þorp-

anna. Sú lausn gengur gegn þeim vilja íbúanna sem fram kom á íbúaþingi 2003, en þar var lögð rík áhersla á að skólastarf yrði áfram í báðum þorpum.“

Skólafund mælir með að byggt verði upp fullnægjandi skólahúsnæði í báðum þorpum. Hafist verði handa sem allra fyrst. Skólafund mælir jafnframt með að framkvæmdir verði aðeins á öðrum staðnum í einu.

Skólafund bendir á að íbúafundur við ströndina gæti verið heppilegur til að kynna niðurstöður skýrslunnar.“

Til hvers voru þeir að eyða tíma í þennan vinnuhóp, var það einungis sýndarmennska?

Kom vinnuhópurinn sem skólafund hafði frumkvæði af að stofna með „ranga niðurstöðu“? Og það að vitna í íbúaþingi sem haldið var 2003 og halda því fram að þar hafi vilji íbúanna verið að byggja upp á báðum stöðum, það er einfaldlega rangt, þar kom aðeins fram vilji íbúanna um að skólamálin væru lögð sem fyrst. Niðurstaða þessa vinnuhóps hefur ekki farið hátt, þessar skýrslur eru reyndar inni á Árborg.is en þar er með feitu letri viðhorfskönnun sem haldin var á

íbúafundi þann 10. apríl sl. en ekki kosning vinnuhópsins sem rétt hefði verið! Umræddur fundur var svo illa auglýstur að reynt var að bera fundarboð í öll hús kvöldið fyrir fundinn sem tókst reyndar ekki, þar var niðurstaða vinnuhópsins ekki svo mikið sem kynnt.

Valdníðsla Margrétar sannaði sig á framboðsfundi í Fjölbrotaskóla Suðurlands þar sem hún tilkynnti að byggt yrði upp á báðum stöðum, og kom það mörgum að óvörum, þ.m.t. starfandi meirihluta, þar sem fundur um þessi mál átti að fara fram þriðjudeginum eftir, og var umræðan um skólamálið þar, í framhaldi af þessu, felld niður.

Svona einstaklingar eiga ekki að vinna í umboði kjósenda. Ætla framsóknarmenn að horfa á Margrétu útrýma flokknum í þessu kjördæmi? Slitnaði ekki upp úr meirihlutamyndun við vinstriflokkanna vegna þess að Margrét gat ekki sætt sig við það lýðræði, að leyfa íbúum að kjósa um þessi mál? Einnig spyrjum við Sjálfstæðisflokkinn, sem kennir sig við lýðræði, og hefur fjóra bæjarfulltrúa, hvort hann ætli að taka þátt í þessari einkaherferð Margrétar eða hvort hann hafi það vit að hlusta á vilja íbúanna og stoppa þetta ferli nú þegar?



# HJÓLAÐU Í ALLT SUMAR



**Dömuhjól**

**Jamis Explorer 2.0**

Stell: 6061 álstell, m/eilifðarábyrgð.

Bremsur: TekTro V-bremsur.

Gírskiptir: Shimano Acera, 21 gíra.

Dempari: SR Suntour M3070.

Einnig dempari í sætispósti fyrir aukin þægindi.

Helstu kostir: Finmynstruð dekk henta vel innanbæjar en halda nægri breidd til að þau nýtist á malarvegum uppi í sumarbústað. Breiður hnakkur, dempari í sætispósti og hátt, stillanlegt stýri fyrir upprétta setstöðu.

Dömuhjól er einnig til silfurlitað með rauðu.

**Sumartilboð: 26.990 kr.** Verð áður 32.990 kr.



# Er sektin að buga þig?

## Umferðarlagabrot

*Of hraður akstur	kr.	70.000
Talað í farsíma	kr.	5.000
Ökuskírteinislaus	kr.	5.000
<b>samtals</b>		<b>kr. 80.000</b>

\* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.



## Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskygni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.



# Fjórar pottpéttar afsakanir!

Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað um sjálfspyntingaraðferð, áttæðisafmæli, laxveiðiferð, sterka leiðtoga og stjórn málafræði. Óhjákvæmilega er einnig minnst á knattspyrnu, héraveiðar á Kanaríeyjum og námsgáfur loðdýra.

Kæra  
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



■ FÖSTUDAGUR, 30. JÚNÍ

## NÝ SJÁLFSPYNTINGAR- AÐFERÐ

Ég fann upp nýja sjálfspyntingaraðferð í dag. Í ræktinni horfði ég á leik Þýskalands og Argentínu og tróð marvaðann á meðan á einhverri maskínu. Samtals í tvo tíma.

Til að kóróna sjálfspyntinguna horfði ég á sjónvarpið án þess að hafa heyrnartól og þögul knattspyrna er töluvert öðruvísi en knattspyrna með æpandi þuli og hundrað þúsund hása áhorfendur.



■ LAUGARDAGUR, 1. JÚLÍ

## ÁTTATIÚ ÁRA AFMÆLI

Landhelgisgæslan okkar heldur upp á áttæðisafmæli sitt í dag. Í tilefni dagsins sigldu tvö varðskip fánum prýdd inn í Reykjavíkurbænum og áhafnir stóðu heiðursvörð á dekkinu. Skipslúðrar voru þeyttir í innsiglingunni og hleypt var af átta fallbyssuskotum. Oft hefur verið gert meira tilstand með ómerkari afmælisbörn en Landhelgisgæsluna.

Það er leitt til þess að vita að afmælisbarnið lifir við kröpp kjör, en það tíðkast ekki nú um stundir í þessu landi að hlaða undir aldráða.

Fór á Glaumbar að sjá England og Portúgal. Sem endaði á vítaspyrnukeppni. Stóri-Scolari er betri þjálfari en sænska viðundrið sem Englendingar hafa haft í vinnu undanfarin ár. Portúgal vann vítaspyrnukeppnina.

Í kvöld bætti ég svo á mig leik Frakklands og Brasilíu og sá snillinginn Zinedine Zidane risa upp úr körinni og ganga eða öllu heldur hlaupa í endurnýjun lífdaganna. Hinir öldnu Frakkar slógu Brassana út. Fjögur evrópsk lið eru komin í undanúrslit: Portúgal, Frakkland, Ítalía og Þýskaland.

■ SUNNUDAGUR, 2. JÚLÍ

## LAXVEIÐIFERÐ

Það hljóp heldur betur á snærið fyrir mér.

Þorbjörn nágranni bauð mér í laxveiði norður í land. Við veidum frá 16-23 í dag og 7-13 á morgun.

Það tók mig tíu mínútur að pakka.



■ MÁNUDAGUR, 3. JÚLÍ

## FJÓRAR AFSAKANIR

Við Þorbjörn ökum beint niður að ánni (Svartá í Húnaþingi) seinnipartinn í gær. Ég mólvaði toppinn á stönginni minni í fyrra, en Ólafur í Veiðihorninu lánaði mér frábæra Hardy Iceland-stöng. Á svoleiðis stangir veiða stórlaxa stórlaxa. Settum græjurnar saman og byrjuðum að veiða. Ég hef aldrei séð ána svona vatnsmikla og hugsaði með mér að við hefðum góða afsökun ef við fengjum

engan fisk. Pottpéttar

afsakanir fyrir að koma fisklaus heim eru fjórar:

- 1) Áin var of heit.
- 2) Áin var of köld.
- 3) Það var of lítið vatn í ánni.
- 4) Áin var of vatnsmikil.

Við þurfum þó ekki á afsökun að halda. Þorbjörn landaði fyrsta laxinum úr ánni á þessu laxveiðitímabili klukkan hálf sjö í gærkvöldi. Það var falleg, nýgengin 10 punda hrygna. Og klukkutíma síðar beit tvíburasystir hennar á hjá mér. Báðar höfðu systurnar sama smekk og létu fallerast af hálfittomu snældu, fallega rauðri.

Í morgun setti Þorbjörn í stórlax sem hann telur að hafi verið rétt um 37 pund, varlega áætlað. En stórlaxinn reif sig lausan.

Þegar við vorum að taka dótið okkar saman á árbakkanum og búast til heimferðar kom ferðamaður til okkar af þjóðveginum. Hann kvaðst vera liffræðingur frá Ungverjalandi og hann skildi hvað það er stórkostlegt að geta staðið við silfurtæra á og dregið úr henni stórfiska. Hann

bað okkur um að taka mynd af sér með laxana okkar við ána til að geta sannað mál sitt við heimkomuna. Svo birtist konan hans og bað okkur afsökunar á því hvað maðurinn sinn væri hrifnæmur og gaf okkur flösku af Tokaj-víni í þakkar-skyndi

fyrir að taka honum vel í stað þess að drekkja honum í ánni fyrir að trufla okkur.

■ ÞRIÐJUDAGUR, 4. JÚLÍ

## STJÓRN MÁLAFRÆÐI

Stjórn málafræðingar eru með vangaveltur um afsöfnun lélegt gengi Samfylkingarinnar í formannstíð Ingibjargar Sólrúnar. Það sem þeir segja er eflaust satt og rétt allt saman, enda skildi ég aldrei þann búhnykk að skipta út Óssuri Skarphéðinsyni fyrir Ingibjörgu.

Mér finnst skrítið hvað margir halda að aðrir trú á „sterka leiðtoga“. Ég hef því meiri ótrú á leiðtogum sem þeir eru „sterkari“ sem þýðir yfirleitt hrokafyllri. Skýr og skiljanleg stefnumál skipta meira máli en ímyndarrugl leiðtoga og spunarokka.

Íslendingar eru framtakssöm þjóð og vilja fremur framkvæma og koma hlutum í verk en stöðva, banna, takmarka, skilyrða og koma í veg fyrir.

Við Sólveig fórum að heimsækja Sigríð vinkonu sem er þýskfæddur Íslendingur til að horfa á Þýskaland-Ítalíu. Mér þykir vænt um báðar þessar þjóðir. Ítalir unnu 2-0.

■ MIÐVIKUDAGUR, 5. JÚLÍ

## AÐ ROTA GAMALMENNI

Það er í fréttum að maður á þrítugsaldri hefur verið handtekinn fyrir að ræna veskjum af tveimur gömlum konum. Án þess að ég viti

það þori ég að veðja hverju sem er að þessi vesalingspiltur er fíkniefna-sjúklingur. Sjúklingur, ekki glæpamaður.

Það þarf því ekki að byggja yfir hann fokdýrt öryggisfangelsi eða stofna leyniþjónustu til að njósna um hann. Það þarf að

dæma hann í meðferð, lækna hann og kenna honum upp á nýtt að lifa í mannlegu samfélagi. Meðferðarúræði og opin fangelsi eru ódýr-

ari og skynsamlegri lausnir en öryggisfangelsi.

Ég skil ekki þetta ofurkapp sem lagt er á að koma í veg fyrir verslun með eiturlyf. Það er hægara sagt en gert að finna nokkur kíló af eiturlyfjum í þeim milljónum tonna af varningi sem flyst til landsins. Það er líka hægara sagt en gert að handsama dílera í skúmaskotum, standa þá að verki og sanna á þá verknaðinn.

En það ætti að vera vinnandi vegur að stöðva neysluna. Það er ólöglegt að neyta eiturlyfja, rétt eins og það er ólöglegt að aka bíl undir áhrifum áfengis. Löggar er fljót að lita þá svoleiðis ökumenn. Hins vegar þykir ekki tiltökumál þótt eiturlyfjamenn séu á hverju strái, þrælskakkir að staðaldri, rænandi, stelandi og hættulegir umhverfi sínu og sjálfum sér. Ekkert er einfaldara en að mæla hvaða eiturlyf fólk hefur innbyrt með því að láta það stinga upp í sig munnvatnsmæli.

Þá væri snjallræði að dæma fíklana í meðferð áður en þeir valda tjóni, limlestingum eða dauða. Þá þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af því að konur á níræðisaldri séu slegnar í rot á götum úti um hábjartan daginn.

Stöðvum neysluna og þá hverfur smygl og eiturlyfjaverslun af sjálfu sér. Það þarf að taka á sjúkdómnum sjálfum. Hann er hægt að lækna. Orsakir hans, eiturlyfín er hins vegar ekki á okkar valdi að uppræta.

Grillaði villtan lax; smá jómfur-ólífuolíu, pipar og salt. Feitur og fallgur, svýgenginn. Ferskt grænmetissalat með. Betri mat er ekki hægt að hugsa sér. Þorbjörn kom og snæddi með okkur. Hann segir að á eyrni Palma sem er ein Kanaríeyja þekki hann mann sem hefur tamið minka og notar þá til héraveiða. Þetta finnst mér athyglisvert, enda er ég sannfærður um að minkum er margt til lista lagt ef menn hafa lag á því að temja þá og skóla þá til. Úr því að það er hægt að temja villiminka hlýtur að vera hægt að venja manneskjur af eiturlyfjum.

■ FIMMUDAGUR, 6. JÚLÍ

## SÓL OG MANNVONSKA Í REYKJAVÍK

Loksins heiðskír himinn og sól-skin í Reykjavík!

„Sjö Pólverjar sem bjuggu í 80 fermetra íbúð greiddu 35 þúsund krónur hver í leigu á mánuði eða 245 þúsund krónur samanlagt. Mennirnir leita nú réttar síns eftir að leigusali þeirra lét bera eigur þeirra út á meðan þeir voru í vinnu. Pólverjarnir gátu lítið leitað sér aðstoðar vegna tungumála-örðugleika.“ Mannvonskan gerir mann alltaf jafn hlessa.









JOHN D. ROCKEFELLER (1839-1937) FÆDDIST  
PENNAN DAG

„Vinátta sem er byggð á viðskiptum er betri en viðskipti sem eru byggð á vináttu.“

John D. Rockefeller var bandarískur iðnrekandi sem stofnaði Standard Oil. Fyrirtækið var um tíma stærsta fyrirtæki heims og hann ríkasti maður í heimi.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að neðan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við fráfall eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afu,

**Benedikts Þorsteinssonar**  
Lautasmára 27, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á 12E og 11E Landspítalanum Hringbraut, Karitas heimahjúkrunarþjónustu og starfsfólks Landhelgisgæslu Íslands.

Anna Albertsdóttir  
dætur, tengdasynir og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og langafi,

**Ólafur A. Andrésson**  
fyrirverandi sjómaður, Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á Landakotsspítala þann 5. júlí.  
Fyrir hönd aðstandenda,

Oddný Pétursdóttir



Ástkæri faðir okkar, afi og langafi,

**Ólafur Jón Sigurjónsson**  
Vesturgötu 7, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala 19. júní sl.  
Jarðarförin fór fram í kyrrþey, að ósk hins látna.

Börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Fallegir legsteinar á góðu verði

**Englasteinar**

Hallabrunni 10 Hafnarfirði  
Sími: 563-2566  
[www.englasteinar.is](http://www.englasteinar.is)

## PETTA GERÐIST 8. JÚLÍ 1497

# Vasco da Gama siglir til Indlands

Landkönnuðurinn Vasco da Gama fæddist árið 1469 í Portúgal. Honum var fyrirskipað af konungi Portúgals, Manuel I, að finna Indland. Faðir hans átti upprunalega að sjá um þetta verkefni en da Gama átti einnig að finna nýja verslunarmarkaði fyrir Portúgal.

Áður hafði Bartolomeu Dias siglt fyrir Góðarvonarhöfða árið 1488 en það er syðsti oddi Afríku. Lengra höfðu Evrópumenn ekki komist og var það verk da Gama að finna land í austri þar sem Portúgalar gætu selt vörur sínar. Áður en da Gama kom til Indlands var landið nánast alveg ósnoitið af öllum erlendum áhrifum.



Vasco da Gama sigldi af stað frá Lissabon á fjórum skipum en ferðin gekk ekki áfallalaust fyrir sig því aðeins tvö þeirra sem lögðu af stað komu til baka og aðeins 54 af þeim 170 mönnum sem fóru í ferðina lifðu ferðina af en skipið kom aftur til Portúgals árið 1499.

Vasco da Gama opnaði sjóleiðina frá Vestur-Evrópu til Asíu og markaði þannig nýtt tímabil í sögu heimsins. Ein forsenda þess að Portúgal varð stórveldi á sínum tíma má rekja til þessa afreks da Gama. Þetta skipti einnig miklu fyrir lönd Evrópu þar sem þau höfðu allt vald á sjó og gátu stundað verslun við fjarlæg lönd.

## MERKISATBURÐIR

- 1889** Bláðamaðurinn Charles Henry Dow gefur út fyrsta eintakið af Wall Street dagblaðinu (Journal).
- 1903** Síldarsöltun hefst á Siglufirði og markar upphaf síldarævintýrsins sem stóð í 65 ár.
- 1922** Ingibjörg H. Bjarnason, 53 ára skólastjóri, kjörin á þing, fyrst kvenna.
- 1932** Dow Jones-vísitalan nær lágmarki sínu í kreppunni miklu, 44,22 stig.
- 1947** Fréttir berast af því að fljúgandi furðuhlutur hafi brotlent í Roswell, Nýju-Mexíkó.
- 1987** Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tekur við völdum.
- 1996** Kryddþjumar gefa út sitt fyrsta lag, Wannabe.



RÓBERT TRAUSTASON, ARNALDUR BIRGIR KONRÁÐSSON OG EVERT VÍGLUNDSSON Þeir byrjuðu að hlaupa á miðnætti frá Helli til Reykjavíkur, alls hundrað kílómetra.

BOOT CAMP ÞJÁLFAVAR: HLAUÐA HUNDRAD KÍLÓMETRA TIL STYRKAR BLÁTT ÁFRAM

# Hugarfarið skiptir öllu máli

Á miðnætti hófu þrír garpar að hlaupa frá Helli sem leið liggur til Reykjavíkur til styrktar félagsamtökunum Blátt áfram. „Við viljum vekja athygli á málstað Blátt áfram samtakanna og því starfi sem þau eru að vinna,“ segir Róbert Traustason, einn af hlaupurum, en samtökin vinna að því að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.

„Við ákváðum í fyrra að taka okkur svona verkefni fyrir hendur af því að þá hjóluðum við fyrir gott málefni. Við ákváðum að hlaupa hundrað kílómetra og höfðum samband við Blátt áfram samtökin eftir að hafa velt fyrir okkur hvar peningunum væri best varið og þau tóku vel í okkur þannig að við ákváðum að fara í samstarf saman.“

Það eru þeir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason, Boot Camp þjálfarar, sem ætla að hlaupa þessa hundrað kílómetra en lengsta vegalengdin sem

þeir hafa hlaupið hingað til eru þrjátíu kílómetrar. Róbert segir þá ekki hafa þjálfað sérstaklega fyrir hlaupið en þeir séu í mjög góðri alhliða æfingu. „Við höfum litlar áhyggjur af þolinu og vöðvunum en það eru liðamótin sem eru ekki vön svona álagi, þetta eru kannski hundrað þúsund skref ef við erum að hlaupa á meðalhraða og það er töluvert högg á hnén, ökkla og liðamótin. Þetta er spurningin um að halda áfram og hætta ekki þó maður lenti á vegg eða finni fyrir sársauka, það er aðallega hugarfarið og stuðningurinn frá félögnum sem kemur manni í gegnum þetta,“ segir Róbert.

Þeir leggja af stað á miðnætti eins og áður sagði og ætla að hlaupið taki um fjórtán klukkutíma. Þeir stefna að því að verða niðri á Reykjavíkurhöfn klukkan tvö um daginn þar sem verður haldin fjölskylduhátíð. Þeir hvetja alla til þess að hlaupa með þeim hluta

af leiðinni en þeir ætla að vera á Litlu kaffistofunni klukkan tíu um morguninn og hjá Húsgagnahöllinni klukkan tólf.

Þeir Róbert, Evert og Arnaldur hafa starfrækt Boot Camp í tvö ár en áður voru þeir allir einkaþjálfarar. Róbert segir að fólk á öllum aldri komi í Boot Camp, frá fimmtán ára unglíngum til sextugs fólks og eins og er sé meirihlutinn konur. „Við reynum að ýta hverjum og einum þannig að viðkomandi leggi sig hundrað prósent fram án þess þó að ganga of langt.“

Róbert hvetur alla til þess að styrkja verkefnið og bendir á að hægt sé að kaupa bol á Esso-stöðvunum og hlaupastöðvunum tveim og hlaupa með þeim. Einnig er hægt að hringja í síma 907-2000 og þá dragast þúsund krónur af símareikningnum og fyrirtæki geta heitið á þjálfarana með því að hringja í síma 533-2929.

[gudrun@frettabladid.is](mailto:gudrun@frettabladid.is)

## Hólar 900 ára

Á sunnudaginn verður messa í Hóladómkirkju klukkan ellefu þar sem séra Jóhanna Sigmarsdóttir, prófastur Múlaprófastdæmis, mun þjóna fyrir altari. Einnig munu þau Lára Oddsdóttir og Vigfús I. Ingvarsson prédika og kór af Héraði syngur en þetta er liður í afmælishátíð Hóla, en biskupsstóllinn og skólahald á hólum fagna 900 ára afmæli um þessar mundir. Hólahátíð verður síðan haldin dagana 11. til 13. ágúst og næstu helgar munu önnur prófastsdæmi sigla í kjölfar Múlaprófastdæmis.

Í tilefni afmælisins hefur Jón Aðalsteinn Baldvinsson Hólabiskup kallað söfnuð stiftisins heim að Hólum.



HÓLADÓMKIRKJA Dagur Múlaprófastsdæmis verður á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFLUR

Fyrsti Hólabiskupinn, Jón Helgi Ógmundarson, lagði til að allir úr biskupsdæmi sínu skyldi koma til höfuðkirkjunnar á Hólum að minnsta kosti einu sinni á ári. Með því að kalla alla heim að Hólum fer Jón Aðalsteinn því að fordæmi nafna síns sem var biskup á árunum 1106 til 1121.

## ÚTFARIR

- 11.00 Óskar Sigurður Vilhjálmsson**, Víðimýri 10, Sauðárkróki, verður jarðsönginn frá Mælifellskirkju.
- 11.00 Ísleifur Helgi Guðjónsson**, húsmóðir og trúboði, frá Rauðuskriðum í Fljótshlíð, verður jarðsönginn í Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð.
- 13.00 Hörður Valdimarsson**, fyrirverandi lögregluvarðstóri, Nestúni 17, Helli, verður jarðsönginn frá Oddakirkju á Rangárvöllum.
- 14.00 Bergþóra Kristinsdóttir** húsmóðir og trúboði, Tjarnarásí 13, Stykkishólmi, verður jarðsönginn frá Stykkishólmskirkju.
- 14.00 Ágúst Theódór Blöndal Björnsson**, Breiðabliki 6, Neskaupstað, verður jarðsönginn frá Norðfjarðarkirkju.
- 14.00 Helga Jónsdóttir**, Laufási, Rauðarhöfn, verður jarðsönginn frá Rauðarhafnar-kirkju.

**14.00 Margrét Gunnlaugsdóttir**, Túngötu 14, Patreksfirði, verður jarðsöngin frá Patreksfjarðarkirkju.

## AFMÆLI



Ragnar Arnalds rithöfundur er 68 ára.

**Hallveig Rúnarsdóttir** söngkona er 32 ára.



Védís Hervör Arnadóttir söngkona er 24 ára.





Landsbankinn



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



FIFA WORLD CUP  
GERMANY  
2006

Í KVÖLD KL. 19:00

# ÞÝSKALAND PORTÚGAL

HM 442 með Þorsteini J og Heimi Karls strax eftir leik

# 3. SÆTIÐ



GOTT FOLK MCCANN

**SYN**  
besta sætið



# Gæsa húð og tár í augun

Aðalbjörg Árnadóttir og Jörundur Ragnarsson fara á kostum sem nördarnir og einfelningarnir Sara og Mikki í söngleiknum Footloose. Aðalbjörg útskrifaðist fyrir ári úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands en Jörundur nú í vor. Rósa Signý Gísladóttir ræddi við þau um leiklistarframann og stemninguna í Footloose.

Í fyrsta sinn þegar við vorum að læra sporin fyrir atriðið þar sem allir krakkarnir hrópa „við erum frjáls“, þá misstum við okkur, fengum sum gæsa húð og tár í augun,“ segir Aðalbjörg og greinilegt er að mikil stemning hefur verið í leikarahóp Footloose, enda ekki amalegt að syngja við klassíska rokkónlist og fá að sleppa sér á dansgólfinu. „Unnur ákvað að fara fyrst og fremst á hjartanu og tækninni. Ef maður ætlar að vera rosalega fyndinn er maður bara ekkert fyndinn. En ef maður setur hjartað fyrst og alvöruna þá gengur þetta vel,“ segir Aðalbjörg.

Jörundur bætir við að það hafi verið mjög gaman að leyfa sér að frika út og dansa, en þakkar fyrir

að Mikki, karakterinn sem hann leikur, á ekki að kunna að dansa. „Ég er nördinn og slepp vel, manni er alveg fyrirgefið þó maður syngi aðeins verr og dansi,“ segir hann.

„Ég var svo rosalega glöð þegar Jörundur var ráðinn. Allir í kringum mig voru alveg „þú ert að fara að leika á móti Jörundi, það er svo gaman. Oh, hvað þú ert heppinn!“ segir Aðalbjörg í gervi fimmtán ára gelgju. Jörundur er fljótur að svara í sama streng: „Ég var líka rosalega glaður að leika með þér, Aðalbjörg,“ og skyndilega breytist einn nýjasti hjartaknúsarinn í leiklistinni í fimm ára strák.

**Örlagaegg og landsbyggðarflakk**  
Aðalbjörg er Reykvíkingur en fæddist í Danmerku. Hún var lengi



**AÐALBJÖRG ÁRNADÓTTIR**

**ALDUR:** 26 ára.

**ÁHUGAMÁL:** Vera í náttúrunni, bækur og leiklistin.

**FYRIRMYND:** Ég á fullt af fyrirmyndum. Maður lærir af einhverju fólki á hverjum einasta degi.

**BÓKIN Á NÁTTBORDINU:** Meðal annars var ég að lesa ævisögu Guðrúnar Ásmundsdóttur leikkonu um daginn. Svo er ég að lesa Draumalandið aftur og Nafnabókina.



**JÖRUNDUR RAGNARSSON**

**ALDUR:** 27 ára á sunnudaginn.

**ÁHUGAMÁL:** Leiklistin, hef ekki haft tíma fyrir annað.

**FYRIRMYND:** Bara mamma og pabbi.

**BÓKIN Á NÁTTBORDINU:** Draumalandið eftir Andra Snæ.



**AÐALBJÖRG OG JÖRUNDUR** Leikarnir hafa fengið góða dóma fyrir leik sinn í Footloose en hlutverk þeirra þykja sprenglægleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

með drauma um að verða leikkona þegar hún var lítil en „reyndi að þykjast verða eitthvað annað“ um tíma. Hún var í leiklist í Kramhúsinu hjá Hörpu Arnardóttur og kemur úr leiklistarfjölskyldu, því faðir hennar, Árni Pétur Guðjónsson, er leikari og Kjartan bróðir hans einnig. Aðalbjörg hefur haft nóg að gera frá því að hún útskrifaðist en hún lék meðal annars í Borgarleiðhúsinu.

Jörundur er sannkallaður landsbyggðarflakkari því hann fæddist á Hvammstanga, bjó á Laugabakka í sjö ár og einnig á Suðureyri, Súðavík og í Ólafsvík. „Svo kenndi ég einn vetur á Patreksfirði ári eftir að ég útskrifaðist úr menntaskóla. Fimm árum eldri en elstu nemarnir. Maður kynntist mörgu áhugaverðu fólki,“ segir hann. Jörundur er sannkallaður landsbyggðarflakkari því hann fæddist á Hvammstanga, bjó á Laugabakka í sjö ár og einnig á Suðureyri, Súðavík og í Ólafsvík. „Svo kenndi ég einn vetur á Patreksfirði ári eftir að ég útskrifaðist úr menntaskóla. Fimm árum eldri en elstu nemarnir. Maður kynntist mörgu áhugaverðu fólki,“ segir hann.

Jörundur reyndi fyrir sér í leiklist í menntaskóla en veiktist fyrir sýningu og steig aldrei á svið. „Ég byrjaði ekki í leiklistinni fyrr en árið áður en ég sótti um leiklistarskólann,“ segir Jörundur. Ásamt Footloose er hann að leika í Pene-

treitor í sumar en það var fyrst sett upp í fyrra. „Við unnum mikið með geðsjúkum fyrir leikritið en það byggir að hluta til á geðveiki. Við sýnum þetta aftur í sumar og látum ágóðann renna til þeirra,“ segir Jörundur. Sýningar á Penetreitor hefjast aftur á þriðjudaginn í Sjóminjasafninu á Grand-

námskeiðið 501 gamanleikhús á hverri einustu sýningu,“ segir Aðalbjörg. „Þú ert að vinna með snillingum í söng og dansi, látinn syngja við hliðina á Selmu og Heiðu, dansa við hliðina á dönsurum úr Íslenska dansflokknum og leika með gamanleikurum Íslands. Ef þú ert ekki að læra af því og

„Ég hefði bara farið að hlæja og haldið að manneskjan væri klikkuð ef hún hefði sagt mér að ég ætti eftir að leika í Footloose.

Þannig að maður veit aldrei hvað gerist,“ segir Aðalbjörg, sem er núna hæstánægð með hlutverkið í Footloose.

gördum. „Svo er það Astrópía og söngleikurinn hans Hugleiks í Þjóðleikhúsinu í haust,“ segir Jörundur, en tókur eru að hefjast á kvikmyndinni Astrópiu þessa dagana. Jörundur þykir greinilega góður í nördahlutverkið því hann leikur „role-playing“ nörd í Astrópiu.

**Tár, bros og dansskór**

„Mér finnst ég vera að mæta á

meta það sem lífsreynslu þá er eitthvað að,“ segir hún og montar sig yfir því að fá að dansa með Brad í Íslenska dansflokknum. „Ég fæ að dansa sóll,“ segir Jörundur í sama tón.

Jörundur og Aðalbjörg segja að það sé nóg að gera framundan en maður verði að bera sig eftir björginni. „Þetta er alveg hark. Það eru svo margir um samninga við leikhúsin. Svo er leiðinlegt að



„Ég er nördinn og slepp vel, manni er alveg fyrirgefið þótt maður syngi aðeins verr og dansi.“

segja það en það er erfiðara að vera stelpa. Það er miklu meira í boði fyrir stráka,“ segir Aðalbjörg. „Bæði í mínum árgangi og Jörundar voru strákarnir komnir með vinnu miklu fyrr,“ segir Aðalbjörg. „Já, leikskáldin skrifa meira fyrir stráka. Ég byrjaði að æfa fyrir Footloose strax eftir að ég var búinn í Nemendaleikhúsinu. Svo er ég að fara í Þjóðleikhúsið í haust,“ segir Jörundur. „Þetta er bæði heppni og þú verður að vera duglegur.“

Aðalbjörg segir að amma hennar hafi ekki verið glöð þegar hún sagði henni að hún væri komin inn í leiklistardeildina. „Guð minn góður, enn ein komin í ormagryfjuna, sagði hún. Og Kjartan frændi mínur leisti ekkert á þetta. Ég er búinn að horfa upp á svo margar atvinnulausar leikkonur, ég get ekki horft upp á þetta“ sagði hann.“

Jörundur og Aðalbjörg hafa fengið góða dóma fyrir leik sinn í Footloose en þau segjast reyna að taka ekki dóma nærri sér. „En maður tekur mark á góðu dómum,“ segir Jörundur og hlær. „Áður en ég kíkti á fyrsta dóminn í Nemendaleikhúsinu hugsaði ég: „jæja, nú verð ég að ákveða þetta. Ætla ég einhvern tímann að taka mark á dómum eða ekki? Auðvitað getur maður lært af þeim en maður má ekki taka þetta inn á sig,“ segir Aðalbjörg.

#### Gróska í íslensku leikhúslífi

Jörundur og Aðalbjörg segja að það sé mikil gróska í íslensku leikhúslífi og að útþráin sé ekki sterk. „Ég trúi því að við, leikararnir sjálfir, sköpum íslenskt leikhúslíf þannig að mann langar ekkert til að fara út. Nýja fólkið breytir leikhúsinu og það er mikil gróska og spennandi verkefni í gangi. Fólk er mikið að gera eitthvað sjálf, Vesturportíð var brautryðjandi í því og mikil hvatning fyrir alla hina. Það er alveg hægt að byrja hérna heima í bílskúr og gera eitthvað skemmilegt,“ segir Jörundur.

Þau eru þó sammála um að fara í mastersnám einhvern tímann á lífsleiðinni. „Maður verður að gera það. Ég er með það á stefnuskránni að fara eitthvað út og læra meira. Við erum svo innilokuð hérna heima,“ segir Jörundur. „Kannski verð ég fimmtug en ég er búin að ákveða að fara í master einhvern tímann. Það er svo hollt að fara út og sjá annað leikhús, Ísland er náttúrulega svo lítið,“ segir Aðalbjörg.

#### Grunaði ekki að þau myndu leika í vinsælum söngleik

„Ég held að það skipti engu máli hvort þú ert með söngleik eða ert að leika litlu Önju eða tré til hægri eða bara í barnaleikriti, þú ert með sama viðhorfið. Ef þú gerir þetta af heilum hug og vinnur vinnuna þína þá færðu það sama út úr því. Það er annað þegar mann langar að gera eitthvað fyrir sjálfan sig, að gera draumaverkið sitt,“ segir Aðalbjörg.

Aðalbjörg og Jörundur segjast ekki hafa grunað að þau ættu eftir að leika í söngleik strax eftir útskrift. „Ég fór í leiklistarskólann og ætlaði að gera leikhús inni í skógi fyrir einn. Mér fannst svona tilraunaleikhús dauðans svo spennandi. Ég hefði bara farið að hlæja og haldið að manneskjan væri klikkuð ef hún hefði sagt mér að ég ætti eftir að leika í Footloose. Þannig að maður veit aldrei hvað gerist,“ segir Aðalbjörg, sem er núna hæstánægð með hlutverkið í Footloose.

En hvernig list þeim á að eyða öllum helgarkvöldum sumarsins í sýningar á Footloose? „Það gæti verið gaman að skreppa eina helgi í frí í sumar en það er ekki hægt,“ segir Jörundur. „Maður verður bara að fara í mánudagsútilegu,“ segir Aðalbjörg bjartstýn. ■



## ASÍUÆVINTÝRI ERPS ÞÓRÓLFSS EYVINDARSONAR

### Ég er húsmóðir í Kína

Komið þið sæl. Ég heiti Erpur Eyvindarson. Ég er húsmóðir í Kína. En við erum með þjónustustúlku þannig að ég er meira eins og húsmóðir á Arnarneshluta Garðabæjar. Húsmóðir sem á alltof ríkan kall og hefur töluverðan tíma fyrir ekki neitt. Með öðrum orðum, ég hef ekkert að gera.

Þetta hljómar eftirsóknarvert en er það ekki nema í nokkra daga. Sérstaklega þar sem mér er meinað að sofa út. Því allt sem heyrst í Kína heyrst á morgnana og um helgar oftast. Gott að það komi einnig fram að morgnarnar í Kína byrja svona um fimm leytið á næturnar. Við erum með útsýni og svalir sem snúa út í stórkostlegan almenningsgarð. Verst að allir í Kína eru sammála um ágæti garðsins og vilja helst allir vera

í honum í einu. Alltaf. Til dæmis er barnalúðrasveit með reglulegar æfingar þar. Krakkarnir eiga eflaust eftir að ná langt í framtíðinni en í dag ná þeir ekki ófólskum tóni úr lúðrunum. Þarna safnast líka saman fuglar, hafa hátt og eru með skríslæti. Þar að auki einhverjar raddæfingagátapur sem æpa marga klukkutíma á dag. Vill einhver gjöra svo vel að útskýra fyrir mér hvaða jógafræði gengur út á að góla sama tóninn alla daga, alltaf fyrir hádegi og alltaf fyrir framan gluggann minn? Annarstaðar í Kína standa jógar hreyfingarlausir á staur allt sitt líf og eru sáttir. Ég væri til í að sjá meira af þeim hér. Sá asíski siður að spila tónlist í hljóðkerfi almenningsgarða tekur líka á. MIG-þotur í hópum fljúga

síðan reglulega yfir húsið mitt allan daginn í lágflugi. Örugglega að æfa sig fyrir hugsanlega árás æstra Falun Gong hugleiðslugeðsjúklinga.

Ekki má síðan gleyma að Kínverjar fundu upp púðrið og finnst þar af leiðandi frábært að sprengja rosalega flugelda allt árið. Eins og þetta sé ekki komið gott þá kemur truflunin jafnvel enn nær. Því allir kínverskir viðgerðarmenn koma fyrir hádegi um helgar. Þeir bora og hamra á sama tíma og það tekur því varla fyrir þá að fara aftur. Kínverskir hlutir bíla nefnilega ansi oft enda tjasla þeir oft frekar upp á draslið í stað þess að klára viðgerðina fyrir fullt og allt. Þessi pistill gæti allt eins verið lesendabréf í Velvakanda Morgunblaðsins. Ég skil núna betur húsmæðurnar í



ERPUR P. EYVINDARSON

Garðabæ sem halda þeim blaðhluta uppi með milljónum pistla um afnotagjöld ríkisútvarpsins, giftingu kynvillinga og álíka frumlegheit. En á sama tíma held ég að allar mínar kenndir í þessa átt séu mettar og ég verð að fara að vakna fyrr á morgnana.

# TÖLVULISTINN

## SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR



### LOKAÐ Í DAG

Vegna árlegrar sumarferðar starfsmanna Tölvulistans verða verslanir okkar lokaðar í dag 8. júlí. Sjáumst eftir helgi

Frábær 19" Acer 8ms LCD skjár Á tilboði út júlí **29.900**

REYKJAVÍK AKUREYRI KEFLAVÍK

Nóatún 17 • Sími 562 6730

Glerárgata 36 • Sími 464 7400

Hafnargata 90 • Sími 534 7400



# Ferðin til fyrirheitna landsins

Verslun með fólk er sú glæpastarfsemi sem fer hvað mest vaxandi í heiminum í dag. Ágóðinn jafngildir ágóðanum af fíkniefnasölu en viðskiptin eru öruggari því að fórnarlömbin losna ekki úr ánaði inni fyrr en skuldin er greidd. Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, er einn helsti sérfræðingur Íslendinga á þessu sviði. Guðrún Helga Sigurðardóttir ræddi við hann.

Vandamálið er tvískipt, annars vegar er mansal þar sem fólk lendir í nauðungarvinnu og hins vegar er smygl á fólk þar sem þriðji aðili fær eingreiðslu fyrir aðstoð við vegabréf, skipulagningu ferðar og jafnvel að fylgja fólk til fyrirheitna landsins. Eingreiðslan nemur 10-20 þúsund dollurum eða hálfri til einni og hálfri milljón króna og er greidd á áfangastað. Þetta er há upphæð fyrir einstakling sem hefur kannski bara 100 dollara, eða innan við átta þúsund krónur, í tekjur á mánuði í heimalandinu.

Mansalið felur í sér að fólk frá fátækari og fjölmennari ríkjum heimsins greiðir mönnum á mála hjá glæpasamtökum fyrir að komast til vinnu í fyrirheitna landinu sem yfirleitt er vestrænt ríki, til dæmis Bandaríkin, þar sem fólksfjöldinn er mikill og auðvelt að leynast. Fólk veit að það ferðast ólöglega til landsins en telur sig hafa heiðarlega vinnu í vændum, til dæmis í verksmíðju, á hóteli, veitingahúsi eða við barnagæslu. Það gerir sér sjaldnast grein fyrir örlögum sínum.

## Drýpur smjör af hverju strái

„Þau vita að þau eru ólögleg og vita að þau þurfa að greiða ákveðna fjárhæð en fyrirheitna landið er framundan og þar drýpur smjör af hverju strái,“ segir Jóhann. Hann rifjar upp að lögglumennirnir hafi í upphafi reynt að útskýra



ingur greiðir skipulögðum glæpasamtökum 50-60 þúsund dollara, eða sem nemur þremur og hálfri til fjórum og hálfri milljónum króna, fyrir að koma sér frá heimalandinu í vinnu í fyrirheitna landinu. Fórnarlambið veit að það verður að greiða skuldina með nauðungarvinnu í þrjú til sex ár.

## Fórnarlömbin háð glæpahringnum

Jóhann segir að öðruvísi hugsunarháttur sé ríkjandi í heimalöndum fólksins en hér á landi. Sú hugsun sé ríkjandi að fjölskyldumelimum hjálpi að. Þeir sem fari í nauðungarvinnu erlendis lofi foreldrunum að senda peninga fyrir nýju húsi eða koma systkinunum til mennta. Lögreglan í viðkomandi

fólk að komast út úr ánaðinni. Það er fast nema fjölskyldunni verði fórnað,“ segir hann. „Fjölskyldan er það eina sem heldur þeim gangandi þegar þau liggja á dýnu einhvers staðar í nauðungarvinnu. Stærsti hluti launanna rennur til glæpasamtakanna og fólk veit að það er rétt fyrir mat og húsnæði.“

Jóhann segir að lögum hafi verið breytt til að lögregla og dómsvald geti sem best tekið á þessum málum og starfsmenn embættisins hafi sótt námskeið og fróðleik um þennan alþjóðlega vanda. Starfið hafi skilað góðum árangri og Íslendingar séu nú í fremstu röð. Vonandi hafi verið skrúfað fyrir umferðina um Ísland, svo vel hafi löggjafinn og lögreglan staðið sig. Það sé því aðeins

einni einustu ferð. Dennis Yee var atvinnulaus námsmaður með gull- og platinukort hjá öllum helstu flugfélögum í heimi. Hann var á leið með fjórar kínverskar stúlkur til Bandaríkjanna. Dennis Yee var dæmdur fyrir að aðstoða þessar fjórar og áður tvo karlmenn um Ísland. Stúlkurnar voru sendar heim til Kína í samstarfi við kínverska sendiráðið.

Smyggleiðirnar breytast sífellt og aðferðir glæpamannanna þróast stöðugt. Í tilfalli James Lyon voru öll skilríki fölsuð frá grunni og allt niður í stimpla í vegabréfi og merkingar á ferðatöskum. Lögreglan þurfti að sanna að viðkomandi stæði að skipulagðri glæpastarfsemi í hagnaðarskyni. Í framhaldinu var lögnum breytt

**FERÐIR DENNIS YEE** Bandaríkjamadurinn Dennis Yee var atvinnulaus námsmaður með gull- og platinukort hjá öllum helstu flugfélögum í heimi. Hann var á leið með fjórar kínverskar stúlkur til Bandaríkjanna þegar hann var stöðvaður hér á landi. Jóhann R. Benediktsson sýslumaður sýnir hér ferðir hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

njóta þess að vera í þessu hlutverki, falleg stúlka sem dansi vel hljóti að vera frjáls og margar og kannski flestar kvennanna sem hafi komið hingað árið 2000 hafi strengt til tekið verið frjálssar. „En ég fullyrði að þegar þessi starfsemi var sem mest hérna var að einhverju leyti um nauðung að ræða,“ segir hann og spyr: „Hver er ástæðan fyrir þessum stutta tíma sem þær dvöldust í landinu? Hvers vegna voru



**KÍNVERSKAR STÚLKUR** Ástralí fylgdi stúlkunum hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SMYGL Á FÓLK** Reynt var að smygla albanskri fjölskyldu til Bandaríkjanna.



**GLÆPAMENN** Yfirleitt eru einn til tveir fylgdarmenn með fólk.



**LOKAFYRIR ÍSLAND** Við milliföngu á Íslandi er stutt eftir til fyrirheitna landsins.



**REGLUR GILDA** Fólk losnar líklega úr ánaðinni þegar skuldin er greidd.

fyrir fórnarlömbunum hvernig raunveruleikinn gæti litið út á lokastað, að stúlkurnar væru hugsanlega á leið út í vændi, en það hafi ekki gengið. Tilhugsunin hafi verið þeim of fjarlæg.

„Hvernig útskýrir maður fyrir manneskju að hún geti lent í vændi? Hvernig á hún að trúa því að mennirnir, sem hafa verið að hjálpa henni á leiðinni til fyrirheitna landsins, sjálfir paradísar, ætli í raun að vera vondir við hana?“ spyr hann. „Við höfum skoðað myndir úr myndavélum og sjáum að það er fjör hjá þessu fólk. Þetta er fólk sem hefur kannski aldrei farið út fyrir sveitina sína en á leiðinni hingað hafa þau komið til margra landa. Þetta er ævintýri, hlátur og gleði allan tímann. Og svo komum við lögreglumennirnir og stöðvum þau á leiðinni til fyrirheitna landsins,“ segir hann.

Mansal felur í sér að einstak-

landi sé kannski spilt og ekki treystandi og ungu stúlkurnar trúu ekki orðum um að þeim verði kannski raðnaugað og þær lendi í vændi. „Þetta er jú mennirnir sem eru að hjálpa þeim,“ segir hann.

Jóhann segir það sitt mat að ekki gangi upp að bjóða fórnarlömbunum skjól hér á landi. Vilryði fyrir landvist hafi verið veitt en þrátt fyrir góðan vilja stjórnvalda þá vildu fórnarlömbin ekki landvist hér á landi. Svo fastar séu klær glæpasamtakanna í fórnarlömbunum. Heiður og virðing fyrir fjölskyldunni skipti fórnarlömbin miklu máli og fjölskyldan viti ekki af því þegar ung stúlka lendir í vændi. Glæpasamtökin viti hins vegar hvar fjölskyldan býr. Ef stúlkan gerir ekki eins og henni er sagt þá verði pabbanum misþyrmt, mamman missi vinnuna eða litlu systurinni nauðgað.

„Það er engin leið fyrir þetta

formsatriði að fullgilda samning Eyrþuráðsins gegn mansali.

## Löngu komin til Bandaríkjanna

Jóhann telur að öll fórnarlömbin, sem hafi verið stöðvuð á Íslandi, séu löngu komin til Bandaríkjanna. Þó að þau hafi verið send heim aftur og glæpamennirnir fengi dóma þá hafi það einungis orðið til þess að þau hafi verið send einhverja aðra leið auk þess sem skuldin þeirra við glæpahringinn hafi hækkað úr kannski fjórum milljónum króna í sex til sjö milljónir. Hann bætir við að ákveðnar reglur séu í gildi í mansalinu. Fólk losni líklega úr ánaðinni þegar skuldin er greidd og geti þá farið að senda meiri peninga heim.

Jóhann rifjar upp rannsókn á máli Dennis Yee, Bandaríkjamanns af kínverskum uppruna, sem hafði ferðast um allan heim á stuttum tíma en gat ekki gert grein fyrir

þannig að ekki þyrfti til dæmis að sanna hagnað brotamannanna, lögreglunni gert kleift að hafa fólk til skoðunar til lengri tíma á landamærum en áður auk þess sem það var gert refsivert að ferðast með fölsuð skilríki án þess að framvísa þeim. Lögum var breytt þannig að hægt væri að ná glæpamönnum og dómarnir og samfélagið sjálf fóru smám saman að hafa betri skilning á glæpnum.

## Stúlkurnar hljóti að vera frjálssar

Jóhann segir að skilningsleysi hafi ríkt þegar fyrst hafi farið að bera á þessum nýja vanda sem fyrst hafi komið upp eftir fall Berlínarmúrsins 1989. Menn hafi ekki skilið nauðungina og hvernig hún verði til. Hann rifjar upp að þúsund ungar stúlkur hafi komið hingað til lands árið 2000 til að starfa á nektardansstöðum. Karlmenn hugsi sem svo að svona fallegar stúlkur hljóti að

þær fluttar á milli landa? Þær voru vafalítið óruggar og vissu ekki hvort lögreglan væri á mála hjá maffunni eða ekki. Þessar stúlkur reyna að láta sér líða sem best í þessu hlutverki sem þær eru í þó að þær séu kannski í prinsippinu frjálssar. En í mörgum tilvikum eru þær ekki í þessu að eigin vali heldur hefur maffan einhver tök á þeim, til dæmis vegna fjölskyldunnar.

Tilvik hafa og geta komið upp hér á landi sem bera merki mansals en Jóhann telur að slík tilvik hljóti alltaf að vera mjög einangruð. „Vandinn getur ekki verið útbreiddur vegna smæðar samfélagsins. Það má þó alls ekki líta fram hjá því að þessi vandi getur birst hér í einhverri mynd. Lögreglan verður því að hafa mansalsákvæði hegningarlaga hugstæð ef alvarleg brot greinast á réttindum útlendinga hér á landi,“ segir Jóhann R. Benediktsson sýslumaður.





## RÚMGÓÐUR OG LÉTTUR Í AKSTRI

Hyundai Starex er sjö til níu manna bíll sem kemur mikið á óvart.

BÍLAR 2



## SVELLANDI SUMARÚTSÖLUR

Þrjátíu til sjötíu prósentu afsláttur er víðast veittur á sumarútsölum sem nú standa sem hæst.

TÍSKA 7

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

### ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]

Honda frumsýnir glænýjan Civic Type-S á bílasýningu í London í þessum mánuði. Á sama tíma verður sýnd verðlaunaútgáfa af 5 dyra Civic og hugmyndaútgáfa af Civic Type-R. Búist er við að sala á bílnum hefjist í byrjun árs 2007. Meðal aukahluta í grunngerð Type-S bílsins verða 17 tommu álfelgur, jafnvægiskerfi, loftkæling, kælihol, fjarstýring á hljómlutningstækjum og hliðaröryggis-púðar.

Gisting.is er vefur sem hefur að geyma upplýsingar um fjölda gisti-staða um land allt.



Þá eru á vefnum fjöldi götukorta yfir þéttbýli og bæjarfélög með ýmsum upplýsingum fyrir ferðafólk. Hægt er að finna gisti-staðina og staðsetningu þeirra á auga-bragði á auðveldan hátt.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 8. júlí, 189. dagur ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	3.20	13.33	23.43
Akureyri	2.26	13.17	24.06

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Hummer H1 jeppi Einars er hrikalegur ásyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stækkar stóran Hummer-jeppa

Jeppar gerast vart svakalegrir en Hummer H1-jeppinn sem Þórir Rúnarsson jeppadellurkarl hefur verið að breyta upp á síðkastið. Bíllinn er nú nærri því tilbúinn og er Þórir þegar farinn á fjöll á honum.

„Það hafa allir sinn djöful að draga og það má alveg segja að ólæknandi jeppadella sé minn djöfull,“ segir Þórir sem hefur eytt frístundunum í að gera upp þetta mikla tryllitæki sem Hummerinn er orðinn að. „Hann er kominn á 49 tommu dekk, en ég á eftir að klára hann að innan, þetta er ennþá bíll í breytingum, þó svo að ég sé búinn að setja hann á númer og byrjaður að fara á fjöll á honum.“

Bíllinn hans Einars er árgerð 2000 en er þó ekki ekinn nema 20.000 kílómetra. „Þetta er eiginlega nýr bíll. Ég er búinn að lyfta honum um fjórar tommur á boddinu en svo hefur þetta aðallega verið klippivinna, færa fótpetalana og í rauninni færa flest allt innan í bílnum, það er svona aðalvinnan,“ útskýrir Einar. „Svo er það náttúrulega allt þetta sem kemur utan á hann, ljóskastarar, siglingatæki, hljómtæki. Svo á eftir að setja á hann spilið og það er alveg hellingur eftir.“

Þetta er ekki fyrsti bíllinn sem Einar kemur nálægt því að breyta því hann segist hafa komið að smíðunum á nokkrum öðrum bílum. „Ég vinn eins mikið og ég get í þessu en svo læt ég bara vinna hitt fyrir mig. Ég lét boddí-lyfta honum fyrir mig og sömuleiðis að smíða millikassann en ég setti hann reyndar sjálfur í.“

Það þarf nokkuð stóra vél til þess að knýja áfram svona tryllitæki og undir húddinu á bílnum malar stór 6.5 lítra vél. „Hún er nú samt ekki nema 170 hestöfl en maður setur í hann tölvuheila, intercooler og fleira dót til þess að auka kraftinn í honum enn meira,“ segir Rúnar.

valgeir@frettabladid.is

### Ystafell stækkar

NÝR 720 FERMETRA SALUR TEKINN Í NOTKUN Í DAG.

Í dag verður formlega opnuð stækkun á húsnæði Samgönguminjasafnsins á Ystafelli. Unnið hefur verið að stækkuninni síðustu mánuði og klukkan 14.00 í dag, sex árum eftir opnun safnsins, verður nýr 720 fm salur tekinn í notkun. Á sama tíma verður opnuð sýning á gömlum myndum sem Jón Þórgímsson á Húsavík hefur safnað. Samgönguminjasafnið er tilvalinn viðkomustaður bílaáhugafólks í sumar.



Frá Samgönguminjasafninu á Ystafelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/NJÁLL GUNNLAUGSSON

# ÚT ÚR BÆNUM

TAKTU NÆSTA SKREF

LÁNSTÍMI ALLT AÐ 15 ÁR

60% LÁNS HLUFTALL

5,35% VEXTIR

### SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi og þú færð hagstætt lán fyrir allt að 60% af verðmæti eða 75% af byggingarkostnaði sumarhúss. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

DÆMI UM MÁNADARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 KR.\*

Lánstími	5 ár	10 ár	15 ár
5,35% vextir	19.030 kr.	10.780 kr.	8.090 kr.

\*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

FRÉTTABLAÐIÐ





**Veiðisumarið**  
með Stefáni Jóni Hafstein

Fleiri veiðifrættir og heilræði við veiðar á [www.flugur.is](http://www.flugur.is).

## Stórt og smátt er það sem gengur

Veiðiskapurinn er upp og ofan. Ekki verður laxveiðimetsumar í ár. Laxveiðin er köflótt, Borgarfjarðarár eru nokkrar í góðum gangi en annað varla nema með undantekningum. Og svo eru þeir sem koma heim svo öngulsárir að þeir vilja varla tala um það: hópur kastaði með átta stöngum í þrjá daga í fornfræga laxveiðiá og kom heim með einn. Í silungsvæðinni er svipað uppi. Kunningi okkar á [flugur.is](http://flugur.is) sem kominn er úr þremur Hlíðarvatnsferðum segir að veiði sé í lægð, reyndustu menn fara fisklausir heim. Á Þingvöllum hefur verið tregt í bleikjunni hjá mörgum, en á móti hafa menn lent í urriðaskotum. „Strákurinn tók níu punda urriða,“ segir stoltur faðir, fjöskýldan fékk fína kvöldveiði þegar urriðinn kom að landi.

Ég var í Laxá í Mývatnssveit í vikunni og öll sýnishorn af veiðisumrinu blöstu við. Svæði gáfu misjafnlega og engin regla á því, sumir höfðu verulega mikið fyrir því að særa upp fisk heilu dagana, en aðrir lentu í ævintýrum lífsins. Áin er glær og greinilegt að þörungar úr Mývatni láta á sér standa, þess vegna fær lifran í ánni ekkert æti og silungurinn sem étur hana er því í megrun þangað til lifran fer að vaxa á ný.

Hins vegar býr fiskurinn enn að fyrstu göngu mýflugunnar og er mjög sterkur – fjögurra punda fiskar fara í loftkostum og reyna á léttar stangir til hins ítrasta.

Þeir sem eru svo heppnir að setja í stórfiska fá virkilega að finna fyrir því. Ég plataði einn stóran til að taka blóðorm, og þá var engu spurninga spurt: Hann fór beint strik niður úr hylnum þótt bremsan væri í botni á hjólinu og ofan í straumbunga 100 metra flúð. Veifaði sporðinum í kveðjuskyni og reif fluguna úr sér, það var allt og sumt sem ég sá af honum, en nægði mér alveg! Allar tegundir flugna gáfu fisk: stórar straumflugur og örsmáar lifrur og allt þar á milli. Það er því heilræðið í dag til veiðimanna: prófið sem flest. Og smækkið flugurnar. Nú er komið fram í júlí, gnótt er af æti og bæði silungur og lax vilja smærri flugur. Prófið örflugur í laxinn, svartar smápöddur í silung. Stærðir 14-16 fyrir lax og allt niður í 18 fyrir silung. Sýnishorn af svona flugum eru á [flugur.is](http://flugur.is).

Fleiri veiðifrættir og heilræði við veiðar á [www.flugur.is](http://www.flugur.is); Flugufrættir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á [flugur.is](http://flugur.is) með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.



Sólveig Einarsdóttir með fallegan Laxáurriða í réttu stærð fyrir unga veiðikonu.



Borgin er í senn stórborgar- og smábærleg. Hér sést nautaatshringurinn sem nýlega er búið að gera upp. Misdýrt er í sætin og fer verðið eftir því hvort setið er sólarvegi eða í skugganum.

## Pablo og márarnir

*Costa del sol er best þekkt sem ferðamannastaður þar sem Íslendingar drekka bjór, liggja á ströndinni og drekka svo meiri bjór. Í Málaga er hins vegar hægt að upplifa svo miklu meira.*

Ég kom til Málaga, sem er eiginleg höfuðborg Costa del Sol, eftir fjórtán tíma lestarferð þar sem ég hafði lítið annað en bíómyndina „Spy Kids“ á spænsku mér til skemmtunar. Klukkan var orðin tólf á miðnætti og á móti mér tók félagi minn sem búsettur var í borginni. Að Íslendinga sið var hann með bjór í hönd og bauð mér, sem lítið vildi gera annað en leggja ást í rúmið, einn til samlætis. Ég komst svo loks í rúmið klukkan sjö um morguninn.

Félagi minn bjó við Plaza de la Merzed-torg sem í augum innfæddra er staðurinn til að hittast. Spánverjar borða kvöldmatinn seint og eru líkir Íslendingum að því leyti að þeir eru seinir að koma sér á skemmtistaðina. Þess í stað hittast þeir allir á torginu, kaupa sér nokkra drykki og spjalla við vinina. Þegar ég útlendingurinn mætti var ég litinn hornauga. Enn einn túristinn sem kominn var til að haga sér eins og kjáni. Þeir voru fljótir að skipta um skoðun þegar í ljós kom að ég var í för með innfæddum. Ég var

kysstur og knúsaður og allt var borgað fyrir mig.

Eitt það fyrsta sem ég rak mig á í gleðskapnum var að allir voru með plastglas í hendi. Teknir voru einn eða tveir sopar og glasið látið ganga. Þú varst aldrei með sama drykkinn lengi og keyptirðu drykk gafstu næsta manni sopa og hann lét glasið ganga áfram. Þú sást glasið að öllum líkindum ekki aftur.

Spánverjar elska tapazíð sitt og lítið annað var borðað á meðan á dvöl minni stóð. Einn skemmtilegasti staðurinn sem ég fór á var El Tintero. Hann var niðri við ströndina og setið var á trébekkjum undir berum himni. Við pöntuðum vín en fengum engan matseðil í hendurnar. Hann þurfti heldur ekki. Þjónarnir gengu um kalandi hvaða rétti þeir væru með og maður rétti bara upp höndina hefði maður áhuga. Allur maturinn var fenginn úr fangi hafsins og bragðaðist makrillinn sérstaklega vel. Þegar komið var að því að borga taldi þjónninn diskana, sem voru mismunandi að lit eftir réttunum, og borgað var í samræmi við það. Ég verð að viðurkenna að undir lok kvöldsins, þegar allt var orðið fullt af þjónum og gestum, fékk ég nóg af ópunum og var feginn að ég var með tveimur félögum en ekki á rómantísku stefnumóti.

Í Málaga er auðvelt að fá útrás fyrir menningarþorstann. Fremst

í flokki er Pablo Picasso-safnið en Málaga var heimaborg Picasso. Nýlega er búið að gera upp nautaatshringinn í borginni og yfir öllu saman gnæfir minnismarki um fyrrverandi herraþjóð Spánar, höll máranna. Höllin, sem heitir Alcazaba, er algjörlega frábrugðin grámyglulegum miðaldakastólum Evrópu. Mikið er um gróna garða og er höllin þannig byggð að ljósið nýtist sem best. Í gegnum mörg herbergi rennur lítil lækur og í stað kröftugra gosbrunnna eru litlar sprænur sem leka svo hægt að þær virðist storka lögmálum eðlisfræðinnar. Márar vildu að hallirnar væru afdrep þar sem hægt væri að róa líkama og sál. Endalaus og rólegur niður vatnsins er mjög sefjandi og það nýttu þeir sér. Veitukerfið um höllina er mjög flókið og eftir að Ísabella Spánardrottning náði Alcazaba aftur á sitt vald hætti vatnið að renna. Spánverjarnir gátu einfaldlega ekki látið kerfið virka og það var ekki fyrr en með tilkomu nútíma tækni sem hægt var að koma rennslinu í fyrra horf.

Málaga er einn af þessum stöðum sem erfitt er að njóta nema í fylgd með innfæddum. Það er þó hægt og ég mæli eindregið með því að Costa del Sol-farar heim-sæki borgina, sleppi björnum í einn dag, og sjái það sem Málaga hefur upp á að bjóða.

tryggvi@frettabladid.is

**Í ferðalagið**  
Mikið úrval af LCD flatskjám og lofnetum tilvalið í ferðalagið.

17" LCD flatskjár með innb. DVD 12V/220V

20" LCD 12V/220V

15" LCD flatskjár með innb. DVD 12V/220V

**eico** SKÚTUVOGI 8  
SÍMI 570 4700 • [www.eico.is](http://www.eico.is)

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Skemmtilegur ferðafélagi



Aspen er eitt frægasta skíðasvæði í heimi.

## Skíðað um jólin

**GB ferðir bjóða upp á skíðaferð til Aspen um jólin.**

Ferðaskrifstofan GB ferðir býður nú upp á jólaferð til Aspen þar sem er svo sannarlega hægt að skella sér á skíði.

Gist er á fimm stjörnu svíthútelinu Aspen Meadows en GB ferðir hafa áður boðið upp á gistingu á því hóteli við góðar undirtektir. Gist er í tíu nætur, en farið er út 19.

desember og komið aftur þann 29.

Verð í ferðina er 205.000 krónur á mann í Junior svítu en afsláttur er fyrir börnin. Innifalið í verðinu er flug með Icelandair til Minneapolis, flug með United Airlines til Denver, flugvallaskattar, tíu nætur í svítu á Aspen Meadows með morgunverði, ferðir í fjöllin og aðgengi að heilsulind hótelsins. Takmarkað sætaframboð er í ferðina.





Íslendingar ættu að geta notið sín vel á ströndinni á Spáni.

## Tónlistarhátíð á sólarströnd

**Fjölmargin Íslendingar halda til austurstandar Spánar á sumar en þar má meðal annars nota tímann í að liggja í sólbaði og hlusta á góða tónlist í leiðinni.**

Aldrei fyrr hafa eins margir Íslendingar lagt leið sína til Spánar og í sumar en algjör sprengja hefur meðal annars orðið á beinu flugi til Alicante. Fjölmargin er hægt að gera sér til gagns og gamans á þessu svæði enda er Spánn mikið ferðamannaland.

Meðal skemmtilegra afþreyinga má til dæmis nefna að í strandbænum Benicàssim fer

fram afar forvitnileg og skemmtileg tónlistarhátíð. Smábærinn Benicàssim er staðsettur rétt fyrir norðan Valencia en þangað tekur aðeins um þrjú tíma að ferðast með lest frá Barcelona og um tvo tíma frá Alicante.

Hátíðin er árleg og stendur hún yfir í fimm daga, en meðal hljómsveita sem spila á hátíðinni í ár má nefna The Strokes, Pixies, Franz Ferdinand, Depeche Mode, Scissor Sisters, Echo & the Bunnymen og Madness. Hér er því tilvalið tækifæri fyrir tónlistarþyrsta sólarleskendur til þess að sameina áhugamálin sín. Hægt er að kaupa bæði miða á alla hátíðina og dagspassa. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni fiberfib.com. sha

# Ókeypis inn á mörg söfn

Íslenski safnadagurinn 2006 er á morgun og af því tilefni verða ýmsar uppákomur á söfnum víða um land og frítt inn á mörg þeirra.

Á safnadaginn verður margt spennandi í boði á hinum ýmsu söfnum. Í Reykjavík verður meðal annars boðið upp á fræðslu um fjölærar jurtir í Grasagarði Reykjavíkur, listamannspjall kl. 15.00 í Listasafni ASÍ þar sem listamenn taka á móti gestum og ræða um verk sín, tónleika í stofunni á Gljúfrasteini kl. 16.00 og sýningu á íslenskrum tískuhönnun í Þjóðmenningarhúsinu.

Úti á landi verður einnig margt að gerast á morgun. Á Byggðasafni Húsvetninga og Strandamanna að Reykjum í Hrutafirði verður sýningin Ár og kýr, sem eru 365 vatnslitamyndir af kúm eftir Jón Eiríksson, bónda og listamann frá Búrfelli í Miðfirði. Í Húsinu á Eyrarbakka



Á Byggðasafni Rangæinga og V-Skaftfellinga að Skógum verður sérstök dagskrá í tilefni dagsins eins og á mörgum öðrum söfnum.

verður tónlistardagskrá í stásstofunni frá 14.00 til 16.00 og mun Ingi Heiðmar Jónsson stýra fjölbreyttri dagskrá þar sem píanóið forna verður í aðalhlutverki, auk þess sem verður sungið, spunnið og kveðið. Í Gamla bænum í Laufási í Grýtubakkahreppi verður boðið upp á tilbreytingu í anda Íslenskra

þjóðhátta Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili auk þess sem kaffihlaðborð verður í gamla prestsetrinu.

Uppákomurnar eru margs konar og um að gera að kynna sér hvað er í boði á hverjum stað. Allir sem hafa áhuga á íslenskrum menningu ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á morgun. emilia@frettabladid.is

**TANTRA**  
EROTISK VERSLUN  
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VÍÐS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA  
ÓPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00  
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00  
FÁKAFENI 11  
HLÍÐASMÁRA 13  
SÍMI 588 6969 / 587 6969  
WWW.TANTRA.IS

Simaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi simaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Ópið allan sólarhringinn, engin bið.

Símaspjall 908 6666. Ég heiti Klara og vil vera vinkona þín og langar í gott simaspjall við þig. Ópið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

### Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Dömurar á Rauða Torginu! Rúmlega 10 dömur hafa verið að leika sér í hressandi simaspjalli undanfarið. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín.) og 535 9999 (Vísu, Mastercard, kr. 199,90 mín.).

Sögurnar á Rauða Torginu eru áhrifaríkar upptökur íslenskra kvenna. Upptökur eru alls um 400 og er nýjasta upptakan afskaplega góð, sú besta um langa hríð! Þú hlustar í símunum 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín.) og 535 9930 (Vísu, Mastercard, kr. 19,90 mín.).

Símaspjall 908 2444 eða 908 2000. Hæ ég er Eva. Ertu einmanna viltu koma í simaspjall. Ópið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Kona óskar eftir að kynnast góðum manni, nálægt 67 ára aldrinum. Svör sendist fréttablaðinu merkt "Sumar06"

**Til Sölu**  
Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi  
Uppl. í s. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
- smáauglýsingar sem allir sjá

## FASTEIGNIR

### TIL SÖLU - Kögursel 5



Einstaklega fallegt einbýlishús 208 fm í Seljahver í Reykjavík. Húsið er 2 hæðir og bílskúr, auk ríslöfts. Vandað hús og vel viðhaldið. Nánari lýsing á heimasíðu Hóls [www.holl.is](http://www.holl.is) Söllum. Margrét í s.693fifi90. Gott verð 45,7 millj.

Hóll fasteignasala  
Franz Jezorski lögg.fasteignasali  
Skúlagata 17  
101 Reykjavík



### Opið hús - Skólavörðustígur 29 í dag laugardag frá kl.14 til 16



Einstaklega fallegt einbýlishús í miðbæ Reykjavíkur. Húsið er 210 fm alls, hæð og ris ásamt 3ja herbergja sér íbúð á jarðhæð. Húsið er mjög smekklega uppgeert á vandaðan hátt. Nánari lýsing á heimasíðu Hóls [www.holl.is](http://www.holl.is) Söllum. Margrét í s.693fifi90 verður á staðnum. Tilboð óskast í eignina.

Hóll fasteignasala  
Franz Jezorski lögg.fasteignasali  
Skúlagata 17  
101 Reykjavík



**HÚSEIGN**  
Fasteignamiðlun



Guðmundur St. Ragnarsson  
Löggiltur fasteignasali

### Öndverðarnesi I lóð 75

Opið hús sunnudaginn 2.júlí 14:00-18:00



Fallegt ca 57 fm sumarhús á frábærum stað. Leiðbeining að sumarbústaðnum: Keyrt er framhjá Prastarlundi og beygt inn um hlið til hægri mótis við þingvallaraleggjarann. Því næst er tekin fyrsta beygja til vinstri og svo næst eftir það aftur beygt til hægri. Bústaðurinn er merktur Hákot og er nr. 75

**Frekari Upplýsingar gefur Guðbjörg í síma 6982484.**

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali  
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109



# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Fasteignasala  
snýst ekki bara  
um fasteignir...  
...heldur líka um fólk

## HLÍÐASMÁRI 8, KÓPAVOGI - VERSLUN - ÞJÓNUSTA.



Höfum fengið í einkasölu á þessum frábæra stað, mjög gott 146 fm. húsnæði á jarðhæð í vönduðu húsi. Húsnæðið er í dag innréttað sem skrifstofu- og þjónusturými. Tvær góðar skrifstofur, fundarsalur og rúmgott opið rými. Góð starfsmannaástaða bakatil og geymslur. Húsnæðið getur losnað mjög fljótlega. Langtíma leiga kæmi til greina.

Verð 30 millj.

Upplýsingar gefur Hilmar á skrifstofu Hraunhamars

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA

SÍMI 533 4040

FAX 533 4041

OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17

Dan V.S. Wium hdl., lögg. fasteignasali

Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## OPIÐ HÚS UM HELGINA FRÁ KL. 14-17



### DAGVERÐARNES 30 - SKORRADALUR

Sérlega glæsilegt sumarhús á fallegri eignarlóð. Húsið er á eignarlóð og stendur innst í lokuðum botnlanga. Stór afgirt timburvernd með heitum potti er við húsið. Frá húsinu er frábært útsýni út á Skorradalsvatn. Húsið er 66 fm að stærð með millilofti að hluta. Allur frágangur er mjög vandaður, glæsilegar innréttingar og gólfefni. Afhending við kaupsamning. Verð. 26,0 millj.

JÓNÍNA TEKUR Á MÓTI ÁHUGASÖMUM UM HELGINA MILLI KL. 14 OG 17.

Kristinn Valur Wium  
Söluumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson  
Söluumaður Sími: 8964090

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**

## Vallarholt 11 - Bláskógarbyggð (við Reykholt)



OPIÐ HÚS  
UM HELGINA!



Glæsilegt kanadískt vandað heilsárshús 73,7 fm með stórrí skjólgóðri verönd, stórkostlegt útsýni, gott eldhús og stofa, 3 rúmgóð herbergi, stórt baðherb. með hurð út á verönd/pottinn, lítil geymsla/lagnaerbergi. Húsið er á 5,900 fm eignarlóð í landi Reykjavalla Biskupstungum. Heitt og kalt vatn við lóðarmörk (ekkert inntaksgjald) rafmagn við lóðarmörk. Húsið selst á núverandi bygginstigi og mest af því efni sem á vantar fylgir með húsinu. Húsið er nú tilbúið að klæða panel inni (allar milliveggja grindur komar upp), tilbúið til að setja þakefni á, tilbúið til að klæðahúsið að utan. Þetta byggingarstig gefur þér kost á að hafa allt þetta nákvæmlega eins og þú villt, það velur enginn fyrir þig þú velur þitt útlit. Það sem fylgir með er: Allur panel inni húsið þykkur og breiður, öll ull í loft og sérstök hljóðeinangri ull í milliveggi, innihurðir með búnaði og síðast en ekki síst íslensk sumarhúsa stemming. 95 km úr Rvk malbikað alla leið, örstutt í alla þjónustu, banka, verslun, veitingastað, sundlaug og bensínstöð. Sjón er sögu ríkari og þú sérð fljótt að þetta er mjög vandað hús að allri gerð.

Opið hús um helgina Gunnar sýnir 822 2324

domus  
FASTEIGNASALA



Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir  
Löggiltur fasteignasali

Laugavegi 97 | sími 440 6000

## HEIÐARRIMI 10 - KLAUSTURHÓLUM, GRÍMSNESI

Sölusýning laugard. 8. júlí og sunnud. 9. júlí



Sölusýning  
lau. 8. júlí og sun. 9. júlí

Vinsamlega hafið samband við Ragnar í síma 861-5892 eða 866-5121 áður en skoðað verður, hann mun sýna eignina á sölusýningunni.

Fallegt 58,5 fm sumarhús í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bústaðurinn hefur verið mikið endurnýjaður, nýtt parket á gólfum, nýjar vatnslagnir. Nýr og fallegur 90 fm. pallur og heitur pottur. Góð 6 fm. útgeymsla er við húsið. Hér er um að ræða bústað á 1 ha. stóru eignarlandi með gríðarlegu fallegu útsýni og fjallasýn í allar áttir. Aðeins ca. 50 mínútna keyrsla frá höfuðborginni.

Akstursleið: Leiðin sem er farin upp í bústaðinn er framhjá Kerinu, beygt til vinstri við afleggjarann að Búrfelli, bóndabærinn heitir Klausturhólar, beygt síðan til hægri þar sem stendur Klausturhóll og keyra þar sem er merkt neðri vegur og út í enda.

s. 664 6013/ 440 6013



Elsa Björg  
Þórólfsdóttir  
Viðskiptastjóri  
elsa@domus.is

Verð 10,9 millj.

Það er gott að  
búa á austurlandi

## Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU  
& LEIGU



### 3. herbergja íbúðir (tilbúnað til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnað án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

VERÐ FRÁ KR. 16.450.000\*

\* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa  
FASTEIGNAFÉLAG  
AUSTURLANDS  
567 3400

FASTEIGNA- OG SKIPASALA  
AUSTURLANDS EHF.  
580 7905

domus  
545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: [www.nmedia.is/ffa](http://www.nmedia.is/ffa)

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934





**Þetta gæti tekið tíma**



### **Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

\*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið



# REYKJAVIK.COM REYKJAVIKMAG

## Í **Reykjavík** er alltaf eitthvað sem er nýjasta **nýtt**

Líf, fréttir og viðburðir á ensku

Vefurinn **Reykjavik.com** og blaðið **Reykjavikmag** eru nýjar upplýsingaveitur **á ensku** sem munu líta dagsins ljós **innan tíðar**.

Þær bjóða upp á **ferska umfjöllun** og nýjustu **upplýsingar** um allt sem **heimsborgin Reykjavík** státar af á hverjum tíma; **menningarviðburði**, **skemmtistaði**, veitingastaði, söfn, gallerí, **tísku**, verslanir og **næturlíf**.

Nýjustu fréttir frá Íslandi

**Reykjavíkmag** blaðið kemur út **hálfsmánaðarlega** og verður dreift um **alla borg**. Vefurinn **Reykjavik.com** flytur alltaf **nýjustu fréttir** frá Íslandi og er stöðugt uppfærður **í samstarfi** við **Fréttablaðið** og **NFS**.

Be prepared,  
**REYKJAVIK.COM**  
**REYKJAVIKMAG**



## BORGIN GVATEMALA - HÖFUÐBORG GVATEMALA

**Íbúafjöldi:** Yfir tvær milljónir.

**Staðsetning:** Sunnanvert í dal í miðju Gvatemala.

**Trúarbrögð:** Rómversk-kaþólskir, mót-mælendur, Maya-trú.

**Hæð:** 1.520 metrar.

Fullt nafn borgarinnar á frummálinu er La Nueva Guatemala de la Asunción og er af innfæddum kölluð Guatemala eða Guate. Gvatemala er ekki aðeins höfuðborg Gvatemala heldur líka stærsta borg í Mið-Ameríku. Innan marka Gvatemala, eins og hún er nú á dögum, er hin forna Maya-borg, Kaminaljuyu. Sú borg er um tvö þúsund ára gömul og er ein af merkilegustu fornleifastöðum í Ameríku frá þeim tíma.

Jarðskjálfti eyðilagði borgina á árunum 1917-18 en borgin var byggð aftur á sama stað. Annar jarðskjálfti olli miklu tjóni árið 1976 og varð rúmlega tuttugu þúsund manns að bana.



### GLÓÐ inn

Við sundlaug Vesturbæjar í 25 ár

Ekta hamborgari  
Ekta steikarbragð

Hamborgara **tilboð** með öllu og kók í gleri **666 kr.**

Glóandi tilboð í sumar

# KOLAPORTIÐ

Góð leið til fjáröflunar



## OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

### VISSIR ÞÚ...

...að meira en 1,1 milljarður manna í heiminum talar kínversku?

...að lengsta stafróf í heimi er í khmer tungumálinu sem talað er í Kambódíu? Í stafrófinu eru 74 stafir.

...að vinsælasta hrollvekja í heimi er The Exorcist?

...að Frank Hanaway, fyrrverandi riddaraliðsforingi varð fyrsti áhættuleikari sögunnar þegar hann fékk hlutverk í kvikmyndinni Lestarránið mikla árið 1903?

...að stærsta netverslun í heimi þar sem hlaða má niður tónlist á löglegan hátt er iTunes verslun Apple sem opnuð var í maí 2003?

...að Micheal Jackson vann átta Grammy-verðlaun árið 1984?

...að 24. febrúar árið 2004 lék Jerry Hall í sex leiksýningum í jafn mörgum leikhúsum á West End í Lundúnum – allt á einu og sama kvöldinu?

...að töframaðurinn David Copperfield á stærsta einkasafn muna sem tengjast göldrum?

...að Svisslendingar ferðast að jafnaði 2.077 kílómetra með jarnbrautarlestum á ári hverju?

...að hæsta sjúkrahús í heimi er Guy's Tower sem er hluti af Guy's sjúkrahúsinu í London? Sjúkrahúsið er 34 hæðir eða 142,6 metra hátt.

...að fjölsóttasti skemmtigarður í heimi er Töfraríkið sem er hluti af Walt Disney World í Flórída í Bandaríkjunum?

...að Kareem Abdul-Jabbar lék alls í 57.446 mínútur á NBA-ferli sínum á árinum 1969 til 1989?

...að Belgíumaðurinn Firmin Lambot var 36 ára og fjögurra mánaða þegar hann sigraði í Tour de France árið 1922?

...að Harry Vardon vann British Open-golfmótið oftast af öllum eða sex sinnum?



# allt heilsa

Alla þriðjudaga  
og fimmtudaga



## Hvað geturðu sagt mér um borgina Spörtu?

Sparta er borg sem stóð við fljótið Evrótás á sunnanverðum Pelópskaga á Grikklandi. Til forna lá borgin skammt frá þeim stað þar sem borgin Sparte (borið fram Spartí) er nú. Blómatími Spörtu var frá 6. öld f.Kr. fram á 4. öld f.Kr. Borginni tilheyrði stórt landsvæði sem skiptist í tvo hluta: Lakóníu (eða Lakedæmóníu) og Messeníu.

### Upphaf Spörtu frá goðsögulegum tíma

Grikkir rökta upphaf borgarinnar til goðsögulegs tíma, en Lakedæmón, sonur Seifs, var sagður hafa stofnað borgina. Hann kvæntist bróðurdóttur sinni, Spörtu. Veldið nefndi hann eftir sjálfum sér, en höfuðborgina eftir konu sinni. Á tímum Trójustríðsins var Menelás Atreifsson konungur í Spörtu en kona hans var Helena fagra, sú er París hafði á brott með sér til Tróju og var sögð orsök stríðsins.

### Dórar byggðu Spörtu

Á 11. og 12. öld f.Kr. streymdu hópar fólks til Grikklands úr norðri. Þetta fólk talaði grískar mállýskur sem kallast einu nafni dóríska. Þeir sem bjuggu fyrir í landinu töluðu jónískar og æólískar mállýskur og nefndust Jónar og Æólar. Þeir höfðu komið til landsins nokkur hundruð árum áður. Dórar settust meðal annars að á Pelópskaga þar sem Sparta stóð og gerðust þar herraþjóð. Æ síðan byggðu Dórar Spörtu og raunar má enn finna leifar af dórískri mállýsku í máli þeirra sem þar búa.

### Útþenslustefna Spörtu

Um miðja 8. öld f.Kr. fór Sparta að færa út kviarnar. Spartverjar innlimuðu fyrst allt Lakóníuhérað og seinna nágrannaríkið Messeníu sem var vestan við Lakóníu. Íbúar þessara héraða urðu ýmist ríkisþrælar, svonefndir helótar, eða frjálsir en réttindalausir íbúar, svokallaðir kringbyggjar, og héldu þeir uppi efnahag Spörtu.

Útþenslustefna Spörtu stafaði einkum af aukinni þörf fyrir jarðir og ræktað land vegna fólksfjölgunar. Þrátt fyrir þetta voru spartverskir borgarar alltaf tiltölulega fáir. Þeir voru allir í hernum og stunduðu stanslausar heræfingar þegar þeir voru ekki í stríði, en þannig gátu þeir haldið yfirráðum sínum.

Ekki leið á löngu áður en öll ríkin á Pelópskaganum, að undanskildum ríkjum Argos og Akkaju, gengu í bandalag með

Spörtu. Spartverjum stóð því ekki ógn af neinum fyrr en Persar reyndu að sölsa undir sig Grikkland snemma á 5. öld f.Kr.

### Persastríðin

Í Persastríðunum gegndu spartverskir hermenn mikilvægu hlutverki í orrustunni við Laugaskörð (Permopýlæ) árið 480 f.Kr. Þar börðust um 300 Spartverjar auk um 1700 annarra Grikkja undir stjórn Leóníðasar, annars tveggja konunga Spartverja, við margfalt stærri her Persa og töfðu framgöngu hans dögum saman. Vegna þess hve þröngt var í skarðinu gátu Persar ekki nýtt liðsmuninn. Sagnaritarinn Heródótos segir að í her Persa hafi verið rúmlega fimm milljónir hermanna, en fræðimenn draga það hins vegar í efa og telja að í persneska hernum hafi verið milli 200 og 500 þúsund manns.

Að lokum fór svo að grískur smali að nafni Efiálfes sagði Persunum frá leið framhjá skarðinu og komust Persar þannig aftan að Grikkjunum og sigruðu þá. Grikkirnir létust allir, en um 20.000 Persar féllu í orrustunni. Síðar um haustið sigruðu Aþeningar persneska flotann í orrustunni við Salamis og árið 479 f.Kr. var innrásarher Persa loks sigraður endanlega í orrustunni við Plataju undir stjórn spartverska herforingjans Pásaníasar.

### Aþena og Sparta

Í kjölfar Persastríðanna urðu Aþena og Sparta öflugustu og valdamestu borgirnar á Grikklandi. Fljótlega skarst þó í odda með þeim og bandamönnum þeirra í Pelópskagastríðinu 431-404 f.Kr. Sparta sigraði og kom á andlýðræðislegri leppstjórn í Aþenu árið 404 f.Kr. Aðeins ári síðar var þeirri stjórn þó velt úr sessi og lýðræði komið á að nýju. Aþena hafði hins vegar glatað ítökum sínum og völdum fyrir fullt og allt.

### Veldi Spörtu dvínar

Árið 371 f.Kr. beið spartverski herinn ósigur í stríði gegn Þebu. Máttur Spörtu var þá farinn að dvína. Um miðja 4. öld f.Kr. jukust áhrif Filipposar II. Makedóníukonungs á Grikklandi. Sonur hans, Alexander mikli, sameinaði loks öll gríska borgirkin í eitt veldi. Sparta varð aldrei aftur stórveldi; blómatími hennar var liðinn.

Geir Þ. Þórarinnsson, doktorsnemi í heimspeki og klassískum fræðum við Princeton-háskóla.



# FERÐA FRELSI

## Taktu Frelsið með í ferðina.

Ferðafrelsið virkar alveg eins og Frelsið þitt hér heima!

Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna. Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum. Kynntu þér málið á [ogvodafone.is](http://ogvodafone.is) áður en þú leggur af stað.

### Góða ferð.

Smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is), komdu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!



## Til hamingju stúdentar!

Brautskráning stúdenta frá Menntaskólanum Hraðbraut fer fram í Bústaðakirkju í dag, laugardaginn 8. júlí kl. 11:00.

Vinir og vandamenn ásamt öðrum velunnurum skólans eru velkomnir.



MENNTASKÓLINN  
HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM  
Á UNÐAN



LEÓNÍÐAS Leóníðas, annar tveggja konunga Spörtu, fór fyrir Grikkjum í orrustunni við Laugaskörð. Málverkið er eftir Jacques-Louis David (1814).

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanfögnu eru: Hver er saga brjóstahaldara, hver er merkingin á bak við orðatiltækið „að hleypa í brýnnar“, getið þið sagt mér eitthvað um antilópur, hvemrig er best að svæfa börn, þarf maður að greiða tekjuskatt af launum sem maður fær greidd í Sviss og hver fann upp músagildruna og hvenær var hún fundin upp? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is)



# Vædderen í vísindaferð umhverfis jörðina



VARÐSKIPIÐ VÆDDEREN Dansk varðskipið siglir um öll heimsins höf á næstu misserum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GALATHEA3

Danska varðskipið Vædderen fær nýtt hlutverk þegar það siglir úr höfn í Danmörku í næsta mánuði. Haldið verður í vísindaleiðangur umhverfis jörðina.

Varðskipið Vædderen er mörgum Íslendingum í fersku minni. Það hefur oft lagst að bryggju í Reykjavíkurborg og einnig tekið þátt í björgunaraðgerðum þegar skip hafa lent í nauðum hér við land. Skipið er smíðað árið 1993 og hefur gegnt lykkihlutverki í danska varðskipaflotanum í rúm tíu ár, en árið 1971 fékk forveri þess og nafni, hið eldra Vædderen, sögulegt hlutverk þegar það sigldi hingað til lands með íslensku handritin frá Danmörku.


Nú hefur Vædderen fengið nýtt hlutverk, sem er ekki síður sögulegt. Skipið hefur staðið í slipp í Danmörku mánuðum saman og gengist undir miklar breytingar til þess að laga það að hinu nýja hlutverki. Vistarverur skipsins þurfa nú að hýsa vísindamenn og fjölmiðlafólk auk skipsáhafnar og aðstaða þarf að vera fyrir vísindamenn til þess að stunda rannsóknir sínar, sem eru af býsna fjölbreyttu tagi.

## Þriðji Galatheuleiðangurinn

Vísindaleiðangur Vædderens gengur undir nafninu Galathea 3, en Danir hafa tvisvar áður sent vísindamenn í landkönnunarsiglingu umhverfis jörðina undir þessu nafni. Fyrsti Galatheuleiðangurinn hélt úr höfn í Danmörku í júní árið 1845 og kom ekki til baka fyrr en í ágústlok árið 1847 eftir að hafa farið mikla ævintýraferð umhverfis jörðina. Rúmlega hundrað árum síðar, eða í október árið 1950, var síðan haldið í annan leiðangur undir merkjum Galatheu og var þá einnig siglt umhverfis jörðina, en þó farin önnur leið og víðar komið við. Sá leiðangur stóð einnig yfir í nærri tvö ár, því komið var heim í lok júní árið 1952.

Galatheuleiðangrarnir eru nefndir í höfuðið á Galatheu, sem í grískri goðafræði var ein af dætrum sjávarguðsins Nereífs. Fyrri leiðangrarnir tveir þóttu mikil afrek í vísindasögu Danmerkur, en Danir eiga langa hefð fyrir landkönnunarferðum af ýmsu tagi.

Fyrsta ferðin af því tagi var farin árið 1619 þegar Kristján fjórði sendi Jens Munk með 63



FASTAGESTUR Í REYKJAVÍKURHÖFN Myndin var tekin þegar varðskipið Vædderen lá við bryggju í Reykjavíkurborg.



RISASKJALDBAKA Hinar fögru Galapagoseyjar verða heimsoptar í leiðangri danska skipsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



EYÐILEGGINGIN Á NICOBAREYJU Meðal viðkomustaða leiðangursins verða Nicobareyjar í Indlandshafi.

menn og þrjú skip í ferð til að leita uppi siglingaleið norður fyrir Ameríku frá Atlantshafi yfir til Kyrrahafsins. Eins og nærri má geta tókst ekki að finna neina slíka leið. Aðeins eitt skipanna þriggja átti afturkveamt til Danmerkur.

## Nicobareyjar og Galapagos

Lagt verður úr höfn í Danmörku þann 11. ágúst næstkomandi. Vædderen kemur ekki við í Reykjavík að þessu sinni heldur verður stefnan fyrst tekin á Færeyjar og þaðan verður haldið til Grænlands. Frá Grænlandi liggur leiðin suður á bóginn. Siglt verður til Azoreyja í Atlantshafinu og þaðan suður fyrir Afríku þvert

yfir Indlandshaf og áfram alla leið til Ástralíu. Þaðan verður síðan siglt yfir Kyrrahafið til Suður-Ameríku, siglt yfir Panamaskurðinn og þaðan yfir Atlantshafið heim til Danmerkur.

Víða verður komið við á leiðinni, meðal annars á Galapagoseyjum þar sem Charles Darwin fékk innblástur fyrir þróunarkenningu sína, og á Nicobareyjum í Indlandshafi þar sem skaðinn varð hvað mestur af völdum flóðbylgjunnar miklu sem reið yfir á annan í júlum árið 2004. Það verður svo í apríl á næsta ári, eftir níu mánaða siglingu umhverfis jörðina, sem loks verður komið aftur í heimahöfn í Danmörku.

## Fimmtíu rannsóknarættanir

Í þessari ferð hafa verið skipulagðar um fimmtíu rannsóknarættanir á hinum ýmsu sviðum vísindanna, meðal annars á sviði líffræði og jarðfræði, sagnfræði og menningarfræði, og umhverfis- og loftlagsfræði. Hlustað verður eftir hljóðum í hafdjúpunum, áhrif loftlagsbreytinga verða könnuð með ýmsum hætti, áhrif alþjóðavæðingar á menningu víða um heim verða skoðuð og eitraðar sæslöngur verða veiddar. Er þá aðeins tæpt á örfáu af þeirri fjölbreyttu iðju sem vísindamennirnir um borð ætla að taka sér fyrir hendur. Hugmyndin um að senda þriðja heimsleið-

angurinn af stað frá Danmörku undir nafninu Galathea 3 kviknaði árið 2000 og er upphaflega komin frá blaðamönnum Jótlandspóstisins. Þeir útfærðu hugmyndina og kynntu hana fyrir Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra árið 2004, sem varð svo hrifinn að hann kom því í kring að af þessu yrði. Verndari leiðangursins er Friðrik krónprins í Danmörku og hægt verður að fylgjast jafnóðum með framgangi verkefnisins á vefnum á að minnsta kosti þremur vefsetrum, það er [www.galathea.nu](http://www.galathea.nu), [www.galathea3.dk](http://www.galathea3.dk) og á [www.politiken.dk/galathea](http://www.politiken.dk/galathea).



# Útsala

## 26" hjól City Racer



**40% afsláttur af öllum hágæða Prostyle hjólum**

## 16" hjól



## 16" hjól 5-7 ára

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.  
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



## 16" hjól 5-7 ára

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.  
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk.



## 26" hjól

**Gírar:** 21 gíra  
**Tegund gíra:** Shimano  
**Bremsur:** Handbremsur að framan og að aftan, diskubremsur.  
**Gaffall:** Demparagaffall stillanlegur  
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan, bjalla, lás.



## 20" hjól 7-9 ára

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og að framan  
**Dekk:** Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.  
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krömbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



Gildir til 10. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Fyrsti íslenski þjóðfræðingurinn

Um þessar mundir eru 150 ár síðan séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili fæddist á bænum Úlfá í Eyjafirði. Fæðingarafmælis hans er minnst bæði norðan og sunnan heiða á næstu mánuðum og í Amtsbókasafninu á Akureyri hefur verið hleypt af stokkunum sýningu undir yfirskriftinni Sú þrá að þekkja og nema, en sýningin verður sett upp í Reykjavík í haust. Svavar Hávarðsson rifjaði upp lífshlaup Jónasar og spurði unnendur þjóðlegra fræða um gildi söfnunarstarfs hans.

Séra Jónas var virtur prestur og kennari en er aðallega minnst fyrir að safna og skrá niður upplýsingar um þjóðsiði og þjóðhætti á Íslandi. Það söfnunarstarf hans birtist í bókinni Íslenskir þjóðhættir. Það er sagt um Jónas að hann hafi sem ungur piltur ekki látið eitt einasta tækifæri ónýtt til þess að lesa. Þá skipti hann litlu um hvað bókin fjallaði, hún var lesin af einskærri forvitni og fróðleiksfýsn óháð efnistöfum. Ekki er langsótt að ætla að þessa þörf til bóklesturs hafi hann haft frá föður sínum. Jónas eldri Jónsson var sjálfmenntaður læknir. Hann las bækur sem kenndar voru við Hafnarháskóla, fékk læknisleyfi sem gerði honum kleift að skrifa lyfseðla og naut hann mikillar virðingar fyrir störf sín á sviði læknisfræði. Móðir Jónasar, Guðrífur Jónasdóttir, var einnig bókhneigð og hvatti son sinn til lesturs og upplýsingar.

Það duldist ekki foreldrum Jónasar að hann hafði hæfileika til bóknáms, en það var fyrir hvatningu Hjörleifs Einarssonar, síðar prests að Undirfelli, að þau ákváðu að Jónas skyldi setjast til mennta.

## Á skólabeck

Jónas settist á skólabeck í lærða skólanum í Reykjavík haustið 1875 að undangengnu inntökuprófi í 2. bekk um vorið. Hann var þá níttján ára að aldri. Námið féll Jónasi vel, eins og kannski var við að búast, og lagði hann sig eftir því að lesa þýsku, sagnfræði og bókmenntafræði utan við námsbækur skólans. Eins hafði hann ánægju af hvers konar skáldskap og var virkur í félagslífi skólans. Hann skrifaði mikið og fékk tvívegis verðlaun Bandamannafélagsins fyrir ritstörf. Það skygði nokkuð á dvöl hans í lærða skólanum að hann veiktist af taugaveiki. Hann lá lengi veikur og beið aldrei til fulls bæturs þeirrar legu. Jónas lauk stúdentsprófi 1880 með fyrstu einkunn. Á þeim tíma var honum svo lýst: „Afarstór, fremur grannvaxinn og bar höfuð yfir flesta pilta og var því opt nefndur Jónas langi. Eygður manna bezt. Gáfaður ágætlega, skáld gott og fjölfróður. Las manna mest, einkum skáldskaparrit, bókfræði (Litaratur) og heimsspeki. Heilsutæpur einkum á hinum síðari skólaárum sínum. Bezti reglu-maður.“

Veturinn 1880-1881 vann Jónas fyrir sér sem heimiliskennari hjá Eggerti Briem, sýslumanni á Reynistað í Skagafirði, en hóf nám í Prestaskólanum í Reykjavík um haustið 1881. Hugur Jónasar mun hafa staðið til náms í norrænu, en vegna fé- og heilsuleysis varð ekkert úr þeim áætlunum hans. Hann lauk embættisprófi frá Prestaskólanum haustið 1883 og vígðist fimm dögum seinna til Stóruvallaprestakalls í Rangárvallasýslu.

## Fjölskylda og missir

Jónas kynntist eiginkonu sinni, Þórunni Stefánsdóttur Ottesen frá Hlödutúni í Borgarfirði, þegar hann stundaði nám til stúdentsprófs í lærða skólanum. Þau gengu í hjónaband árið 1884 en höfðu þá


verið heitbundin í sex ár. Þau festu í fyrstu bú sitt að Fellsmúla í Landsveit á meðan Jónas þjónaði sem prestur í Rangárvallasýslu og þar kom í heiminn frumburður þeirra Oddur árið 1875. Á næstu þrettán árum eignuðust þau sjö börn auk þess að taka í fóstur þrjú börn ættmenna. Barnalán þeirra var mikið en ytri aðstæður komu því þannig fyrir að þau hjón nutu þess ekki að sjá nema fjögur af börnum sínum verða fulltíða. Um aldamótin 1900 geisðu lungnaberklar hérlandis og öllu miklu mannfelli á Íslandi. Úr þessum sjúkdómi, sem var persónugerður með nöfnum eins og „hinn hvíti dauði“ vegna hliðstæðu við „svarta dauða“, dóu fjögur af börnum Jónasar og Þórunnar auk allra þriggja fósturbarna þeirra. Drengirnir fjórir sem upp komust voru frumburðurinn Oddur, Jónas fæddur

1887, Friðrik fæddur 1891 og Stefán Sigurður fæddur 1896. Hjónin lögðu mikla rækt við menntun þeirra og Jónas bjó þá sjálfur undir skóla. Þrír þeirra dvöldu um skeið erlendis við nám og tveir luku háskólanámi. Allir urðu þeir vel metnir borgarar og Jónas yngri varð læknir og sérhæfði sig í berklalækningum og starfaði um skeið sem yfirlæknir Berklahælisins í Kristnesi í Eyjafirði.

## Prestur og kennari

Jónas þjónaði aðeins í eitt ár sem prestur í Stóruvallaprestakalli. Árið 1884 losnaði Grundarþing í Eyjafirði. Jónas sótti norður og fékk brauðið. Þar þjónaði hann sem prestur Eyfirðinga í aldarfjórðung og var einnig prófastur í Eyjafjarðarprófastdæmi árin 1898 til 1905. Lengst af þeim tíma sem hann var prestur í Eyjafirði bjó hann á Hrafnagili sem hann er síðan kenndur við.

Jónas leit á sig sem kennara fyrst og síðast og beindi miklu af



JÓNAS OG FJÓLSKYLDA Þessi mynd er tekin um aldamótin 1900 og berklarnir famir að herja á heimilið. Börnin eru talin frá hægri. Oddur, Jónas, Friðrik, Pétur, Stefán Sigurður og Anna í faðmi móður sinnar, Þórunnar.

starfskröftum sínum í þann farveg. Hann var kennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri þar sem hann kenndi aðallega íslensku en einnig sögu, félagsfræði og stærðfræði. Hann kenndi meðfram prestskap og bústörfum til 1910 en sem kennari eingöngu eftir að hann flutti til Akureyrar og varð fastur kennari við Gagnfræðaskólann. Þar taldi hann kröftum sínum best varið en þurfti að hætta fyrir en hann ætlaði vegna heilsuleysis. Jónas sagði sjálfur í kveðjuræðu sinni frá skólanum að hann væri ekki fullsáttur. „Ég hafði vonað það yrði lengur, en svo bilaði mig heilsan, og ég verð, þótt nauðugur sé, að skilja við hina mestu ánægju lífs míns. [...] Þessi ár verða einhverjar gleðiríkustu endurminningar ævi minnar.“

## Íslenskir þjóðhættir

Erfitt er að meta hvenær Jónas tók að rannsaka þjóðhætti í því skyni að skrá þá og búa til útgáfu. Hitt er víst að áhugi hans á efninu var honum samgróinn alla ævi. Kom það skýrt fram í fjölmörgum skáldverkum hans. Hann tók til við að skrifa skáldverk sem ungur maður og kom út eftir hann fjöldinn allur af sögum, bæði í tímaritum og í sérprenti. Sögur hans voru skrifaðar í anda raunsæis og ádeila hans var oft hárbeytt en í senn báru sögur hans oft áhuga hans á þjóðlífi og menningarmálum vitni.

Eftir að hann varð fastakennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri árið 1905 beitti hann starfsorku sinni sífellt meira að rannsóknum á þjóðlegum fræðum. Kannski var

það vegna þess að hann hafði til þess aukin tækifæri eftir að prestskap og bústörfum lauk. Miklu hefur þó örugglega ráðið að einn helsti fræðimaður Norðurlanda á þessum tíma, H.F. Feilberg, skrifaði Jónasi þetta sama ár og hvatti hann til þess að einbeita sér að söfnun upplýsinga um þjóðsiði og þjóðhætti á Íslandi. Til þess verks gekk Jónas svikalaust. Sem kennari nýtti hann sér kynni námspilla við skólann og með þeirra aðstoð náði hann að safna upplýsingum víðar að af landinu en honum hefði annars verið unnt. Frá þeim fékk hann mikið af þjóðháttalýsingum sem hann síðar felldi inn í ritverk sín.

Jónas var það vel upplýstur maður að hann gerði sér grein fyrir því að hann lifði breytingatíma. Gamla bændasamfélagið sem hann fæddist og ólst upp í var að umbylt-

ast frá einfaldleika og fábreytni til flóknari samsetningar samfélagsins með nýrri tækni og þéttbýlismyndun. Hann sá mikilvægi þess að skrá einkenni þjóðar sinnar og þeirrar menningar sem var ódum að breytast. Þegar bókinni Íslenskir þjóðhættir er flett skal það haft hugfast að Jónas vann að söfnun sinni og skráningu í hjáverkum. Þar er þó að finna ítarlegt yfirlit yfir lífshætti þjóðarinnar í gegnum aldirnar.

Jónas varð þess ekki umkominn að sjá verk sitt á bók, það varð verkefni ungs manns, Einar Ól. Sveinssonar, að búa verk hans til prentunar og fylgja því eftir til útgáfu árið 1934. Jónas Jónasson frá Hrafnagili lést 4. ágúst 1918. Banamein hans var krabbamein.

Sérstakar þakkir: Ólafur Engilbertsson, sagnfræðingur og sýningarhönnuður, Halldóra Rafnar.

## Dr. Jón Hnefill Aðalsteinsson, prófessor í þjóðfræði: Gildi verksins ómetanlegt

„Gildi bókanna Íslenskir þjóðhættir er hreinlega ómetanlegt. Verkið er einstakt í sinni röð því þar er safnað saman meiri vitneskju og fróðleik en hægt er að ætlast til, með eðlilegum hætti, af einum manni. Það er ekki bara það að hann hafi verið duglegur safnari heldur ekki síður að hann bar svo mikla virðingu fyrir viðfangsefnum sínum og hann þekkti einnig svo vel til í landinu.“ Jón Hnefill segir að eitt af lykilatriðum þess hvað bókin er mikilvæg fyrir þjóðfræði sé að Jónas nálgadist viðfangsefni sitt algjörlega á fordómalaus hátt. Jón segir að Jónas hafi



lagt grunninn að þjóðfræði eins og við þekkjum hana í dag og hafi í raun verið fyrsti íslenski þjóðfræðingurinn. „Hann lagði grunn að faginu alhliða, ekki síst menningarlega. Hann var jafnvígur á öll svið þjóðfræðinnar. Hvort sem það var verkmenning, andleg menning eða félagsmenning. Hann nálgadist

þetta allt með sömu fordómalaus, heilbrigðu skynseminni.“ Jón segir að þjóðin geri sér sennilega ekki grein fyrir því hvað margt í daglegu lífi þess tengist Jónasi á einhvern hátt og hversu miklu fátækari við værum ef hans hefði ekki notið við.

Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur:

## Langt á undan sinni samtíð

„Jónas var fyrstur Íslendinga til að rannsaka alla meginþætti þjóðfræðinnar. Hann safnaði þjóðsögum og gerði þjóðhátum, síðum og kreddum gamla bændasamfélagsins skil. Á þeim tímum sem Jónas var uppi fólst starf þjóðfræðinga í að safna sögum, kvæðum, frásögnum af síðum og leikjum sem þeir töldu að væru að glatast eða til að skyggjast aftur til fortíðar. Jónas starfaði eins og aðrir í þessum anda en honum þótti þó ekki nægilegt að safna dæmum heldur vildi hann líka tengja þjóðfræðiefnið við samfélagið. Jónas var því langt á undan sinni samtíð.“

Kristín segir að bók Jónasar hafi haft mikil áhrif þegar hún kom út og að dagblöð hafi birt úr henni kaffa sem að hennar mati hefur haft áhrif á síðina í landinu. „Margt fróðlegt og skemmtilegt er þar, hver vissi til dæmis að hrútahlund blandað með



hunangi er gott inntökumeðal við vatnssótt. Ég kenndi í vetur ásamt öðrum námskeið í þjóðfræðinni um þjóðhætti bændasamfélagsins og bók Jónasar er þar algerlega ómissandi en margt sem þar kemur fram er vissulega grafið og gleymt og líklegt er að fljótlega þyrfti að semja aðgengilegar orðskýringar við bókina. Hver þekkir til dæmis klofakerlingu og sporreku frá atgeirsstaf og kláru? Svo fjarlæggt er gamla bændasamfélagið orðið.“

Dr. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur:

## Öndvegisrit íslenskrar þjóðfræði

„Íslenskir þjóðhættir er brautryðjandaverk og í þeim skilningi samantekt og söfnun um íslenska þjóðhætti sem er samþæflegt við margt það besta sem gert hefur verið í Evrópu; verk Grimmsbræðra, Kalevala, þjóðsögur Jóns Arnasonar og fleira. Bókin hefur ómetanlegt gildi fyrir land og þjóðfræðina sem fag, ekki síst þegar maður flettir bókinni núna þegar komið er fram á 21. öld. Þá áttar maður sig á hversu margt væri horfið í gleymskunnar dá, af því sem þarna kemur fram, hefði því ekki verið haldið til haga á sínum tíma. Ég vil því segja að þetta sé eitt af öndvegisritum íslenskrar þjóðfræði á 20. öld.“



Ólína segir að í raun sé ritið því merkilegra þegar er litið til þess hvenær og við hvaða skilyrði verkið er unnið.

„Þarna sjáum við allt annan tíma en þann sem við lifum í dag og öðlumst skilning á tilveru forfeðra okkar, fólksins sem ól okkur upp. Í því ljósi hef ég nokkrar áhyggjur af því að fólk sé hætt að safna. Það hefur svo margt gerst á síðustu árum sem við erum að missa yfirsýn yfir. Jónas hafði sem betur fer næði til að skoða það sem var að hverfa og halda því til haga. Við þurfum hóp manna eins og Jónas var, menn með sömu framsýni og fróðleiksstátt gagnvart þjóðinni, til að halda starfi hans áfram.“





**Stækkanlegt borð**  
(160+45+45x100)  
og 6 stólar  
Verð áður: 164.000,-  
Tilboðsverð nú: 132.600,-

# HVÍTTUÐ EIKARLÍNA

**Borðstofuskenkur**  
180x45xH:125cm  
Verð: 108.000,-



**Borðstofuborð**  
fáanleg í stærðum:  
140x140  
180x100  
200x100  
220x110



**Sófaborð**  
fáanleg í 2 stærðum:  
90x90 og 120x64  
Verð: 35.000,-



**Stóll THEO**  
Með hvítudum fótum  
Verð áður: 12.500,-  
-30%  
Verð nú: 8.750,-

**Sjónvarpsskenkur**  
200x58xH:48  
Verð: 67.000,-







**FRUMSTÆÐUR FERÐAMÁTI** Til að komast yfir á Kringilsárrana þar sem er að finna gríðland hreindýra og heiðargæsa verða menn að taka kláf yfir ána Jöklu. Guðmundur Ármannsson, bóndi á Vaði í Skriðdal, kom kláfnum fyrir í fyrra göngufólki til mikillar gleði.



**HEIT STURTA Á HÁLENDINU** Við Laugafell er hægt að komast í bað í heitri laug og skola svo af sér í heitum fossi rétt fyrir neðan.



**TÓFRANDI FOSS** Töfrafoss í Jöklu er svo sannarlega heillandi.



**NÁTTÚRUFEGURÐ VIÐ KÁRAHNJÚKA** Hafrahvammagljúfur og Dimmugljúfur eru miklar náttúruperlur og láta engan þann sem niður að þeim gengur ósnortinn.

**KALT BAÐ** Sauða er stutt frá stíflustæði Kárahnjúka. Þar er að finna óteljandi litla fossa og ævintýrlegar laugar sem þeir hugrókkustu geta baðað sig í en vatnið í ánni er að sjálfsögðu ískalt.

# Draumalandið sem hverfur

Nú fer hver að verða síðastur að skoða sig um á svæðinu sem fer undir vatn þegar hleypt verður á Háslón í haust. Ásta Arnardóttir og Ósk Vilhjálmsdóttir hjá Augnablik.is hafa síðastliðin þrjú sumur boðið upp á nokkurra daga gönguferðir um svæðið þar sem gengið er um Kringilsárrana, meðfram Jöklu, kíkt á Dimmugljúfur og fleira. *Snæfríður Ingadóttir* fór í fyrstu ferð sumarsins og smellti myndum af fallegum gljúfrum, hreindýrum, gæsarungum og mannlífi á fjöllum.



**VIÐ STÍFLUSTÆÐIÐ** Þeir sem vildu tóku þátt í þögulum mótmælum til móts við stíflustæðið. Þar í kring er allt fullt af gráum sandi en ekki þarf að fara langt til að finna iðagræna náttúru.







MYNDIR: SNEFRÍÐUR



**GRÍÐLAND HREINDÝRA** Hreindýr voru flutt til Íslands á árunum 1771-87 frá Noregi. Þau voru sett á land í öllum fjórðungunum en dóu út alls staðar nema á Austurlandi. Þau lifa nú góðu lífi á Kringsíðará en verða að færa sig þegar hleypt verður á lónið.



**EITTHAÐ FYRIR ALLA** Fólk á öllum aldri er að ganga um Kárahnjúkasvæðið. Þessi piltur er þrettán ára gamall og heitir Friðjón Ingi og hann var svo heppinn að finna þetta fallega hreindýrshorn á leiðinni.



## Við mismunandi veðurskilyrði þarf málningu sem endist vel

Útítex er mjög sterk utanhúsmálning sérhönnuð á steypu. Hún hefur sterkt yfirborð og fæst að sjálfsögðu í hundruðum Flügger lita.

[www.flugger.is](http://www.flugger.is)

## Flügger litir

Flügger ehf  
Stórhöfða 44  
110 Reykjavík  
Sími 567 4400

Reykjavík  
Kópavogur  
Hafnarfjörður

Keflavík  
Akureyri  
Selfoss

Borgarnes  
Hvolsvöllur





# Rauði þráðurinn er kærleikurinn

Réttindabarátta samkynhneigðra stendur á tímamótum og nú er tími til að fagna. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* ræddi við vaktmanninn, söngvarann og plötusnúðinn Pál Óskar Hjálmtýsson sem þeytir skífum á Nasa í kvöld í nafni frelsis og jafnréttis.

Í ljósi sögunnar er það svo mikið kraftaverk að hommar og lesbiur séu loksins komin með sjálfsvirðingu sem hefur skilað þeim á þennan stað. Þetta er búinn að vera langur vegur en nú upplifum við það að ungt fólk, unglingar, eru farnir að koma út úr skápnunum og leita til Samtakanna 78 og þau eru tilbúin. Það er eitt mesta kraftaverkið,“ segir Páll Óskar. Á baráttudegi samkynhneigðra, 27. júní, voru stigin stór skref í jafnréttisátt hér á landi en þá tóku gildi lög sem kveða á um að samkynhneigð jafnt sem gagnkynhneigð þör geti nú fengið sambúð skráða í þjóðskrá, auk þess sem mörg önnur lög hafa nú verið leiðrétt þar sem réttindi sambúðarfólks koma við sögu. Þessum tímamótum verður fagnað með margvíslegum hætti og ekki síst á Hinsegin dögum sem verða haldnir í ágústmánuði en nú er komið að nettri upphitun.

## Góður málstaður

„Hinsegin dagar hafa stækkað og orðið annað og miklu meira en við áttum von á í upphafi. Þess vegna erum við að halda þetta styrktarball. Hinsegin dagar eru unnir í sjálfboðavinnu og það er ekki hægt að réttlæta að halda 40 þúsund manna hátíð öðruvísi en að allir þeir sem að henni koma vinni sjálfboðavinnu. Við treystum því á dansleikjahald til að ná inn fjármagni eins og hægt er. Við erum líka með trausta bakhjarla eins og



PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON „Maður ræður ekki í hvora áttina hjartað slær, það bara slær.“

MYND/GUNNAR ÞÓR

Reykjavíkurborg og síðan eru ákveðnir kostunaraðilar en betur má ef duga skal.“

Páll Óskar verður plötusnúður á dansleikum en DJ Dagný ætla að hita upp gestina. „Ef ég þekki mig rétt þá á ég líka eftir að grípa í míkrafóninn og syngja eitthvað sjálfur,“ segir Páll Óskar spóskur.

„Það sem mestu skiptir er samt að við höfum ríka ástæðu til þess að fagna. Þetta eru tímamót. Á

Íslandi er best að búa í heiminum og við getum montað okkur af því. Það er aðdáunarvert hversu fljótt hefur tekist að ná þessum árangri hérna heima og þessar fréttir eru þegar byrjaðar að berast út fyrir landsteinana.“

## Tilfinningalegt frelsi

Páll Óskar segir að árangurinn beri ekki eingöngu að þakka samkynhneigðum og frumkvöðlum sem barist hafa fyrir réttindum þeirra um árabíl heldur einnig þeim sem á eftir komu. „Við megum ekki gleyma fólkinu sem hefur tekið þetta stóra skref að koma út úr skápnunum, hefur kosið að rífa líf sitt upp með rötum og byrja upp á nýtt – það hefur kosið að taka sjálf sig út úr jöfnunni og sjá hvaða möguleika lífið hefur upp á að bjóða með þessu tilfinningalega frelsi.“ Hann áréttar líka að þessi árangur hefði aldrei náðst ef ekki hefði verið fyrir velvilja gagnkynhneigðra. „Ef streit fólkið hefði ekki kveikt á perunni þá hefði ekkert gerst. Alveg eins og það hefði enginn árangur náðst í kvenréttindabaráttunni fyrir en karlmenn kveiktu á perunni.“

Hann segist líka feginn því að réttindabarátta samkynhneigðra hafi aldrei snúist um annað en jafnrétti. „Við höfum aldrei beðið um nein forréttindi heldur bara að fá að sitja við sama borð, fá sömu

réttindi og skyldur gagnvart samfélaginu og þar af leiðandi sömu ábyrgð.“

## Orð og efndir

„Það má samt ekki gleyma því að lög og reglur eru bara bókstafir á blaði,“ segir Páll Óskar. „Þau öðlast ekki gildi fyrir en samfélagið fer eftir þeim – fyrir en við förum að lifa eftir þeim. Kvenréttindi og kvenfrelsi er bundið í lög en stelpurnar þurfa enn að vera á verði,“ segir Páll Óskar.

„Það er táknrænt að gleðigangan á Hinsegin dögum fer niður Laugavegin því einmitt þar, á þeim gangstéttarhellum, hefur kannski mesta misréttið farið fram og gerir enn þann dag í dag.“ Hann segist enn verða fyrir aðkasti á Laugaveginum en þá er yfirleitt komið fram yfir miðnætti og fólk býið að fá sér í glas. „Ég þarf líka að taka það inn í myndina að ég hef verið á fullu síðastliðin tíu ár og beðið um ákveðna athygli. Nú þarf ég að taka ábyrgð á því sem ég heimtaði og það er ekkert mál. Ég er sterkbyggður og get tekið ýmsu. Hins vegar eru aðrir sem ekki eru jafnstærkir og hafa máskje þurft að þola ákúru, uppnefni og annað óþol,“ útskýrir hann.

## Baráttan fyrir kærleika

Hann segist þakklátur fyrir að fá að vera sífellt á vakt. „Mér þætti

ljúandi að þurfa að gera eitthvað sem ég hef ekki gaman af. Inn í þessa vakt fléttast áhugi minn á náunganum og á að skoða viðbrögð annarra,“ segir Páll Óskar og bætir því við að þetta hafi hvatt hann til sjálfsskoðunar. „Ég veit að ég bregst öðruvísi við áreiðni núna heldur en í gamla daga. Ég gat tekið alls kyns hluti inn á mig en mér finnst ég landa því miklu betur núna. Ef ég fæ ákúru út á

## GLEÐIGANGAN

Allir þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í gleðigöngunni á Hinsegin dögum og vera með fleka í skruðgöngunni eru hvattir til þess að sækja um á heimasíðunni [www.gaypride.is](http://www.gaypride.is) hið fyrsta. Þar má ennfremur finna nánari upplýsingar um dagsskrárlíði hátíðarinnar sem að þessu sinni stendur frá 9-12. ágúst.

götu þá er miklu auðveldara fyrir mig að segja: „Jæja, slæmur dagur hjá þér en ekki mér. Þetta er minn dagur og þinn slæmi dagur getur ekki haft áhrif á minn góða dag því ég leyfi það ekki.“ Ég leyfi þessu ekki að hafa áhrif á mig lengur.“

„Eftir að hafa skoðað málið betur þá er ég annar maður en ég var – þakka guði fyrir það,“ segir hann hlæjandi. „Þess vegna nenni ég að standa vaktina og hef gaman af því. Mín upplifun á þessari réttindabaráttu er kannski önnur en hjá einhverri manneskju út í bæ en rauði þráðurinn er baráttan fyrir kærleika – fyrir tilfinningalegu frelsi. Þetta frelsi er ákaflega mikilvægt öllum manneskjum, frelsi til þess að elska þann sem maður er skotinn í og að það sé ekki virt að vettugi eða gert grín að því eins og það sé einhver gerviást. Ég held að þessi hiti hafi kviknað í baráttufólki vegna þess að það var ástfangið. Við komumst bara að því að maður ræður ekki í hvora áttina hjarta manns slær – það bara slær. Nú er komið að uppskerunni. Við höfum verið að vinna á fullu og eðli málsins samkvæmt heldur maður partí.“

## Eldvarnartæki – til öryggis

Fyrir heimilið, sumarbústaðinn, vinnustaðinn og hótelið

3.459 kr.

1.056 kr. Reykskynjari 9v

Eldvarnarteppi 100x100cm

4.950 kr.

Dufttæki 2kg með mæli og bliffestingu

6.698 kr.

Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu

6.957 kr. 50l grá/svört

8.573 kr. 30l ryðfrítt stál

2.737 kr. 15l blá/svört

Eldvarnarfötur

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

## Á GÓLFINU Í KVÖLD


Ég verð náttúrulega að haga seglum eftir vindi með lagavalið. Ætli það mætti ekki segja að þetta verði blanda af diskó og eurovision, Madonna, Cher og Kylie og síðan alls konar hallærispartítónlist í bland við það glænýja sem er að gerast núna.







www.minnsirkus.is/pipola



SIRKUS TV

JONSSON & LEMMINGS · JÚLÍ · SÍA

# PÍPÓLA

SÝNINGAR HEFJAST 13. JÚLÍ

## ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnast lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.



# Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu\*

Þú sérð innihaldið!



## AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22  
**800 5555**  
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu\*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA  
\* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

## STUÐ MILLI STRÍÐA Góður þjónn er gulli betri

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ÆTLADI BARA AÐ FÁ TUSKU



Ég hef sannfærst um það gegnum árin að góður þjónn er gulli betri. Þegar ég borða úti, sem ég geri mikið af, finnst mér þjónninn í raun mikilvægari en maturinn eða vínið eða þægilegur stóll eða kaffið. Enda er þjónninn minn tengiliður við kokkana, barþjónana, gafflana, brauðið, kaffið og góða kvöldstund.

Ég á það til að velja mína upphaldsveitingastaði út frá þjónunum. Í gamla daga vissi ég hvar góðu þjónarnir unnu og sótti þá veitingastaði grimmt. Um leið og ég mætti tók góði þjónninn á móti mér með brosi á vör og ég var boðin hjartanlega velkomin. Ég treysti þjóninum

mínun að velja fyrir mig gott borð, við eyddum löngum stundum í að skeggræða kenjar kokksins og ég fékk ævintýrlegar sögur um þrúgur vína sem ég hlustaði á af athygli. Þjónninn hvarf mér svo sjónum til að koma löngunum mínum á framfæri við kokk og kokkeilhrastara allt þar til hann birtist mér aftur með fallegar kræsingar á bakka. Ef svo eitthvað gerðist sem kom illa við litla hjartað mitt kallaði ég á þjóninn minn og hann bjargaði öllu. Hann átti það til að brosa hálfu brosi, horfa djúpt í augu mín og segja „kvíddu engu. Ég redda þessu.“ Svo blikkaði hann vinstra auganu og mér leið sem eina matargestinum í allri veröldinni.

Í dag virðist ég hvergi finna

góðu þjónana mína. Þeir hurfu mér sjónum og ég hef ekki séð þá meir. Um daginn spurði ég einn af þremur þjónum sem höfðu skipt sér af borðinu mínu það kvöldið hvert væri rauðvín hússins. Svarið var Chardonney! Á öðrum stað tókst mér að sula á borðið mitt og það þjón um tusku nema þjónninn sagði bara nei. Af því það voru ekki til fleiri tuskur! Ég mændi út um gluggann og velti því fyrir mér hvert heimurinn væri að fara. Það eina sem ég bið um er hjartagóður þjónn sem hugsar um mig, sýnir mér alúð og er annt um að kvöldið mitt heppnist vel. Hvar ertu góði þjónninn minn, svartklædda hetjan mín? Komdu fljótt aftur, ég er orðin vanþjóna.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ  
Í ÁSKRIFT MED  
**30% AFSLÆTTI**  
Á AÐEINS **489 KR.**  
EINTAKIÐ OG FÁÐU  
VEGLEGA GJÖF  
Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölfnis Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum



# Ódýrt lambakjöt alla helgina!



Sparaðu  
**1000**  
kr. **2.798** kr. kg

LAMBALUNDIR  
ÚR KJÖTBORÐI

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns



Skelltu BBQ sósu  
á grillkjötið...  
...bragðið er engu líkt!



Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Þú sparar 700 kr. kg.

LAMBAFRAMHRYGGJASNEÐAR  
ÚR KJÖTBORÐI **998** kr. kg.



Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Þú sparar 600 kr. kg.

LAMBALÆRISSNEIÐAR  
ÚR KJÖTBORÐI **1.298** kr. kg.



Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Þú sparar 700 kr. kg.

LAMBAFILLET M. FITU  
Í TOSKANAMARINERINU **2.998** kr. kg.

Glæsilegt grillsett í  
handhægri tösku!



Aðeins **1.798** kr.

Sterkar sósur  
beint frá USA



**30%**  
afsláttur

TszZZ

2 FYRIR 1



2 FYRIR 1  
HVERSDAGSÍS  
VANILLA EÐA SÚKKULAÐI

**495** kr. 3 l.



# AVÚMPP

Bestir í kjöti

## NÓATÚN

í 40 ár


Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns


Úr  
Fiskborði  
Nóatúns



SMÁSPJÓT  
Í ÚRVALI  
ÚR KJÖTBORÐI  
**298** kr.  
stk.



GRÍSALUNDUR  
M/ SÆLKERAFYLLINGU  
**2.798** kr.  
kg.



LÚÐUSPJÓT  
M/ BEIKONMARIN.  
**498** kr.  
stk.



Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

SKÖTUSELSSPJÓT  
Í HVÍTLAUKSMARINERINU  
**498** kr.  
stk.



*Girnilegt meðlæti  
í grillveisluna!*



BAKKAGRÆNMETI  
BEINT Á GRILLIÐ, 2. TEGUNDIR  
**499** kr.  
kg.

## Lifðu lífinu í lit!

## NÓATÚN



JARÐARBER, BOX  
129 KR. PK.



FLORETTE SUMARSALAT  
269 KR. PK.



GULAR MELÓNUR  
79 KR. KG.



PLÓMU TÓMATAR  
399 KR. KG.



MAÍSSTÖNGLAR  
199 KR. KG. FORSOÐNIR

=



...mmm

## NÓATÚN

-hljómar vel!



## Gettóid flutt austur



**Kl. 17**  
Sigtryggur Berg Sigmarsson sýnir í Galleríi Dverg við Grundarstíg. Sýningin ber heitið *The Curse of Sigtryggur Berg Sigmarsson* og er opin frá kl. 17-19 í dag og á morgun.

# menning

menning@frettabladid.is

Austfirðingar fá að kenna á fólksku stórborgarinnar því uppátækjarsamir listamenn hafa tekið yfir hluta menningarmiðstöðvarinnar í Skaffelli á Seyðisfirði og opna þar sýninguna „Straight out of Skaffell“ í gallerí sem kennt er við Vesturvegg. Þau Baldur Björnsson og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir III taka gettóid með sér austur en í fréttatilkynningu miðstöðvarinnar er vísað til þeldökkra glæpamanna, krakkneyslu og hvítra hóra. Á sýningunni verða hljóð- og vídeóverk, skúlptúr og teikningar sem saman skapa einhvers konar gervi-



LÓA HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR III og BALDUR BJÖRNSSON Eiga sameiginlegt bakland í Breiðholtiinu.

útskýrir Baldur. Sýningin verður opnuð kl. 17 í dag en hún stendur til 22. júlí.

gettó að sögn Baldurs. Þetta er í fyrsta sinn sem Baldur og Lóa Hlín vinna saman en þau hafa þó þekkt lengi, voru samtíða í námi í Listaháskóla Íslands og eiga sameiginlegt bakland í Breiðholtiinu. Þessi þriðja sumarsýning Vesturveggjar á ef til vill eftir að vekja ugg hjá heimamönnum eystra. „En vonandi lukku líka, það er kannski gott að fá smá myrkur í ljósið hérna,“

### > Ekki missa af...

risaballi á **Nasa**. Dj **Dagný** og **Páll Óskar** halda uppi feikna-fjöri í nafni frelsis og **jafnréttis** á Nasa. Fjórði hefst kl. 23 og varir líklega að eilífu.

**Íslenska safnadeginum** á morgun. Það eru rúmlega tvö hundruð söfn á Íslandi og mörg hver opna dyr sínar upp á gátt í tilefni dagsins.

djasstónleikum á **Jómfrúnni**. **Kvartett Ásgeirs og Eriks Qvick** leikur í smurbrauðs-paradísinni í Lækjargötu kl. 16 í dag.

## Opið hús hjá Snorra

Listamaðurinn Snorri Ásmundsson opnar vinnustofu sína fyrir gestum og gangandi um helgina. Snorri hefur búið og starfað að list sinni í gamla Álafosshúsinu í Mosfellsbæ síðustu misseri en hann hefur komið víða við í listsköpun sinni og á að baki all sérkennilegan feril sem listamaður. Gjörningar Snorra hafa oftast en ekki snert viðkvæma strengi hjá samborgurum hans, til dæmis forsetaframboð Snorra árið 2004 sem fór öfugt ofan í suma kjósendur.

Listferill Snorra er að taka nýja og spennandi stefnu um þessar mundir og niðurstaða af áralöngum rannsóknnum hans og tilraunum að skila sér inn í sköpunarferlið. Áhugasamir eru hvattir til að gera sig gestkomna hjá Snorra í Álafosshúsinu, Álafossvogi 23. annari hæð en þar verður opið frá 14-18 í dag og á



SNORRI ÁSMUNDSSON MYNDLISTARMAÐUR Opið hús um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

morgun eða eftir samkomulagi við húsráðandann.

## Þjóðleg sumarsýning

Sumarsýning Listasafns Íslands hefur yfirskriftina „Landslagið og þjóðin“ en þar ber fyrir augu gersemar úr eigu safnsins sem tengja má fyrrgreindu viðfangsefni. Rakel Pétursdóttir listfræðingur segir frá sumarstarfinu.

„Sumarsýningarnar okkar hafa oft byggt á eins konar úrvali verka úr eigu safnsins og að þessu sinni höfum við farið þá leið að skoða þetta þema og sýnum saman málverk sem tengja má þjóðsögum og líka landslagsverk með þjóðsögunum í huga,“ segir Rakel. Þjóðsagnaminnið er að hennar sögn mest áberandi í verkum Ásgrims Jónssonar en einnig eru sterk frásagnareinkenni í verkum meistara Kjarval. „Hann er þekktur fyrri að tvíanna saman íslenska náttúru og íslenska þjóðtrú.“

Alls eiga tæplega þrjátíu listamenn verk á sýningunni og eru verkin alls 95. Meðal listamanna sem verk eiga eru Júlíana Sveinsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Þórarinn B. Þorláksson og Sveinn Þórarinnsson en af yngri mönnum mætti nefna Helga Þorgils Friðjónsson, Eggert Pétursson og Ólöfu Nordal. Að sögn Rakelar eru verkin afar fjölbreytt, allt frá rómantískri upphafinni náttúrusýn til nýrómantíkur og endurskoðunar nútímamannanna en sýningin er þó ekki hugsuð sem heildaryfirlit heldur brot af því besta úr safnkostinum sem tengja má landagslagsþemanu.

„Erlendir ferðamenn eru í meirihluta gesta á sumarsýningunni í júlímánuði,“ útskýrir Rakel



RAKEL PÉTURSDÓTTIR LISTFRÆÐINGUR Landslag og þjóðsögur í íslenski myndlist eru aðalviðfangsefni sumarsýningar Listasafns Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

og áréttar að því sé sýningin að hluta stíluð inn á þann markhóp. Í sumar verður einnig í fyrsta sinn boðið upp á reglulega leiðsögn fyrir gesti á ensku en hingað til hefur aðeins verið boðið upp á slíkt eftir þöntunum. Nú gefst erlendum gestum kostur á að mæta í hádeginu á þriðjudögum og föstudögum og fá greinargóða kynningu á sýningu safnsins sér að kostnaðarlausu.

Rakel segir að margir gestanna séu nokkuð fróðir um íslenska myndlist. „Margir hafa nýtt sér upplýsingar sem finna má á heimasíðunni okkar og koma jafnvel sérstaklega til að skoða ákveðin verk. Ég veit ekki til þess að það hafi verið gerð nein úttekt á því hversu fróðir gestirnir eru og vitanlega

eru þetta ólíkir hópar en sumir eru nokkuð vel að sér.

Sýningin stendur til 24. september en um miðjan ágúst verður aftur boðið upp á leiðsögn lista- og fræðimanna sem skipulögð er undir yfirskriftinni „Þankar um myndlist - Spurt og spjallað“ en þar fær safnið góðan gest til þess að fjalla um sýninguna út frá persónulegum forsendum. „Það er gaman að fá þessa tengingu því fólk kemur víða að,“ segir Rakel en erindi þeirra leiðsögumanna sem þegar hafa gengið um sýningarnar hafa mælst vel fyrir hjá öðrum safngestum.

Nánari upplýsingar um sýninguna og sumardagskrána má finna á heimasíðu listasafnsins, www.listasafn.is. kristrun@frettabladid.is

## Myndir Mussorgskys

Guðný Einarsdóttir orgelleikari heldur tónleika í Hallgrímskirkju um helgina. Guðný er einn af efnilegustu ungu orgelleikurum sem nú eru að ljúka framhaldsnámi en hún stundaði nám við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn í vetur. Hún stundaði píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík og orgelnám við Tónskóla þjóðkirkjunnar þar sem kennari hennar var Marteinn H. Friðriksson.

Guðný hefur haldið tónleika bæði á Íslandi og í Danmörku og komið fram við ýmis tilefni. Vorið 2006 gegndi hún stöðu aðstoðarorganista í Holmens kirkju í Kaupmannahöfn og mun í haust halda til Parísar og gegna stöðu organista við dönsku kirkjuna þar í borg.

Fyrri tónleikar Guðnýjar fara fram í hádeginu í dag en þar leikur hún þrjú barokkverk eftir Dietrich Buxtehude, Georg Böhm og prelúdíu og fúgu í D-dúr eftir Johann Sebastian Bach. Á síðari tónleikunum á sunnudagskvöldið kl. 20 leikur hún verk eftir Bach, Charles-Marie Widor og Jehan Alain auk verks eftir Modest



GUÐNÝ EINARSDÓTTIR ORGELLEIKARI Tvennir tónleikar í Hallgrímskirkju um helgina.

Mussorgsky sem Keith John hefur umskrifað fyrir orgel.

Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð Alþjóðlega orgelsumars í Hallgrímskirkju.

-khh

**KRINGLU KRÁIN**

### Karma frá Selfossi í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar

# Footloose

Í dag  
7. júlí uppselt  
8. júlí uppselt  
13. júlí laus sæti  
14. júlí laus sæti  
15. júlí laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000  
www.borgarleikhus.is  
www.minnsirkus.is/footloose



## ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17  
Nánari upplýsingar á vefsíðunni  
www.minjasafnreykjavikur.is



Minjasafn Reykjavíkur  
ÁRBÆJARSAFN

**MR. SKALLA GRÍMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi  
Sýningar í júlí

Föstudag	7. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	8. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	9. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	14. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	15. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	16. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	21. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí	kl. 20	laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tviréttadur matur, miði og fritt í göngin til baka í boði Landnámsseturs  
Frá kr. 4000 - 4800  
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600



# Hljómeyki syngur í Skálholti

Á annarri tónleikahelgi Sumartónleika í Skálholti verða verk staðartónskáldsins Úlfars Inga Haraldssonar í forgrunni. Dagskræin hefst kl. 14 með fyrirlestri Úlfars Inga í Skálholtsskóla en klukkustund síðar mun sönghópurinn Hljómeyki flytja verk eftir hann ásamt slagverksleikaranum Frank Aarnink. Stjórnandi á tónleikunum er Marteinn H. Friðriksson.

Síðdegis verða blandaðir tónleikar þar sem leikin verður tónlist frá endurreisnartíma, verk eftir Þóru Marteinsdóttur og Önnu S. Þorvaldsdóttur sem báðar voru staðartónskáld síðasta sumar, Úlfar Inga Haraldsson, og Díonu Rotaru sem er dóttir staðartónskálds sumarsins Doinu Rotaru. Einnig hljómar verk eftir Bandaríkjamanninn og Íslandsvininn Stephen Lucky Mosko sem lést á síðasta ári. Flytjendur á tónleikunum er sænski málmbláarakvintettinn Renaissance Brass, Berglind María Tómas-



SÖNGHÓPURINN HLJÓMEYKI Flytur verk Úlfars Inga Haraldssonar í Skálholti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

dóttir flautuleikari, Kolbeinn Bjarnason flautuleikari og Guðrún Óskarsdóttir samballeikari.

Á sunnudaginn verða síðan

tónleikar þar sem flutt verða brot úr efnisskrám laugardagsins en kl. 17 tekur Hljómeyki þátt í guðsþjónustu í Skálholtskirkju.

# Ungfónía á Þjóðlagahátíð

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins var stofnuð árið 2004, af Gunnsteini Ólafssyni píanóleikara og eldri tónlistarnemendum á Íslandi. „Hugmyndin var að gefa ungum tónlistarnemum tækifæri á að spila í stórrí hljómsveit og takast á við helstu verk tónbókmenntanna,“ segir Gunnsteinn, en hann er jafnframt fastur stjórnandi hljómsveitarinnar.

Að jafnaði skipa um 40-50 nemendur af efstu stigum tónlistarnáms hljómsveitina, en það fer allt eftir því hver verkefni eru. Meðal fastra liða á dagskrá hennar er þátttaka í Þjóðlagahátíð á Siglufirði sem fyrst var haldin fyrir sex árum og haldin hefur verið haldin árlega síðan. Tiltekin þema eru valin fyrir hátíðina í hvert sinn og nú var tónlist eybjóða og stranda fyrir valinu. Gunnsteinn er enn fremur einn þeirra sem hefur yfirumsjón með Þjóðlagahátíðinni en hann stjórnar ekki Sinfóníuhljómsveit unga fólksins á hátíðinni núna.

„Um það bil einu einni á ári fær hljómsveitin til liðs við sig einn gestastjórnanda. Í fyrra var það Bandaríkjamannurinn Robert Gutter en þema hátíðarinnar það árið var „ný heimurinn“. Gestastjórnandinn í ár er frá Brasilíu, kona að nafni Ligia Amadio, en hún er fyrsta konan í 30 ár til að vinna fyrstu verðlaun í Tokyo International Music Competition for Conducting. Þá hefur hún verið aðalstjórnandi Þjóðarsinfóníuhljómsveitar Brasilíu í Rio de Janeiro síðan 1996.“ Að sögn Gunnsteins er mikill fengur að fá til landsins svona góða tónlistarmenn.

Auk gestastjórnanda leggur Sinfóníuhljómsveit unga fólksins allt kapp á að fá til sín Íslendinga sem stunda nám erlendis, til að leika einleik. „Í þetta sinn er það flautuleikarinn Emilía Rós Vigfúsdóttir sem spreytir sig á einleikshlutverkinu í flautukonsertinum Columbine, eftir Þorkel Sigur-



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT UNGA FÓLKSINS Leikur á Siglufirði á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

björnsson,“ segir Gunnsteinn.

Emilía segir þetta fyrsta einleik sinn á hátíðinni þó hún hafi tekið þátt í henni í fyrra. „Ég er mjög spennt að taka þátt enda er verkið sem ég flyt afskaplega ljúft, létt og falllegt.“ Emilía segir margt á döfinni hjá sér en hún heldur til Lundúna í tónleikaferð á næstunni, þar sem hún mun kynna íslenska flaututónlist. „Í fyrra var mér boðið í tónleikaferð um aust-

urströnd Kanada og fljótlega mun ég taka þátt í tónlistarhátíð sem fram fer á Möltu, en þar mun ég halda tónleika ásamt nýsjálenskum píanóleikara. Svo er ég á leið í meistaranám í London í haust, þannig að ég hef meira en nóg fyrir stafni.“

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins verða í Siglufjarðarkirkju á morgun kl. 14 og í Nesirkirkju á mánudaginn.

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

5 6 7 8 9 10 11

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

- 12.00 **Guðný Einarsdóttir** orgelleikari heldur tónleika í **Hallgrímskirkju**. Yfirskrift tónleikanna er **Myndir Mussorgskys** en hún leikur meðal annars verk sem voru hluti af útskriftarverkefnum hennar við **Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn**.
- 15.00 **Sumartónleikar í Skálholti**. Tónlistarhópurinn Hljómeyki leikur verk eftir Úlfar Inga Haraldsson. Aðrir tónleikar með Renaissance Brass kl. 17.
- 21.00 **Herdís Anna Jónsdóttir**, víóluleikari og **Sólveig Anna Jónsdóttir** leika ásamt slagverksleikaranum **Steeff van Oosterhout** á sumartónleikum við **Mývatn**. Tónleikarnir fara fram í **Reykjahliðarkirkju** en þar verður flutt fjölbreytt efnisskrá með barokktónlist, útsetningum á íslenskum þjóðlögum fyrir víólu og steinaspil og tónlist rússnesku tónskáldanna Katsjaturian og Schostakowitch sem útsett er fyrir víólu, marimbu og píanó, m.a. hinn þekktu Sverðdans. Ókeypiss er á tónleikana.

#### OPNANIR

- 14.00 **Eiríkur Árni Sigtryggsson** opnar myndlistarsýningu í **Galleríi Úlf**. Sýningin er opin alla daga frá 14-18.
- 15.00 Myndlistarsýning listahópsins **Án titils Grúp** verður opnuð í **Listasetrinu Kirkjuholvi** á

**Akranesi**. Á sýningunni eru sýnd fjölbreytt myndlistarverk; málverk, teikningar, ljósmyndir og innsetningar. Sýningarstjóri er **Anna Leif Elíóttir**. Sýningunni lýkur 13. ágúst. Listasetrið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 15-18.

#### SKEMMTANIR

- 21.30 **Partyzone party í Hressógarðinum**. Aðalúmer kvöldins er **Kap10Kurt**, tveggja manna elektro rave hljómsveit en auk þeirra leika **Hermigervill** og fleiri góðir. Kúabjöllur og rave-flautur æskilegar. Húsið opnar kl. 21.30
- Hljómsveitin **Karma** leikur á **Krínglukránni**.

#### DANSLIST

- 22.30 Salsakvöld á **Café Cultura**. Hinn eini sanni **Carlos Sanchez** kennir grunnsporin frá kl. 22.30 til 23.30 dansnendum að kostnaðarlausu. Dansað fram eftir nóttu.

#### SÝNINGAR

- 17.00 **Sigtryggur Berg Sigmarsson** sýnir í **Galleríi Dverg** við Grundarstíg. Sýningin ber heitið **The Curse of Sigtryggur Berg Sigmarsson** og er opin frá 17-19.

#### OPIÐ HÚS

- Opnið hús hjá myndlistarmanninum **Snorra Ásmundssyni**. Áhugasamir eru hvattir til að gera sig gestkomna hjá **Snorra í Álafosshúsinu í Mosfellsbæ, Álafossvægi 23, 2 h**. Opnið frá kl. 14-18 um helgina eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar veitir Snorri í síma 692 9526

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## Birgitta Haukdal

Syngur með sínu nefi



Birta er komin út!

Nýr heimur á Hótel Borg  
Bjargey Ingólfsdóttir  
Tíska  
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

**birta**  
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS

**SUPERMAN ÍSPINNI**

**GRÍMAN**

grænn létt  
**Lurkur**  
sykurlaus

**NYTT frá emmessis**  
Öllum brögðum beitt!



> Við mælum með

...mittistöskum. Mjög þægilegar og skemmtilegar töskur sem virka eins og fylgihlutir og hægt er að nota þær á fleiri vegu en utan um mittið.



**útlit**  
utlit@frettabladid.is



**SMEKKURINN HARPA KÁRADÓTTIR MENNTASKÓLANEMI**

**Skemmtilegast hvað tískan í dag er kvenleg og glæsileg**

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, alveg eitthvað smá.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég kaupi mest notuð föt, ég er mjög mikið í pilsu og dýrka háhælaða skó. Oftast vel ég mér stelpulegan klæðnað og það er svöltilill glamúr í mér.

**Uppáhaldshönnuðir eða fata-merki?** Ég á mér engan uppáhaldsfatahönnuð beint og eiginlega ekki heldur uppáhaldsfatamerki þar sem flest sem ég kaup er engin sérstök merki. En ég hef verið rosalega hrifin af fötonum sem stelpurnar í Rokk og rósum eru að gera sjálfar.

**Flottustu litirnir?** Dökkgrænn, dökkblár, fjólublár, svartur og piparmintugrænn.

**Hverju ertu veikust/veikastur fyrir?** Skóm og töskum, ég á mjög oft erfitt með að neita mér um hvort tveggja. Hef ekki tölu á því hvað ég á margar töskur.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Kremhvíta Chanel-töska.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Það er svo mikið í gangi í tískunni í dag en það sem ég verð mest vör við er hvað hún er gamaldags, glæsileg og kvenleg.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Það er ekkert sérstakt sem ég hef ætlað mér að kaupa. Ég er búin að fjárfesta í nokkrum sundbolum og sólglerugum.

**Uppáhaldsverslun?** Rokk og rósi.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Það fer eftir efnahag.

**Hvaða flíkur gætir**

**Þú ekki verið án?** Skór úr neti og slönguskinni sem mamma mín gaf mér í jólagjöf. Ég hef aldrei notað neina skó jafn mikið.

**Uppáhaldsflík?** Blá, gulllituð og silfurlituð second hand kápa sem ég keypti mér í New York í vetur.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Berlínar án efa.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ætli það séu ekki þessir hræðilegu Buffalo skór sem voru mjög heitir einu sinni.



**MÓÐUR VIKUNNAR**  
> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

**Skelfing tískupælarans**

Á litla Íslandi er auðveldlega hægt að lenda í mestu hremmingu tískupælarans. Hér búa aðeins 300.000 manns og það er undantekning ef manni tekst að labba Laugavegin án þess að heilsa einum manni. Að vera í alveg eins gallabuxum og þrjár stelpur á sama kaffihúsi er ekki skemmtilegt og hvað þá ef maður þekkir viðkomandi. Hér koma tískubólur svo stórar að stundum er eins og öll þjóðin sé klædd eftir sömu uppskrift.

Mörgum finnst þetta örugglega skelfing smávægilegt miðað við stríðsástand og hungursneyðir í heiminum og ég ætla ekkert að draga úr því en hugsioð ykkur, að hafa keypt sér rándýran klæðnað og lenda svo í því þegar á að fara að frumsýna flíkina að það er einhver annar mættur í sama dressi. Hrikalegt og getur jafnvel valdið togstreitu milli vina.

Fyrir stelpur er þetta hræðileg tilhugsun, sérstaklega vegna þess að oftast hafa svona mikilvægum frumsýningum svakalega merkileg tilefni þar sem bið er að skipuleggja allt frá toppi til táar. Allir vilja auðvitað standa upp úr og að sjálfsgöðu snýst þetta allt saman um það eitt að vera flottust.

Munurinn á kynjunum í tískumálum hefur ávallt verið skýr, strákar kippa sér ekki mikið upp við svona lagað. Kærastinn minn hristir bara hausinn ef ég er að kvarta yfir svona smávægilegum tískuvandamálum og ég gæti alveg eins verið að tala við hann á kínversku. En af hverju verða stelpur kaldsveittar og setja upp frosið bros ef þær hitta eða bara sjá manneskju í eins flík? Ég held að svarið við því sé að þegar stúlkurnar voru ungar, eða já gelgjur er kannski rétta orðið, keyptu þær alltaf alveg eins föt og besta vinkonan, svo var farið í þann leik að þykjast vera tvíburar eða systur. Þegar við verðum eldri og vitrari er þetta algjört tabú því við forðumst gelgjustimpilinn eins og heitan eldinn.

Engin ein leið er til þess að forðast þessar skelfingar, besta leiðin gæti samt einfaldlega verið að hætta að spá í það í hverju aðrir klæðast og njóta þess að vera í vinsælum flíkum.

**RÖNDÓTT** Flottur kjóll frá Gyllta kettinum.

**SKEMMTILEGUR** Litríkur kjóll úr Rokki og rósum.

**SÆTUR** Fölbleikur kjóll með blómamunstri frá Gyllta kettinum.

**HÁ STÍGVÉL** Flott stígvél úr lakki frá versluninni Rokk og Rósum.

**TENNISKJÓLL** Stuttur rauður kjóll frá Gyllta kettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**TWIGGY** Fyrirsætan grannvaxna var fyrirmynd kvenna á þessu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**Túberað hár og pínupils**

Akkurat núna á fyrsta áratug þessarar aldar stendur tískan á þeim tímamótum að allar tískubólur síðustu aldar eru komnar aftur. Þetta samansafn af leggins og síðum bolum níunda áratugarins, kvenleika og mittisbeltum sjötta áratugarins og sniðleysi sjöunda áratugarins getur ruglað mann í ríminu en einnig glætt sköpunargleðina og er um að gera að blanda þessu öllu saman.

Sjöundi áratugurinn var skemmtilegur, mikil litagleði ríkti í klæðnaði og listamaðurinn Andy Warhol var holdgervingur þess tíma. Föðunin varð meiri en áður og mikill tími kvenna fór í að túbera hár sitt. Bítlaeðið var í algleymingi og strák-



arnir byrjuðu að vera með lakkrisbindi og í háhæluðum skóm.

Stuttar buxur, lakkskór og belti, stuttir litríkir kjólar, pínupils og stígvél sem ná yfir hné eru tískubólur nútímans sem hægt er að tengja við þennan áratug. Fyrirsætan Twiggy skaust hratt upp á stjörnuhimininn með grannan og strákslegan vöxt og risastór augu. Með Twiggy sem fyrirmynd vildu konur vera grannar og strákslegar í vextinum og voru því sniðin á þessum árum frekar bein og sýndu lítið kvenlegan vöxt. Klæðnað sem sækir stílinn til þessa tíma er hægt að finna í flestum tískuvörverslunum landsins og lítur út fyrir að þessi tíska verði áberandi í haust. [alfrun@frettabladid.is](mailto:alfrun@frettabladid.is)

**Í NÚTÍMANUM** Leikkonan Mischa Barton klædd í fallegan stuttan kjól sem minnir óneitanlega mikið á þetta tímabili.

**LITRÍK MUNSTUR** Munstur sjöunda áratugarins voru það sterk og litrík að það lá við að þau gætu dáleitt mann og annan.

**LITASAMSETNING Í LAGI** Flottur kjóll frá Eley Kishimoto úr Kronkron.

**SPARISKÓR** Flottir lakkskór með skemmtilegu munstri úr skóbúðinni Kron.

**HNEPPT PEYSA** Flott peysa frá Kronkron.

**PÍNUPILS** Stutt gallapils frá Galleri Sautján. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**MARC JACOBS** Hönnuðurinn margrómaði sótti áhrif til sjöunda áratugarins þegar hann hannaði línuna fyrir verið og sumarið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**HVAÐ EF ÞÚ ÆTTIR FJARSTÝRINGU... ...SEM GÆTI STÝRT LÍFI ÞÍNU?**

ADAM SANDLER  
**CLICK**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM "ANGER MANAGEMENT" FRUMSÝND 28. JÚNÍ

Sendu SMS skeytið **JA CKF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

**SONY ERICSSON W810i** **VARNING TENGÐAN MYNDINNI**

**DVD MYNDIR** **TÖLVULEIKI**

**BÍÓMIÐA Á MYNDINA FYRIR TVO** ... og margt fleira!

9 hver vinnur!

99 kr. skeytið

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.



# Drottning kjólanna

Tískusinnaðir einstaklingar hafa oft heyrt nafni Diane von Furstenberg fleygt enda er hún og hennar hönnun tíður gestur á síðum tímarita. Hún er fædd og uppalin í Belgíu og skaust upp á sjónarsviðið árið 1972 með frægu „wrap around“ eða bundnu kjólunum sínum. Hún hefur fengið flest öll verðlaun sem hægt er fá í heimi tískunnar fyrir hönnun sína.

Furstenberg lítur út fyrir að vera konungborin með drottningarlegu yfirbragði og nafnið skemmir ekki fyrir. Hún er alltaf í kjólum og klæða öll snið henni mjög vel. Með beittan svip og frjálst fas virðist hún á öræðum aldri. Konur á öllum aldri klæðast hönnun hennar og líta á Diane sem tískufyrirmynd. - áþ



**DROTTNINGIN** Ungir hönnuðir líta mjög upp til Diane von Furstenberg enda hefur hún sérstakan hæfileika í að gera fatnað klæðilegan fyrir unga sem aldna.



**FRJÁLSLEG** Í hvítum kjól með túlpanasniði og marglitri kápu yfir. Töffaralega afslöppuð.



**KLASSÍK** Hér er Diane á rauða dreglinum í marglitum síðkjól sem er í senn kvenlegur og fallegur.



**FÁNALITIRNIR** Það eru ekki allir sem gætu borið þennan skemmtilega kjól en Diane gerir það með glæsibrag.



„THE ROARING TWENTIES“ Þessi klæðnaður gæti verið kominn beint frá djasstímabilinu á þriðja áratugnum. Flott hönnun.

## Frjálsræði og naumhyggja

Drátt fyrir að vera aðeins 27 ára hefur Emma Cook náð miklum vinsældum og er hönnun hennar seld út um allan heim. Cook er Lundúnabúi og útskrifaðist úr hinum margrómaða listaskóla Central Saint Martins í London árið 1993. Þess má geta að með henni í bekk voru heimþekktu hönnuðirnir Alexander



McQueen og Stella McCartney sem bæði hafa nú stofnað sín eigin merki. Emma byrjaði feril sinn á því að vinna fyrir ýmis merki, til dæmis Martine



**KYNPOKKI** Glæsilegur samfestingur í flöskugrænum lit.

og frumleika. Falleg og kynþokkafull snið, mildir litir og töffaralegt yfirbragð einkenna hönnun hennar og sækir hún oftast en ekki innblástur fyrir hönnun sína aftur í tímann. - áþ

**EMMA COOK**  
ÞEKKTUR OG VIRTUR HÖNNUÐUR.

**HVERDAGSLEGA FÍNT** Munstraðar leggings og síð joggingpeysa passa vel við háa hæla, þótt það yrði kannski ekki fyrir valinu á slæmum sunnudegi.

Sitbon og vakti hún verðskuldaða athygli fyrir handmáluð efni þar á bæ. Árið 2000 stofnaði Emma merki undir sínu eigin nafni. Þar lagði hún upp með að gera klæðilegan fatnað fyrir hina venjulegu konu. Hönnun hennar þykir full ferskleika og frumleika. Falleg og kynþokkafull snið, mildir litir og töffaralegt yfirbragð einkenna hönnun hennar og sækir hún oftast en ekki innblástur fyrir hönnun sína aftur í tímann. - áþ

KDL-32S2000K  
32" Sony LCD sjónvarp

**Verð 16.662 krónur**

vaxtalaust\* í 12 mán. eða 199.950 krónur staðgreitt

40.000 króna verðlækkun

KDL-40S2000K  
40" Sony LCD sjónvarp

**Verð 24.995 krónur**

vaxtalaust\* í 12 mán. eða 299.950 krónur staðgreitt

80.000 króna verðlækkun

**Skerpa 1300:1**  
Betri svartur fallegri mynd


**Svartími 8ms**  
Tryggir skarpar hreyfingar án draugs

**Panill S-PVA**  
Lítirnir haldast þó að horft sé á tækið frá hlið



**50% afsláttur**  
ef keypt með nýju Sony LCD sjónvörpunum

WHAT HI FI?  
SOUND AND VISION



RDR-HX710  
Sony upptökutæki

**Verð með HM tilboði 34.975 krónur**

Verð áður 69.950,-

**160GB**  
269 klist af fótbolta

**FireWire**  
Ekkert mál að færa efni af tökuvel yfir á DVD

**Pause live TV**  
Pásaðu lífandi leik ef síminn hringir

like.no.other™

Sony Center Kringlunni  
588-7669 / 588-SONY  
www.sonycenter.is

**Sony Center**







vince vaughn jennifer aniston

taktu afstöðu!

**the break-up**

**SAMBÍÓIN**

**KRAFTMESTA HJASARMYND ÁRSINS**

EINA LEIDIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÓRNINA

**FAST & FURIOUS TOKYO DRIFT**

Keanu Reeves Sandra Bullock

Hvernig heldurðu í einhverjum þú hefur aldrei hitt?

**THE LAKE HOUSE**

**ÁLFABAKKA**

THE BREAK UP	KL. 12:30-3-5:45-8-10:20
THE BREAK UP VIP	KL. 1:45-4:15-8-10:20
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 5:45-8-10:20 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 12:15-1:30-3-5:30-8
CARS enskt tal	KL. 12:15-3-5:30-10:20
THE LAKE HOUSE	KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20
SLITHER	KL. 10:30 B.I. 16
SHE 'S THE MAN	KL. 8

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

THE BREAK UP	KL. 1:30-3:45-6-9-10:15-11:30
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 8:15-10:30 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 1:30-2:45-4-6:30
*CARS enskt tal	KL. 8:15
*POSEIDON	KL. 6 B.I. 14

\*SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

THE BREAK UP	KL. 5:45-8-10:10
THE CLICK	KL. 1-3-15-8 B.I. 10
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 5:45-10:10 B.I. 12
BÍLAR ísl. tal	KL. 1-3-15

**AKUREYRI**

THE BREAK UP	KL. 6-8-10:10
THE LAKE HOUSE	KL. 8-10:10
BÍLAR ísl. tal	KL. 1:40-4-6
CARS enskt tal	KL. 1:40
OVER THE HEDGE ísl. tal	KL. 4

**HÁSKÓLABÍÓ**

THE BREAK UP	KL. 6-8:15-10:30
THE LAKE HOUSE	KL. 6-8:15-10:30
CARS enskt tal	KL. 6-8:30-10:50
BÍLAR ísl. tal	KL. 6-8:30
KEEPING MUM	KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12
POSEIDON	KL. 10:50 B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919



**HAMINGJUSÓM** Jennifer Aniston hefur fundið ástina á ný með leikaranum Vince Vaughn og eru þau samkvæmt bandarísku slúðurpressunni nýtrúlofuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Aniston og Vaughn sögð trúlofuð

Nú smjattar bandaríska slúðurpressan á fréttum um að leikaraparið Jennifer Aniston og Vince Vaughn séu trúlofuð. Samkvæmt blaðinu US Weekly mun Aniston hafa hringt í fyrrverandi tengdamóður sína, móður leikarans Brads Pitt, og boðið henni í brúðkaupið en þær hafa ávallt verið nánar. Vaughn mun hafa boðið Aniston í París fyrr í þessum mánuði og skín hamingjan af parinu. Brúðkaupið verður haldið í Chicago sem er heimabær

hans og mun Aniston nú þegar hafa boðið vinkonu sína Courtney Cox um að vera brúðarmær. Samkvæmt heimildum frá vinum parsins ætla þau að bíða með að tilkynna trúlofunina þangað til fréttum af barni Brads Pitt og Angelinu Jolie linni. Þess má geta að nýbyrjað er að sýna kvikmyndina „The Break Up“ hér á landi en í henni eru þau skötujuin í aðalhlutverkum, en þau kynntust einmitt við gerð myndarinnar.

## Vandræðagemsinn Crowe eignast annað barn

Leikarinn Russell Crowe er orðinn faðir í annað sinn en kona hans Danielle Spences fæddi honum son. Gaman verður að sjá hvort Crowe fullorðnast eitthvað við ábyrgðina sem fylgir öðru barni en hann hefur átt í útistöðum við löggin og þykir skapstygur og drykkfelldur.

Drengurinn kom í heiminn í Sydney í Ástralíu og var skírður Tennyson Spencer Crowe eftir ljóðskáldinu Alfred Lord Tennyson, en fyrir eiga Danielle og Russell hinn þriggja ára Charlie. „Fjölskyldan hefur það mjög gott,“ sagði Crowe. „Ég er mjög spenntur yfir því að verða faðir aftur. Ef ég byrja daginn á knúsi frá syni mínum verður dagurinn svo miklu betri.“ Crowe og Danielle giftust árið 2003 en áður var Crowe með Meg Ryan.



**RUSSELL CROWE** Leikarinn er á skilorði vegna ársásar á hótelfarstarfsmann í fyrra.

## Pavarotti með krabbamein

Óperusöngvarinn heimsfrægi Luciano Pavarotti greindist með krabbamein í briskirtli í síðustu viku og hefur þegar gengist undir aðgerð í New York. Söngvarinn, sem er sjötíu ára, er á batavegi eftir aðgerðina en öllum tónleikum það sem eftir er árs hefur verið aflýst.

Pavarotti var í New York þegar læknaþoppötuvuðu illkynja æxli í briskirtlinum. „Sem betur fer gátu læknaþoppötuvuðu allt æxlið,“ sagði fulltrúi söngvarans. „Læknaþoppötuvuðu herra Pavarotti hafa hrifist af líkamlegum og andlegum styrk söngvarans.“ Framundan hjá Pavarotti voru tónleikar í Finnlandi, Noregi, Austurríki, Sviss og Portúgal en ekki gert ráð fyrir að söngvarinn haldi tónleikaferðinni áfram fyrr en snemma árs 2007.



**LUCIANO PAVAROTTI** Óperusöngvarinn þurfti að fresta öllum tónleikum þangað til snemma árs 2007.

**Bjarmaland**  
ferðaskrifstofa  
þekking reynsla fagmennska

### Keisaraleiðin á Volgu

Bjarmaland ferðaskrifstofa og félagið MÍR þakka frábærar viðtökur á einstakri Rússlandsför og siglingu á milli Pétursborgar og Moskvu 6. – 20. september. Báðar borgir verða skoðaðar, siglt á skemmtiferðarskipi þar sem gleðin er við völd og í lokin farið aftur til Pétursborgar í járnbrautarlest.

Aðalfararstjóri Haukur Hauksson, magister, hefur mikla reynslu á svæðinu, talar mál heimamanna sem innfæddur og er menntaður í ferðafræðum – útskrifaður úr Leiðsögu-skóla Íslands í M.K.

Ferðakynning í MÍR salnum Hverfisgötu 105, 1. hæð, laugardaginn 15. júlí kl. 16:00. Nokkur sæti enn laus, menn eru minntir á að skila pössum. Kaffiveitingar. Flugmiðum og lokaferðagögnum verður skilað á sama stað laugardaginn 19. ágúst kl. 16:00.

Nánari upplýsingar gefur Haukur Hauksson aðalfararstjóri í síma 848 44 29



Haukur Hauksson  
aðalfararstjóri

[www.austur.com](http://www.austur.com)  
[www.bjarmaland.is](http://www.bjarmaland.is)  
[adal@bjarmaland.is](mailto:adal@bjarmaland.is)  
[bjarmaland@strik.is](mailto:bjarmaland@strik.is)







### Próttur mætir Millwall

Enska liðið Millwall er stutt hér á landi og mun leika æfingaleik gegn 1. deildarliði Próttar í dag. Leikurinn fer fram á Valbjarnarvelli og hefst klukkan 15.00. 1000 krónur kostar á leikinn.

# sport

sport@frettabladid.is

## SVERRIR GARÐARSSON HJÁ FH: Í FYRSTA SINN Í LEIKMANNAHÓPNUM Í TÆPTVÖ ÁR

# Aldrei áður notið þess að vera á bekknum

Það gladdi augu margra stuðningsmanna FH að sjá varnarmanninn Sverrir Garðarsson fá sér sæti á bekknum fyrir leikinn gegn KR í Landsbankadeildinni í fyrradag. Þar með var endurkoma Sverris í boltann formlega staðfest en hann hefur verið frá vegna þráláttra meiðsla í næstum tvö ár. Um tíma var óttast að ferill Sverris væri jafnvel á enda en hann var lykilmáður í vörn FH þegar liðið varð fyrst Íslandsmeistari fyrir þremur árum.

Sverrir kom ekkert við sögu í leiknum gegn KR en kveðst þó alsæll. „Þetta var alveg yndislegt. Að klæða sig í takkaskóna og setja á sig legghlífar, í stemningunni inni í klefa fyrir leik. Það var alveg frábært. Þetta var í fyrsta sinn sem ég er á bekknum og hef notið mín,“ sagði Sverrir við Fréttablaðið í gær

og hló dátt. Meiðslin þrálátu virðast loks vera að baki en um er að ræða afar sjaldgæf álagsmeiðsl sem leggjast á ökkla og hefur Sverrir farið í nokkrar aðgerðir á báðum fótum.

„Ég þarf að fá frí frá æfingum tvisvar í viku en annars finn ég lítið fyrir verkjunum. Úthaldið fer batnandi með hverjum degi og það er stutt í að ég verði klár í 90 mínútna leik,“ segir Sverrir og bætir því við að hann sé sami leikmaður og hann var fyrir meiðslin. „Ég á eftir að létta mig um 4-5 kíló og það tekur náttúrulega sinn tíma að komast í fulla leikhæfingu á ný. Annars er ég lítið breyttur,“ sagði Sverrir og glotti.

Varnarmaðurinn ungi býst þó ekki við því að vera eins sáttur með að vera allan tímann á bekknum í næsta leik. „Í

næsta leik vill ég fara inn á og fljótlega eftir það mun ég vilja vera í byrjunarliðinu. Markmiðið er að vera búinn að tryggja mér sæti í liðinu áður en tímabilið er á enda,“ sagði Sverrir Garðarsson að lokum.



### > Birgir á góðu skriði

Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GK Gáttu góðan dag á öðrum keppnisdegi Áskorendamótaraðarinnar og er samtals á tveimur höggum undir pari. Birgir lék á 70 höggum í gær og á 72 höggum í fyrradag en hann er komin í gegnum niðurkurð mótsins. Hann á hrós skilið því hann var síðasti maður inn í mótið og er að sýna mikinn stöðugleika í sínu spili.



CAPELLO Vill fá Cristiano Ronaldo. NORDICPHOTOS/AFP

Fabio Capello um Ronaldo:

## Það vilja allir koma hingað

**FÓTBOLTI** „Ég er í skýjunum með að vera kominn aftur í mikilvægasta félag heims,“ sagði Fabio Capello þegar hann var kynntur sem nýr þjálfari spænska risaliðsins Real Madrid. Umræður hafa verið uppi um að portúgalski kantmaðurinn Cristiano Ronaldo gæti verið á leið til félagsins og segist Capello vera nokkuð viss um að leikmaðurinn sjálfur vilji koma.

„Það vilja allir spila fyrir Real Madrid og ég er nokkuð viss um að hann er í þeim hópi. Ég er mjög hrifinn af honum sem leikmanni en á þessari stundu get ég ekkert sagt,“ sagði Capello sem notaði einnig tækifærið og neitaði öllum kjaftasögum þess efnis að David Beckham væri á leið frá félaginu. „Beckham er mikilvægur fyrir Real Madrid og það þarf ekki að ræða það frekar.“

- egm



TILHLÖKKUN Domenech er spenntur fyrir úrslitaleiknum. NORDICPHOTOS/AFP

Raymond Domenech:

## Liðið er alls ekki of gamalt

**FÓTBOLTI** Raymond Domenech, þjálfari franska landsliðsins, er bjartsýnn fyrir úrslitaleikinn gegn Ítalíu á morgun. Franska liðið virkaði nokkuð þreytt í leiknum gegn Portúgal í undanúrslitum þrátt fyrir að ná 1-0 sigri. „Portúgalska liðið lét okkur vinna fyrir hlutunum og það kemur ekki á óvart að smá þreyta hafi verið í mínum mönnum undir lokin. Ég er þó viss um að þeir sýni sínar bestu hliðar í úrslitunum enda gleymist öll þreyta í þeim leik,“ sagði Domenech.

Talað var um fyrir mótið að liðið væri of gamalt. „Ég hef bara hlegið að þessari gagnrýni. Við erum að tala um sjö leiki og menn um þrjúgetu geta nú vel þolað það. Luis Figo er jafngamall Zinedine Zidane og ekki hefur hann verið slæmur á mótinu. Svo erum við ekki bara með gamla leikmenn en þeir eldri miðla reynslu sinni til þeirra yngri,“ sagði Domenech.

- egm

# Sá bílinn fyrir framan mig og svo bara bláan himininn

Íslenski ökuþórin Viktor Jensen heldur ótrauður áfram baráttu sinni um sigur í Palmer Audi-formúlunni. Viktor lætur mjög slæman árekstur ekki á sig fá en bíll hans flaug lóðréttur tæpa þrjú metra upp í loftið um síðustu keppnishelgi.

**KAPPAKSTUR** Viktor var að keppa fyrir réttu viku á Brands Hatch brautinni í Englandi þegar hann lenti í virkilega hörðum árekstri. Atvikið gerðist í undankeppninni þegar Viktor ætlaði að endurheimta fyrsta sætið sem hann hafði náð fyrr um daginn. Viktor ætlaði að taka fram úr hægara bíl fyrir framan sig sem hætti skyndilega við að vika úr vegi fyrir Viktori sem skall harkalega á bílinn.

„Ég gat ekki gert neitt annað en að klessa aftan á hann. Um leið og ég skall á honum flaug bíllinn lóðrétt upp í loftið og var á hvolfi, tæpum þremur metrum fyrir ofan brautina. Bíllinn lenti á vinstra framhjólunni, brotnaði nánast í tvennt og gjöreyðilagðist. Þjónustuliðið stóð sig frábærlega í að byggja alveg nýjan bíl fyrir mig um nóttina svo ég gæti keppt daginn eftir,“ sagði Viktor við Fréttablaðið.



GLETTINN Viktor rennir hér hýru auga til föngulegrar stúlu á verðlaunapallinum á Brands Hatch. FRÉTTABLAÐIÐ



SIGURÆLL Viktor hefur unnið fimm mót af sjö og situr nú í efsta sæti ásamt einum öðrum. Þar að auki hefur Viktor fimm sinnum verið á rásþól og fimm sinnum náð besta tíma í keppnum. FRÉTTABLAÐIÐ

blaðið um atvikið. Viktor missti af fyrstu keppninni um helgina af þremur en náði öðru sæti í annarri keppninni og sigraði svo í þeirri þriðju.

„Eina stundina var ég að horfa á afturvænginn á bílnum fyrir framan mig, þá næstu sá ég bláan himininn og á þeim tímavarki vissi ég að það sem myndi gerast næst yrði vont. Ég vissi samt sem áður að bílarnir eru sterkbyggðir auk þess sem öryggisbúnaðurinn minn er mjög góður. Ég bjó mig undir það versta og skall svo á jörðinni. Ég meiddi mig í bakinu og finn ennþá til þegar ég sný upp á bakið, það var aftur á móti 20 stiga forysta mín í stigakeppninni sem fór verst út úr þessu,“ sagði Viktor.

Viktor hefur farið frábærlega af stað á tímabilinu og unnið fimm af sjö keppnum. „Ég er að sjálf-sögðu ánægður með byrjunina hjá

mér. Ég hef aldrei byrjað tímabil svona vel og er algjörlega í skýjunum. Hingað til hef ég gert mjög fá mistök og þessi stöðugleiki er það sem ég þarf að hafa til að vinna meistaratilinn,“ sagði Viktor sem horfir bjartsýnn fram á tímabilið sem nú er hálfnað.

„Fyrir mér er ég kominn aftur á byrjunarreit. Ég er orðinn jafn öðrum á toppi stigatöflunnar nú þegar tímabilið er hálfnað og því þarf ég að byrja aftur. Það er núna undir mér komið að gleyma árekstrinum og halda áfram að sækja. Ég veit að ég hef hæfileikana til að vera sá besti en ég er ekki svo óþroskaður að halda að það verði auðvelt. Mikil vinna og einbeiting er lykillinn og ég mun taka samstundis upp þráðinn,“ sagði Viktor Jensen.

hjalti@frettabladid.is

Leikurinn um þriðja sætið á HM í Þýskalandi fer fram í kvöld þegar heimamenn mæta Portúgal:

# Hverjir hljóta sárabótarverðlaunin í Stuttgart?



**FÓTBOLTI** Michael Ballack verður ekki með Þjóðverjum í leiknum um þriðja sætið á HM í kvöld þegar gestgjafarnir mæta Portúgólum. Fyrirliði Þjóðverja á við meiðsli að stríða í vinstra hné og hefur því lokið keppni á HM. Robert Huth og Marcell Jansen koma inn í liðið fyrir Per Mertesacker og Arne Friedrich og Oliver Kahn leikur sinn síðasta landsleik í markinu.

„Við skuldum Oliver að leyfa honum að spila og það getur enginn í heiminum tekið þetta af honum. Hann hefur spilað mikilvægt hlutverk fyrir okkur, hann hefur verið eins og meðlimur í þjálfarateyminu og hefur haft mikil áhrif á ungu leikmennina í



TILBÚNNI Í SLAGINN? Oliver Kahn endar landsliðsferilinn í kvöld en á æfingu í gær virtist hann hafa lítinn áhuga á leiknum og geispaði myndarlega ótt og tit. NORDICPHOTOS/AFP

liðinu,“ sagði Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari en Jens Lehmann sagðist glaður vilja vika fyrir kollega sínum.

Luiz Felipe Scolari, landsliðsþjálfari Portúgals segist bíða spenntur eftir leiknum. „Ég hefði kannski frekar viljað spila í



Í ÚRVALSLIÐINU Totti og Gattuso eru báðir í úrvalslíðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Úrvalslíð HM valið;

## Sjö Ítalir í úrvalslíðinu

**FÓTBOLTI** Sérstök valnefnd á vegum FIFA hefur valið sérstakan 23 manna úrvalshóp sem bestu leikmenn heimsmeistarátótsins skipa. Ítalía ber höfuð og herðar yfir önnur landslið mótsins og á sjö fulltrúa í hópnum. Englendingar eiga aðeins einn leikmann en það er varnarmaðurinn John Terry úr Chelsea. Athyglisvert er að ekkert pláss er fyrir hinn brasilíska Ronaldo sem skoraði þrjú mörk á mótinu en Ze Roberto er eini fulltrúi Brasilíu.

Enginn leikmaður frá Afríku eða Asíu komst í þennan úrvalshóp. Frakkar munu mæta Ítölum í úrslitaleik mótsins á morgun en þeir eiga fjóra fulltrúa í úrvalslíðinu. Gestgjafarnir í Þýskalandi eiga einnig fjóra fulltrúa en þeir mæta Portúgal í leiknum um þriðja sætið í kvöld en aðeins tveir frá Portúgal eru í úrvalslíðinu.

- egm

### ÚRVALSHÓPUR HM

**Markmenn:** Gianluigi Buffon (Ítalíu), Jens Lehmann (Þýskalandi), Ricardo (Portúgal)

**Varnarmenn:** Roberto Ayala (Argentína), John Terry (England), Lilian Thuram (Frakkland), Philipp Lahm (Þýskalandi), Fabio Cannavaro (Ítalíu), Gianluca Zambrotta (Ítalíu), Ricardo Carvalho (Portúgal)

**Miðjumenn:** Ze Roberto (Brasilíu), Patrick Vieira (Frakklandi), Zinedine Zidane (Frakklandi), Michael Ballack (Þýskalandi), Andrea Pirlo (Ítalíu), Gennaro Gattuso (Ítalíu), Luis Figo (Portúgal), Maniche (Portúgal)

**Framherjar:** Hernan Crespo (Argentína), Thierry Henry (Frakklandi), Miroslav Klose (Þýskalandi), Francesco Totti (Ítalíu), Luca Toni (Ítalíu)

úrslitaleiknum en við verðum að vera stoltir af þessum árangri hjá okkur. Við höfum reynt að spila vel og að mínu mati hefur það tekist vel. Við erum þakklátir stuðningsmönnum okkar sem hafa verið stórkostlegir og við ætlum ekki að missa andann þrátt fyrir að hafa ekki komist í úrslitaleikinn,“ sagði Scolari.


Margir vilja meina að leikurinn um þriðja sætið skipti engu máli en FIFA hefur brugðist við því. „Að mínu mati skiptir þessi leikur miklu máli, það skiptir líka máli fyrir leikmennina hvort þeir lenda í þriðja eða fjórða sæti,“ sagði Markus Sieglar, talsmaður FIFA, en það voru Tyrkir sem náðu þriðja sætinu árið 2002.

- hþh





www.minnsirkus.is/pipola



SIRKUS TV

JONSSON & LEMMINGS · JÚLÍ · SÍA

# PÍPÓLA

SÝNINGAR HEFJAST 13. JÚLÍ

## ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnast lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.



# Stjörnurnar fæðast í Eyjum

Hinu árlega Shellmóti í fótbolta lauk í Vestmannaeyjum um síðustu helgi en mótið var haldið í fyrsta skipti árið 1984. *Elvar Geir Magnússon* gluggaði í sögu mótsins og komst að því að margir þeirra sem hafa unnið til verðlauna þar eru vel þekktir í íþróttalífi landsins í dag og þá ekki bara fyrir fótboltaíðkun.

## Markakóngarnir Andri og Kolbeinn Sigbórssonir: Ótrúlegir bræður sem eiga öll markametin

**FÓTBOLTI** Árið 1987 varð Andri Sigbórsson markahæsti leikmaður Tommamótsins þegar hann skoraði 33 mörk fyrir KR, engum hefur tekist að skora eins mörg mörk og hann á einu móti. Rétt rúmum tíu árum síðar fylgdi Kolbeinn Sigbórsson í fótspor bróður síns og varð markakóngur árið 1998 en þá var hann að spila upp fyrir sig og var tveimur árum yngri en flestir keppinautar sínir á mótinu sem hét þá Shellmótið. Kolbeinn spilaði með Víking og varð einnig markahæstur næstu tvö ár á eftir og því alls þrisvar, hann er sá eini sem hefur verið markakóngur oftast en einu sinni.

„Ég man eftir því að ég fór og horfði á síðasta Shellmótið sem

Kolbeinn spilaði á árið 2000. Það var gaman að koma aftur á mótið eftir að hafa spilað á því sjálfur á sínum tíma. Það var mikil breyting og mótið er greinilega að stækka og þróast í rétta átt,“ sagði Andri en Kolbeinn er í dag á sextánda ári og er í herbúðum HK.

Andri lék sjö A-landsleiki fyrir Ísland en 25 ára varð hann að hætta knattspyrnuíðkun vegna alvarlegra meiðsla. „Í maí 2002 var ég að spila með Molde í Norgegi gegn Moss og það kom fyrirgjöf. Markaðurinn hoppaði í hnéð á mér og ég var fastur með takkana í grasinu. Ég þrífrotnaði í hnénu og allt fór í köku. Sví sem var lækni enska landsliðsins núna á HM meðhöndlaði mig á sínum tíma og sagði að þetta gæti



**RAÐAÐI INN MÖRKUM** Enginn hefur skorað fleiri mörk á einu Shellmóti í Vestmannaeyjum en Andri Sigbórsson.

aldrei lagast,“ sagði Andri en hann hefur sannað að það er þó líf eftir fótboltann. Hann býr í dag í Norgegi og er með fyrirtækjarekstur en hann er með sex bakari á sínum snærum. Í lok mánaðarins mun hann síðan gifta sig hér á landi.

Andri segist muna vel eftir Tommamótinu 1987 þegar hann varð markakóngur en hann fór á þrjú mót. „Ég man best eftir því

síðasta og þá sérstaklega eftir úrslitaleiknum. Þar unnum við Eið Smára Guðjohnsen og félagi í ÍR 6-1 og ég skoraði fimm. Ég hlakkaði rosalega mikið til að fara, það var gaman að spranga og fara í hellaskoðanir og svona. Þá var það mikil hvatning að fá þessi verðlaun,“ sagði Andri en Eiður Smári varð svo markakóngur á mótinu árið eftir.

## Snorri Steinn Guðjónsson raðaði inn mörkum: Er stoltur af þessu

„Maður talar alveg um þetta enn í dag og ég neita því ekki að ég er mjög stoltur af þessu,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson sem var markakóngur á mótinu 1990. Snorra Stein þarf ekki að kynna en hann er í dag atvinnumaður og landsliðsmaður í handbolta. „Ég var líka markakóngur á Essonmótinu á Akureyri á sínum tíma. Ég var mikill markaskorari á mínum yngri árum, reyndar hreyfði ég mig nú ekkert mjög mikið á vellinum og var ekki mjög vinnusamur en skilaði mínum mörkum,“ sagði Snorri og hló.

„Ég man vel eftir þessum móttun, þetta var algjörlega toppurinn á tilverunni hjá manni þegar maður var lítill og þetta



**LANDSLIÐSMAÐUR** Snorri er í dag einn fremsti handboltamaður þjóðarinnar.



**MED MARKAKÓNGSBIKARINN** Snorri er hér til hægri, stoltur með verðlaunin.

lifir enn í minningunni í dag. Árið á eftir varð ég í öðru sæti yfir markahæstu menn en þá unnum við Shellmótið, það skipti reyndar meira máli að vera markakóngur en hitt,“ sagði Snorri og glotti.

Hann var mjög efnilegur í fótbolta en svo kom sá tími að hann þurfti að velja á milli. „Ég kláraði þriðja flokkinn í fótbolta en var farinn að einbeita mér mun meira að handbolta. Það var meiri vilji hjá mér að vera handboltamaður og þar var ég líka betri svo það var kannski ekkert mjög erfitt að velja á milli.“



**LÍÐ ÍR 1988** Eiður Smári er merktur með rauðum hring. Hægra megin við hann er Ragnar Óskarrson, atvinnumaður í handbolta.

Tommmamótið árið 1988:

## Arnar Þór betri en Eiður?

Athygli vekur að á mótinu árið 1988 var Eiður Smári Guðjohnsen, núverandi leikmaður Barcelona, markahæstur með 26 mörk. Hins vegar var það Arnar Þór Viðarsson sem valinn var bestur á mótinu þetta ár en hann leikur nú með Twente í Hollandi og eru þeir tveir samherjar hjá íslenska landsliðinu.

Fréttablaðið hafði samband við menn sem fylgdust með mótinu þetta ár. Segja þeir að Eiður Smári

hafi í raun verið yfirburðamaður á mótinu en hins vegar hafi verið ákveðið að veita Arnari Þór verðlaunin þar sem það þótti nóg fyrir Eið að fá verðlaun fyrir markaskorun. Arnar Þór hafi vissulega verið mjög góður en ljóst að hann hefði í raun verið næstbesti maður mótsins.

**ARNAR ÞÓR VIÐARSSON** Svona leit hann út þegar hann var valinn bestur á Tommamótinu, árið 1988. Nú spilar hann með Twente í Hollandi.



## Tenniskappinn Arnar Sigurðsson var markakóngur: Mjög erfið ákvörðun

Á lista yfir markakóna mótsins frá upphafi má sjá mörg athyglisverð nöfn, þar á meðal er Arnar Sigurðsson sem er í dag fremsti tenniskappi þjóðarinnar. Arnar var á sínum tíma mjög efnilegur fótbolta maður en hann æfði hjá Breiðabliki í Kópavogi. „Ég man nokkuð vel eftir Shellmótinu, þetta var rosalega gaman. Svo skemmdi ekki fyrir að vinna til verðlauna og vera valinn í landslið mótsins og svona. Það var samt ekki bara gaman að keppa þessa leiki heldur var það allt í kringum þetta mót sem var svo skemmtilegt líka,“ sagði Arnar.

„Ég var miklu meira í fótbolta en tennis í gamla daga en þegar ég var í kringum fjórtán ára aldurinn þá sagði ég skilið við fótbolta. Það var mjög erfið ákvörðun en á þessum tíma var ég fyrirliði hjá Breiðablik og var búinn að vera í landsliðsúrtekum og svona. Þetta var erfiður aldur og maður fékk svo sannarlega að



**FREMSTUR Í TENNIS** Arnar er besti tennisleikari landsins í dag.

heyra það, að velja svona skrítna íþrótt fram yfir fótbolta,“ sagði Arnar og hló.

„Ástæðan fyrir því að ég valdi tennis frekar en fótbolta var sú að ég var aðeins búinn að fara eitthvað til útlanda að keppa í tennis. Mér fannst það rosalega gaman og var mikil upplifun, því ákvað ég að fara þá braut frekar og sé alls ekki eftir því í dag,“ sagði Arnar en hann var markakóngur á fyrsta Shellmótinu en árin þar á undan hafði það heitið Tommamótið.

## „Gamlar“ stjörnurnar



**ANDRI F. OTTÓSON** Var valinn besti leikmaður mótsins 1992.



**SIGURVIN ÓLAFSSON** Eyjapeyinn sem nú spilar með FH-ingum.



**ATLI GUÐNASON** Sóknarmaður FH valinn besti varnarmaðurinn.




**SIGMUNDUR KRISTJÁNSSON** Valinn bestur 1993 en er hjá KR í dag.



**DAÐI GUÐMUNDSSON** Framarinn fær verðlaun fyrir að vera bestur 1991.



**HELGI ÁSS GRÉTARSSON** Var hörkumarkvörður áður en skákin varð fyrir valinu.




**GUNNLEIFUR GUNNLEIFSSON** Markvörður HK-inga tekur sig vel út.



**ARNAR ÞÓR VIÐARSSON** Sýnir hér snilli sína með knöttinn á Shellmótinu.



**BJARNI GUÐJÓNSSON** Skagamaðurinn valinn bestur 1989.



**BALDUR ADALSTEINS** Sópaði að sér verðlaunum á sínum tíma.

### BESTIR FRÁ UPPHAFI

- 1984** Ívar Bjarklind, KA  
**Í DAG:** Spilaði m.a. með meistaraflokki KA, ÍBV og KR en er nú hættur.
- 1985** Sverrir Auðunsson, Keflavík  
**Í DAG:** Er hættur knattspyrnuíðkun en spilaði með liðum af Suðurnesjum í neðri deildunum.
- 1986** Aron Haraldsson, Breiðablik  
**Í DAG:** Er hættur en spilaði með liðum af landsbyggðinni í neðri deildunum.
- 1987** Andri Sigbórsson, KR  
**Í DAG:** Var atvinnumaður en neyddist til að hætta knattspyrnuíðkun vegna meiðsla.
- 1988** Arnar Þór Viðarsson, FH  
**Í DAG:** Spilar með hollenska liðinu Twente.
- 1989** Bjarni Guðjónsson, ÍA  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki ÍA í Landsbankadeildinni.
- 1990** Baldur Adalsteins, Völsungur  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki Vals í Landsbankadeildinni.
- 1991** Daði Guðmundsson, Fram  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki Fram í 1. deildinni.
- 1992** Andri Fannar Ottóson, Fram  
**Í DAG:** Lék með meistaraflokki Fram en er nýhættur knattspyrnuíðkun.
- 1993** Sigmundur Kristjánsson, Þróttur  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki KR í Landsbankadeildinni.
- 1994** Gunnar Hilmar Kristinsson, ÍR  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki Leiknis R. í 1. deildinni.
- 1995** Eyjólfur Héðinsson, ÍR  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki Fylkis í Landsbankadeildinni.
- 1996** Albert Brynjar Ingason, Fylkir  
**Í DAG:** Leikur með meistaraflokki Fylkis í Landsbankadeildinni.
- 1997** Theódór Elmar Bjarnason, KR  
**Í DAG:** Er samningsbundinn skoska úrvalsdeildarliðinu Glasgow Celtic.
- 1998** Arnór Smásson, ÍA  
**Í DAG:** Er í herbúðum hollenska liðsins Heerenveen og spilar með unglíngaliði félagsins.
- 1999** Rafn Haraldsson, Þróttur  
**Í DAG:** Spilar með 2. flokki Þróttar.
- 2000** Kolbeinn Sigbórsson, Víkingur  
**Í DAG:** Spilar með 2. flokki HK.
- 2001** Atli Sigurjónsson, Þór  
**Í DAG:** Er hjá 3. flokki Þórs.
- 2003** Kristján Gauti Emilsson, FH  
**Í DAG:** Er hjá 4. flokki FH.

### HÆTT AÐ VELJA ÞANN BESTA

Árið 2003 var í síðasta sinn valinn besti leikmaður mótsins en Kristján Gauti Emilsson úr FH varð þá fyrir valinu. Einar Friðbjósson, framkvæmdarstjóri Shellmótsins, segir að vegna þrýstings frá foreldrum hafi verið ákveðið að hætta að veita þessi verðlaun svo strákunum sé ekki mismunað. Einnig var hætt að verðlauna markahæstu leikmenn en í dag er þó valið sérstakt úrvalslíð Shellmótsins en það eru dómamar mótsins sem sjá um valið á því.

### MARKAKÓNGUR A-LIÐA

- 1984** Þorvaldur Ásgeirsson, Þróttur (12)
- 1985** Kjartan Hjálmarsson, Fram (14)
- 1986** Jón Frimann, ÍA (32)
- 1987** Andri Sigbórsson, KR (33)
- 1988** Eiður Smári Guðjohnsen, ÍR (26)
- 1989** Guðmundur Steinarsson, Keflavík (22)
- 1990** Snorri Steinn Guðjónsson, Valur (19)
- 1991** Theódór Óskarrson, Fylkir (19)
- 1992** Arnar Sigurðsson, Breiðablik (19)
- 1993** Brynjar Harðarson, Fylkir (18)
- 1994** Ólafur Ingi Skúlason, Fylkir (12)
- 1995** Jón Emil Guðmundsson, Valur (17)
- 1996** Atli Kristinsson, Selfossi (12)
- 1997** Kristján Halldórsson, ÍR (16)
- 1998** Kolbeinn Sigbórsson, Víkingur (16)
- 1999** Kolbeinn Sigbórsson, Víkingur (15)
- 1999** Björn Jónsson, ÍA (15)
- 2000** Kolbeinn Sigbórsson, Víkingur (25)
- 2001** Óli Ben Ólafsson, Leiknir R. (17)
- 2002** Ari Magnússon, HK (15)
- 2003** Arnþór Hermannsson, Völsungur (17)





AUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU 21. JÚNÍ 2006

# ÞAÐ SEM ÞIÐ MÁTTUÐ HVORKI SJÁ NÉ HEYRA...

\*Séð og heyrt var dreift frítt með Morgunblaðinu í könnunarvikunni í maí 2006

Fróði tímaritaútgáfa birti nýverið auglýsingu þar sem útgáfan stærir sig af góðri útkomu tímaritsins Séð og Heyrt í fjölmiðlakönnun Gallup sem framkvæmd var í maí. **Það sem kemur ekki fram í auglýsingunni er að Séð og heyrt var dreift ókeypis með Morgunblaðinu, á því tímabili sem spurt var um, þó IMG Gallup tæki það skýrt fram í niðurstöðunum.** Slíkt skekkir ekki aðeins mælinguna heldur gefur afar villandi mynd af tímaritalestri Íslendinga.



**ÍSLENDINGAR KUNNA AÐ META SANNLEIKANN**





Akranesvelli, Áhorf: 1032 Eyjólfur Kristinsson (5)

1-0 Bjarni Guðjónsson (17.)  
1-1 Jóhann Þórhallsson (71.)  
2-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (88.)

#### TÖLFRAEÐIN

Skot (á mark)	9-11 (3-3)
Varin skot	Bjarki Freyr 2 - Colin 1
Horn	3-4
Aukaspyrnur fengnar	21-12
Rangstöður	8-4

ÍA 4-4-2	GRIND. 4-4-2
Bjarki Freyr 6	Colin Stewart 6
Pálmi Haraldsson 6	Kristján Valdimarsson 7
Heimir Finarsson 6	Eysteinn Húni 7
<b>*Bjarni Guðjónsson 8</b>	Michael J. 7
Halþór Egir 7	Óðinn Arnason 7
Ellert Jón 7	Ray Anthony 6
(72. Guðjón Heiðar -)	Paul McShane -
Árni Thor 5	(10. Guðm. Andri -) 5
Þórður Guðjónsson 5	Jóhann Helgas. 6
Jón Vilhelm 6	Óskar Örn 7
(82. Hjörtur -)	Jóhann Þórhalls. 7
Arnar Gunnlaugsson 7	Mounir Ahandour 6
Bjarki Gunnlaugsson 6	(45. Andri Steinn) 6
(72. Andri Júl. -)	

\*Maður leiksins

#### STADAN Í LANDSBANKAÐEILDINN:

	1. FH	2. VÍKINGUR	3. GRINDAVÍK	4. FYLKIR	5. KR	6. VALUR	7. KEFLAVÍK	8. ÍBV	9. BREIÐABLIK	10. ÍA
	10	8	2	0	19-5	26				
	9	4	2	3	13-8	14				
	10	3	4	3	15-12	13				
	9	4	1	4	12-12	13				
	10	4	1	5	8-19	13				
	9	3	3	3	12-11	12				
	9	3	2	4	14-9	11				
	9	3	2	4	9-14	11				
	9	3	1	5	16-22	10				
	10	3	0	7	12-18	9				

Úrslit Wimbledon mótsins:

## Nadal mætir Federer

**TENNIS** Það verður sannkallaður draumaúrslitaleikur á Wimbledon móttinu í tennis á morgun þegar tveir fræknir kappar mætast í úrslitaleiknum. Mennirnir tveir eru í tveimur efstu sætum heimslistans og því er um sannkallaðan stórleik að ræða en það eru Rafael Nadal og Roger Federer sem munu leiða saman hesta sína.

Nadal tryggði sér sæti í úrslitunum í gær eftir að hann lagði Kypurbúann Marcos Baghdatis 6-1, 7-5 og 6-3 í skemmtilegum leik í gær. Staðan hefði getað orðið önnur ef Baghdatis hefði náð að vinna annað settið en með frábærum leik hafði hinn tvítugi Nadal loks sigur. Nadal hefur spilað frábæran tennis á móttinu og er til alls líklegur gegn Federer.

Slagurinn er athyglisverður fyrir margra hluta sakir en Federer er af mörgum talinn sigurstranglegr, sem verður að teljast eðlilegt. Federer tapar vart leik á grasvöllum en líklegt þykir að ef einhver geti stöðvað hann, verði það Nadal. Hvort það tekst kemur í ljós á morgun. - hph

# Bræður munu berjast

Það var boðið upp á sannkallaðan baráttuslag í Landsbankadeild karla þegar ÍA tók á móti Grindavík á Akranesvellingum í gærkvöldi. Hvassviðri og umdeild dómgæsla settu sitt mark á leikinn sem Skagamenn unnu naumlega.

**FÓTBOLTI** Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir tóku fyrir skömmu við liði ÍA eftir að Ólafur Þórðarson hætti störfum. Og þau gömlu sannindi reyndust rétt, að með nýjum þjálfurum ganga menn endurnýjun lífdaga og gátu þeir bræður fagnað sigri í sínum fyrsta deildarleik sem þjálfarar. Umdeildur var hann, engu að síður, og ekki síst vegna dómgæslu Eyjólf Kristinssonar.

Í stöðunni 1-1 gaf Eyjólfur Grindvíkingnum Jóhanni Helgasyni sína aðra áminningu fyrir afskaplega litlar sakir og í kjölfarið gátu Skagamenn leyft sér að sækja stíft á lokamínútum síðari hálfleiks sem Grindvíkingar höfðu að mestu stjórnað. Varamaðurinn Hjörtur Hjartarson varð svo hetja sinna manna er hann skallaði inn hornspyrnu Bjarna Guðjónssonar á 88. mínútu.

„Það er alveg yndislegt að skora sigurmarkið í þessum leik,“ sagði Hjörtur. „Persónulega er það mjög sætt en fyrst og síðast er það mikilvægt að innbyrða sigur í leiknum eftir að hafa verið komnir með bakið upp að vegg.“

En Grindvíkingar voru vitanlega sársvektir út í dómaramann og töldu m.a.s. að hornspyrnan sem Bjarni tók hefði verið ólögleg. Áminnti Eyjólfur Grindvíkinga eftir leik fyrir þau ummæli sem vorin látin falla inni á vellingum að loknum leiknum.

„Þetta var aldrei rautt spjald



**VONBRIGÐI OG GLEÐI** Grindvíkingar fögnuðu ekki síður þegar Jóhann Þórhallsson jafnaði metin en Bjarki Freyr, markmaður ÍA, var ekki jafn sáttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON



**FÖGNUMUR** Skagamenn fögnuðu vel og innilega þegar Hjörtur Júlíus Hjartarson skoraði á lokamínútum leiksins á Akranesi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

og ég er hundsvektur með dóm-gæsluna hér í kvöld,“ sagði Eysteinn Hauksson, varnarmaður Grindvíkinga, eftir leik. „Það var ekki eitt einasta vafaatriði sem féll okkur í vil og á ég hreinlega ekki orð yfir þetta. Við komum inn á völlum mjög grimmir í síðari hálfleik eftir þrusuræðu frá Sigurði í hálfleik og áttum miklu meira skilið úr leiknum.“

En Skagamenn byrjuðu betur og uppskárú mark á 17. mínútu eftir nokkrar efnilegar sóknir. Markið kom beint úr aukaspyrnu Bjarna en eins og í hinu markinu mótmæltu Grindvíkingar mjög aukaspyrnudómnum. Báðir þjálfararnir voru í fremstu váglinu og sýndu nokkra gamalkunna takta án þess þó að ná að skora. Arnar setti knöttinn reyndar í netið en markið var dæmt af vegna rangstöðu. Í síðari hálfleik fékk hann svo nokkur færri en hann skoraði ekki úr þeim.

„Ég held að ég hafi aldrei hlaupið eins mikið í einum leik,“ sagði

Arnar. „En við sýndum góðan leik hér í dag og getum þakkað Ólafi (Þórðarsyni) fyrir það góða form sem leikmenn eru í - fyrir utan kannski mig og Bjarka. Það býr mikill fótbolti í þessu liði og það er vonandi að við getum sýnt það í næstu leikjum.“

Grindvíkingar komust inn í leikinn um miðjan fyrri hálfleik og spiluðu vel eftir það. Það setti sjálfsagt strik í reikninginn að tveir leikmenn, Paul McShane og Mounir Ahandour þurftu báðir að fara af velli í fyrri hálfleik vegna meiðsla en leikmenn liðsins gáfust engu að síður upp og uppskárú á endanum mark sem Jóhann Þórhallsson skoraði. Kom þá langur bolti inn á vallarhelming ÍA og tókst Jóhanni að koma knettinum fram hjá Bjarka Frey markverði sem var í úthlaupi og renndi honum í autt markið. En rauða spjaldið sem Jóhann Helgasón fékk varð einfaldlega banabiti liðsins og reyndist lukkan sannarlega ekki vera þeirra megin í gær.

Frakkland og Ítalía mætast á morgun:

## Notast við sérhannaðan bolta í úrslitaleiknum

**FÓTBOLTI** Notast verður við sérhannaðan og stórglæsilegan bolta í úrslitaleik HM í Þýskalandi sem fram fer á morgun. Búið er að gylla alla litaða fleti hans og merkja hann með nöfnum Frakklands og Ítalíu, liðanna sem mætast í úrslitaleiknum. Að sögn Franz Beckenbauer var boltinn hannaður með það fyrir augum að náin svipbrigði væru á milli hans og HM-styttunnar glæsilegu.

„Úrslitaleikurinn á HM í fótbolta er einn stærsti íþróttaviðburður heims. Þess vegna er það mjög góð hugmynd að spila með sérstakan bolta, aðeins í þessum eina leik,“ sagði Beckenbauer þegar hann og Herbert Heiner, stjórnarformaður Adidas, frumsýndu boltann við hátíðlega athöfn í Berlín í vikunni.

- vig



**NÝI BOLTINN** Stærðarinnar stytta af boltanum sem notast verður við í úrslitaleiknum hefur verið komið fyrir í miðbæ Berlínar, en þar fer leikurinn fram á morgun.

HVAÐ  
ERTU  
BÚINN AÐ  
HORFA  
MIKIÐ Á  
HM?

Talsvert



Nánast  
alla leikina


Mikið

*Jon & Oskar*

ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA


Laugavegi 61 • Sími 552 4910  
www.jonogoskar.is





# Villandi framsetning - er það **kjarni málsins?**

## Gættu þess vel hvað er á bak við tölurnar í auglýsingum Morgunblaðsins



Auglýsing í Morgunblaðinu 21. júní 2006.

Morgunblaðið hefur á síðustu dögum birt auglýsingu með afar villandi skilaboðum. Þar er lagður saman **uppsafnaður lestur Morgunblaðsins og heimsóknir á mbl.is** sem eru, eins og allir vita, gjörólíkir miðlar. Þessi **framsetning er villandi** fyrir auglýsendur og í raun eins og að **bera saman epli og appelsínur**. Til að eiga möguleika á að ná til umrædds hóps þarf ekki aðeins að auglýsa hvern einasta dag í heila viku í Morgunblaðinu heldur líka að ná til hvers einasta gests sem lítur inn á mbl.is.

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið en Morgunblaðið**. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til **68,3% þjóðarinnar** sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið.\*

Það skiptir því ekki máli hvaða **reiknikúnstum** er beitt - Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið á Íslandi.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„My husband and I fell in love at first sight. Maybe I should have taken a second look.“

Svar: Úr kvikmyndinni Crimes and Misdemeanors árið 1989.

# dagskrá



## Í TÆKINU: JAKE GYLLENHAAL LEIKUR Í THE GOOD GIRL Á STÖÐ 2 KL. 2.30

### Ekki slæmt að kyssa Heath Ledger

Jake Gyllenhaal er fæddur í Los Angeles í Kaliforníu árið 1980. Hann var alinn upp í gyðingatrú en foreldrar hans eru sænskættaði leikstjórinn Stephen Gyllenhaal og framleiðandinn og handritahöfundurinn Naomi Foner Gyllenhaal.

Eftir menntaskóla lærði Jake austræna trúarbragðafræði en hætti eftir tvö ár til að geta einbeitt sér að leiklistarferlinum. Jake lék fyrst í kvikmynd ellefu ára gamall, í myndinni City Slickers. Hann lék í October Sky 19 ára og aðalhlutverkið í Donnie Darko tveimur árum síðar. Fyrir síðastnefndu myndina hlaut Jake mikið lof og tilnefningu til Independent Spirit-verðlaunanna sem besti leikarinn. Af öðrum myndum hans má nefna The Good Girl þar sem hann lék á móti Jennifer Aniston, Lovely and Amazing með Cath-




erine Keener og The Day After Tomorrow á móti Dennis Quaid. Jake hefur einnig reynt fyrir sér á sviði og hlaut verðlaun fyrir leikframmistöðu sína á sviði í West End.

Í fyrra lék Jake í Óskarsverðlaunamyndinni Brokeback Mountain. Þar leikur hann suðurfríkjamann sem fellur fyrir öðrum karlmanni, leiknum af Heath Ledger. Þegar Jake var spurður út í senurnar þar hann kyssir Heath svaraði hann: „Við leikaramir eigum ekki síður að njóta stundanna þar sem okkur líður sem óþægilegast.“ Hann sagðist einnig aldrei hafa laðast að karlmönnum en ef svo myndi gerast, myndi hann ekki hræðast það.


Systir Jakes er leikkonan Maggie Gyllenhaal en hún lék meðal annars á móti honum í Donnie Darko. Það var einmitt Maggie sem kynnti Jake fyrir leikkonunni Kirsten Dunst en þau voru par í þrjú ár.

Þrjár bestu myndir Jakes Gyllenhaal: Brokeback Mountain - 2005 Donnie Darko - 2001 October Sky - 1999




▶ 21.50  
Spenna

THE ESCAPIST




▶ 22.50  
Gaman

SPY HARD



▶ 21.50  
Spenna

KILLER INSTINCT



▶ 21.30  
Drama

THE WILDE GIRLS



▶ 10.10  
Feminismi

ÓÞEKKT

### SIJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára (9:26) 8.06 Búi 8.17 Lubbi læknir 8.30 Bitte nú! (28:40) 8.53 Sigga liggja lá 9.06 Sögurnar okkar (2:13) 9.15 Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar (4:26) 9.37 Gló magnaða (58:65) 10.00 Spæjarar 10.25 Latibær 10.50 Kastljós 11.20 Landsmót hestamanna

13.00 Mótorsport (4:10) 13.30 Afraunakeppni fatlaðra 13.50 Vestfirðavíkingurinn 2005 14.55 Fótboltaæði (5:6) 15.30 Gullmót í frjálsum íþróttum 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Hope og Faith (56:73) 18.25 Kokkar á ferð og flugi (8:8)

18.54 Lottó  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.40 Fjölskylda mín (13:13) (My Family)  
20.15 Ég heiti Davíð (I Am David) Bandarísk bíomýnd frá 2003 byggð á sögu eftir Anne Holm um 12 ára dreng sem flýr úr fangabúðum kommúnista. Meðal leikenda eru Ben Tibber, Jim Caviezel, Joan Plowright, Hristo Shopov og María Bonnevie.  
▶ 21.50 Háll sem all (The Escapist) Bresk spennamynd frá 2001 um mann sem sviðsetur lát sitt og lætur síðan taka sig fastan og stinga sér í fangelsi svo að hann geti jafnað um morðingja konu sinnar. Leikstjóri er Gillies Mackinnon og meðal leikenda eru Jonny Lee Miller, Andy Serkis, Gary Lewis og Jodhi May. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.20 Auga fyrir auga (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hafa fólki yngra en 16 ára. e) 1.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

7.00 Engie Benjy 7.10 Andy Pandý 7.15 Töfravagninn 7.40 Barney 8.05 Kærleiksbirnir 8.45 Gordon the Garden Gnome 8.55 Animaníacs 9.15 Leðurblökumaðurinn 9.35 Kalli kanína og félagar 9.40 Kalli kanína og félagar 9.50 Kalli kanína og félagar 10.00 Titeuf 10.20 Rasmus fer á flakk

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Bold and the Beautiful 13.40 Bold and the Beautiful 14.05 Idol - Stjörnuleit 15.00 Idol - Stjörnuleit 15.25 William and Mary 16.10 Monk 16.50 Örlagadagurinn 17.25 Martha 18.12 Íþróttaréttir

18.30 Fréttir, íþróttir og veður  
19.00 Íþróttir og veður  
19.05 Lottó  
19.10 My Hero (Hetjan mín)  
19.40 Óliver Beene (11:14)  
20.05 Það var lagið  
21.15 Mean Girls (Vondar stelpur) Geysivinsæl gamanmynd með stórstjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. Lohan leikur svara stelpu sem aðalskútlumar í Plastsystrafélaginu taka opnum örmum. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.  
▶ 22.50 Spy Hard (Í hæpnasta svaði) Hér er á ferðinni 220 volta hátækni, ævintýraleg, neðanbeltis gamanmynd. Aðalhlutverk: Charles Durning, Leslie Nielsen, Nicollette Sheridan. Leikstjóri: Rick Friedberg. 1996. Leyfð öllum aldurshópum.

0.10 Star Wars Episode II: The Att 2.30 The Good Girl (Bönnuð börnum) 4.00 Valerie Flake 5.25 Oliver Beene (11:14) (e) 5.50 Fréttir Stöðvar 2 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

### SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS  
19.00 Friends (8:17) (e)  
19.30 Friends (9:17) (e)  
20.00 Þrándur blogger (4:5) (e)  
20.30 Sirkus RVK (e)  
21.00 When Lineker Met Maradona (e)  
▶ 21.50 Killer Instinct (6:13) (e) (Who's Your Daddy) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Bönnuð börnum.  
22.40 Jake in Progress (7:13) (Take A Number) Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkið rennur á rassinn mætir Jake Phillipsá svæðið og reddar máluðum.

23.05 Sushi TV (4:10) (e) 23.30 Stacked (4:13) (e) 23.55 Revolution (e) (Stranglega bönnuð börnum)

### SKJÁREINN

11.30 Dr. Phil (e)

13.45 South Beach (e) 14.30 Point Pleasant (e) 15.15 One Tree Hill (e) 16.10 Rock Star: Supernova (e)

19.00 Beverly Hills 90210  
19.45 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.  
20.30 Kelsey Grammer Sketch Show Bráðföndin sketsaþáttur þar sem Kelsey Grammer fer á kostum.  
21.00 Run of the House Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum. Það mætti halda að þetta væri draumastaða fimmán ára unglingsstelpu, en svo er þó ekki.  
▶ 21.30 Wilde Girls Dramatísk spennamynd um unga konu sem reynir að fá sig lausa úr fangelsi. Í aðalhlutverkum eru Jenna Elfman og Sam Robards.

23.00 The Bachelorette III (e) 23.50 Law & Order: Criminal Intent (e) 0.40 Wanted (e) 1.30 Beverly Hills 90210 (e) 2.15 Melrose Place (e) 3.00 Tvöfaldur Jay Leno (e)

### NFS

10.00 Fréttir  
▶ 10.10 Óþekkt 11.00 Fréttavikan

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Skaftahlíð 13.00 Dæmalaus veröld 13.10 Óþekkt 14.00 Fréttir 14.10 Fréttavikan 15.10 Skaftahlíð 15.45 Hádegisviðtalið 16.00 Fréttir 16.10 Vikuskammturinn 17.10 Óþekkt 18.00 Veðurféttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir  
19.10 Fréttavikan  
20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhanness Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru Þulir NFS; Sigmundur Ermir Rúnarsson Logi Bergmann Eiddsson, Edda Andrésdóttir o.fl.  
21.00 Skaftahlíð Maður vinkunnar. Víotal í umsjá fréttastofu NFS.  
21.35 Vikuskammturinn Samantekt með áhugaverasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.  
22.30 Kvöldfréttir

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.30 Pennsylvania Miner's Story (e) 8.00 Dirty Dancing: Havana Nights 10.00 Owing Mahowny 12.00 Raising Helen 14.00 Pennsylvania Miner's Story (e) 16.00 Dirty Dancing: Havana Nights 18.00 Owing Mahowny 20.00 Raising Helen (Vístaskipti Helenu) Helen, ung einhleyp framakona, lendir í þeirri erfiðu aðstöðu að þurfa að taka að sér þrjú frændsystkini. Aðalhlutverk: Joan Cusack, John Corbett, Kate Hudson, Hayden Panettiere. Leikstjóri: Garry Marshall. 2004. Leyfð öll-

um aldurshópum. 22.00 Spartan (Spartarverjinn) Fantafinn spennutryllir með Val Kilmer sem fengið hefur afburðargóða dóma. Dóttur hátt setts embættismanns er rænt og leyniþjónustumaðurinn Scott er fenginn til að hafa upp á henni. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Derek Luke, Tia Texada. Leikstjóri: David Mamet. 2004. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Who is Cletis Tout? (Bönnuð börnum) 2.00 Ticker (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Spartan (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 THS Colin Farrell 15.00 Girls of the Playboy Mansion 15.30 Girls of the Playboy Mansion 16.00 Girls of the Playboy Mansion 16.30 Girls of the Playboy Mansion 17.00 Girls of the Playboy Mansion 17.30 Girls of the Playboy Mansion 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 21.00 Sexiest 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 2.00 Wild On Tara

### AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

I am David

Sjónvarpið kl. 20.15

## Úr fangabúðum í frjálsan heim

Ég heiti Davíð er bandarísk bíómynd frá 2003 byggð á sögu eftir Anne Holm. Hún segir frá 12 ára dreng, Davíð, sem flýr úr fangabúðum kommúnista og hefur ekki annað meðferðis en áttavita, innsglað bréf, brauðhleif og fyriræli um að fara með bréfið til Kaupmannahafnar. Davíð leggur upp í langa ferð um Evrópu og eru það hans fyrstu kynni af hinum frjálsa heimi. Smám saman dregur úr vantrausti hans á mannfólkinu og hann lærir að brosa, treysta öðrum og á endanum að elska. Leikstjóri er Paul Feig og meðal leikenda eru Ben Tibber, Jim Caviezel, Joan Plowright, Hristo Shopov og Maria Bonnevie. Myndin hefur hlotið tíu verðlaun, meðal annars sem besta myndin og fyrir bestu leikarana.



## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS



Heimir Karlsson

Leikur um 3. sætið

## ■ Sýn kl. 19 Þýskaland - Portúgal

3-2

Þjóðverjar vinna 3-2. Menn slaka aðeins á núna. Leikurinn um þriðja sætið er ekki tekinn eins alvarlega og fyrri leikir. Smá kæruleysi í varnarleik beggja liða og þar af leiðandi opnari leikur. Portúgalarnir hætta leikaraskap, standa frekar í fæturna inni í teig núna og skora því tvö mörk. Það verður gaman að sjá hvort Ronaldo reyni, eftir ömurlegan leikaraskap gegn Frökkum, að fiska aukaspurnur og víti. Ef svo fer, þá verður hann endanlega búinn að stimpla sig sem óvinsælasta leikmann HM 2006. Það kemur ekkert til greina hjá Þjóðverjum annað en sigur. Neuville, Ballack og Podolski með mörkin og Þjóðverjar hampa bronsinu.

▶ 13.25  
Ítalía

SAGA HM

SÝN  
Besta sætið

10.30 Gillette Sportpakinn 11.00 US PGA í nærmynd 11.30 Kraftasport

12.00 Saga HM  
▶ 13.25 Saga HM 15.05 HM myndasafnið  
16.55 HM frá A-Ö

18.30 HM stúdíó Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.

18.50 HM 2006 (Þýskaland-Portúgal) Bein útsending frá leiknum um bronsverðlaunin á HM 2006. Það lið sem búið er að jafna sig eftir vonbrigðin í undanúrslitunum fer með sigur af hólmi og tryggir sér bronsið í sárabætur.

21.00 4 4 2 HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

0.30 HM 2006 (Þýskaland-Portúgal)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Á vellinum með Ásgeiri og Kalla 10.05 Veðurfregin 10.15 Landbúnaður á krossgötum 11.00 Vikulok-in 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45

Veðurfregin 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Teygjan 14.40 Sjó dagar sælir 15.30 Með laugardagskaffinu 16.10 Sakamálaheitið 17.20 Lokkandi ljóð og lítil lína 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Þarísardraumar 19.00 Kríngum kvöldið 19.30 Stefnu-mót 20.15 Á sælueyjum 21.05 Djassgallerí New York 21.55 Orð kvöldins 22.15 Uppá teningnum 23.10 Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

16.08 Geymt en ekki gleymt 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

## BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gullí Helga

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ivar Halldórsson

## AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit  
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni  
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristlegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóðurBylting fyrir þá sem  
dveljast langdvölum  
erlendis...Nú getur þú fengið íslenskt símanúmer  
til að nota í útlöndum...

...og getur hringt heim til Íslands fyrir 0 kr. - símtalið

0 kr. í alla fastlínusíma á Íslandi  
0 kr. innan kerfis  
0 kr. í smartsíma erlendis  
14,90 kr. í GSM, sama verð í alla  
70%-90% ódýrara til útlönd – alltaf

## Pantaðu áskrift!

Það eina sem þú þarft að gera er að hringja í síma 582 2000 og panta þjónustuna eða fá nánari upplýsingar á [www.smartsimi.is](http://www.smartsimi.is)

Mánaðargjald aðeins  
**kr. 1.350,-**

Atlassími býður nú Íslendingum búsettum erlendis **Smartsíma** til notkunar erlendis. Smartsími samanstendur af **Smartboxi**, sem tengist bæði í síma og í internet router, og **Smartnúmeri**, sem er íslenskt símanúmer. Smartsímamann er hægt að nota um allan heim svo lengi sem áskrifendur hafa aðgang að interneti (ADSL eða hraðara).

Áskrifendur Smartsíma fá ótakmarkaðar mínútur í íslenska fastlínusíma fyrir einungis 1.350 kr./mán, og þar sem Smartnúmerið er íslenskt þurfa vinir og vandamenn einungis að borga innanlands mínútuverð þegar þeir hringja í númerið.

Smartsími er því tilvalin og ódýr lausn fyrir Íslendinga búsetta erlendis sem vilja vera í nánu sambandi við ástvini sína heima á Íslandi.

# smartsími.is

Atlassími · Ármúla 19 · 108 Reykjavík · Sími 582 2000

Með smartsíma eru allir vinir!







# SKAFMIÐALEIKUR HAGKAUPA OG COCA-COLA

DÚ KAUPIR 4-PAKKA AF COKE EÐA COKE LIGHT Í HAGKAUPUM FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS  
OG FÆRD Í KAUPBÆTI 2 GLÆSILEG HM GLÖS AUK SKAFMIDA.  
SPENNANDI VINNINGAR Á HVERJUM MIDA.



**Coca-Cola**  
Upplifum stemninguna



OFFICIAL PARTNER  
2006 FIFA  
WORLD  
CUP





## BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR  
STEINGRÍMSSONAR

### Öfugsnúið

Ég hef haft það á tilfinningunni um nokkurt skeið að hér uppi á skerinu sé ansi margt orðið öfugsnúið ef maður pælir í því. Mér finnst jafnvel stundum, þegar þessi tilfinning slær mig af hvað mestu afli, að einhverjir aðilar stundi það hreint og beint markvisst að gera alla hluti öfugsnúna svo að sem flestir hætti á endanum að skilja nokkurn skapaðan hlut í nokkru. Það er eins og einhverjir fái hreinlega borgað fyrir að snúa sem flestum málum á hvolf. Hver launin eru í svoleiðis, veit ég ekki, en það er örugglega nokkuð þægileg innvinna. Hugsanlega á vegum hins opinbera.

**DÆMIN** blasa við. Endalaust er manni sagt að hér á landi ríki efnahagslegur stöðugleiki, svokallaður, og að fjárhagsstjórnin sé ofsalega góð og hafi verið í tryggum höndum. En svo berast fréttir af því að verðbólgan stefni í 11% og Seðlabankinn er kominn með stýrivexti upp í hæstu hæðir. Einhvern veginn ná þessar vísbendingar um að hér á landi ríki einmitt ekki stöðugleiki aldrei að skekkja þessa mynd um farsæla hagstjórn. Sem sagt: Þótt skipið færi endanlega á hvolf yrði því örugglega haldið fram að það væri samt stöðugt.

**HELDUR** er það ekki til að einfalda málið fyrir venjulegum kjósendum að því skuli nú haldið fram um þessar mundir að hér hafi ekki ríkt nein stóriðjustefna síðan 2003. Þeir sem muna eftir brosandi fyrrverandi iðnaðarráðherra fyrir nokkrum mánuðum á fundi með Alcoa og fagnaðarlátum á Húsavík í kjölfarið út af hugsanlegu álveri, hljóta að klóra sér í kollinum og spyrja hvort þau læti öll sömul hafi verið nokkuð annað en hrein og klár stóriðjustefna. Allt í einu er stóriðjustefna ekki lengur stóriðjustefna. Við höfum verið svipt hugtaki og stöndum eftir í leikhúsi fáránleikans.

**OG ÚR** allt annarri átt trommar núna fáránleikaherinn fram á sjónarsviðið og segir að til þess að tryggja öryggi landsins þurfi að setja á stofn 25 manna leyniþjónustu hið allra fyrsta. Sami leikhópur lagði niður Rannsóknarlögreglu ríkisins ef ég man rétt, hefur haldið Landhelgisgæslunni í fjársveldi um árabíl, skeytir varla hætishót um eflingu almennrar löggæslu, tollgæslu og umferðarlöggju, var stefnulaus þegar varnarliðið fór, lætur sér fátt um finnast, virðist vera, þótt ofbeldis- og nauðgunarmál fyrnist í réttarkerfinu og lagði talsvert á sig í ofanálæg við að skrúfa fyrir fjárframlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands á sínum tíma, eins og hennar væri ekki einmitt þörf af fullum krafti nú þegar stefnan er sett á persónunjósnir og hleranir á vegum hins opinbera.

**OG HVAÐ** er sagt ef maður er á móti þessum áformum? Jú, þá er maður á móti öryggi. Það að sáralitlar líkur séu á hryðjuverkum á Íslandi samkvæmt áhættumati, er svo skyndilega orðið röksemd fyrir því að sporna verði samt sérstaklega við hryðjuverkum. Og þannig gengur umræðan, hring eftir hring. Öfugsnúin eins og í draumi þar sem allir tala afturábak.

# ÚTSALA

## 6. júlí - 30. júlí



© Inter IKEA Systems B.V. 2006

Rýmum fyrir nýjum vörum.  
Yfir 1000 vörur á útsölu.

